# FRÉTTABLAÐIÐ

262. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 5. NÓVEMBER 2016




# Ég syng áfram um lífið, vitandi að harmurinn er til

Ljóðskáldið Sigurður Pálsson stendur frammi fyrir dauðleika sínum en sendi nýverið frá sér sína sextándu ljóðabók og þýðingar á prósaljóðum Arthur Rimbaud.

→22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Heimurinn skuldaði mér →32



Leggur tilfinningu í laxinn →44



Brexit í uppnámi →10

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


OPIÐ TIL 18 LAU & SUN

AFMÆLISHÁTÍÐ ALLA HELGINA

SJÁÐU MEIRA BLS. 13-17

SMÁRALIND 15





DEBENHAMS

SPRENGIDAGAR

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FATNAÐI, FYLGIHLUTUM & GJAFAVÖRUM

DEBENHAMS SMÁRALIND

## Veður




Hægur vindur og bjart veður, en skýjað og lítils háttar úrkoma á köflum suðvestan- og vestanlands. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig við ströndina, annars vægt frost.

**SJÁ SÍÐU 60**

# Þreyttur úr pólitíkinni í rokkið



Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, kom fram á Iceland Airwaves á fimmtudag með hljómsveit sinni, Dr. Spock. Óttarr er nýkominn úr strangri kosningabaráttu og gegnir nú lykilhlutverki í stjórnarmyndunarviðræðum. „Maður fann það á sér að maður var orðinn dálítið þreyttur eftir þessi átök þannig að maður þurfti kannski að hafa aðeins meira fyrir rokkinu,“ segir Óttarr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Sparisjóðsstjóri sýknaður í gær

**DÓMSMÁL** Geirmundur Kristinsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, var í gær sýknaður af ákæru um umboðssvik í Héraðsdómi Reykjaness. Geirmundur var sakaður um að hafa misnotað aðstöðu sína og stefnt fé SpKef í hættu með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga með því að lána Duggi ehf. hundrað milljónir króna í formi yfirdráttar.

Geirmundur er hins vegar „alfarið sýknaður af sakargiftum samkvæmt ákæru“, segir í dómnum. Ekki var talin ástæða til að ætla að fjártjónshætta hefði verið af lánveitingunni. – **þea**



Geirmundur Kristinsson

## Fjögur komin í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Þrír karlar og ein kona hafa verið úrskurðuð í vikulangt gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjaness. Var það gert á grundvelli rannsóknarhagsmuna en fólkið var handtekið í tengslum við rannsókn lögreglu á eldsvoða í húðflúrstofunni Immortal Art í Hafnarfirði.

Eldurinn kviknaði um mánaðamótin en svo virðist sem hann hafi kviknað út frá flugeldi sem hent var inn í húsið. Miklar skemmdir urðu á húsnæðinu.

Alls hafa sjö húsleitir verið gerðar og fimm handteknir, allir grunaðir um aðild að málinu. Sá fimmti er laus úr haldi lögreglu en eins og áður segir hafa fjögur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald.

Rannsókn hefur leitt í ljós að tveir menn komu saman að Immortal Art á torfærumótorhjóli, brutu rúðu og hentu flugeldinum inn áður en þeir óku á brott. – **þea**

## Vilja „aftengja tímasprengju“

**KJARAMÁL** Píratar taka undir kröfu launþega og atvinnurekenda um að Alþingi „aftengi tímasprengju“ sem kjararáð hafi kastað með hækkun launa þingmanna og ráðherra.

„Þetta er sprengja og á meðan hún er þarna inni þá tifar hún. Það eru að verða lausir samningar hjá ýmsum stéttum, kennurum og sjómönnum og svo eru allir samningar lausir í vor,“ segir Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata.

Rammalöggjöf sem unnið sé að með SALEK sé líka í uppnámi. „Um að færa okkur í norræna módelið, vera með langtíma stöðugar og hagkvæmar hækkanir á launum.“ – **sg**



Jón Þór Ólafsson




# Kjararáð kyndir undir gremju meðal kennara

**Grunnskólakennarar ræddu í vikunni að leggja niður störf. Úrskurður kjararáðs um laun þingmanna ýfir upp óánægju með kjörin. Hafa tvisvar fellt kjarasamninga. Launin eru það sem helst steytir á en einnig vinnutími og vinnuumhverfi.**

**KJARAMÁL** Kennarar í grunnskólum víða á höfuðborgarsvæðinu hafa í vikunni rætt um að leggja niður störf. Kennarar eru samningslausir en tvisvar hefur samningi Félags grunnskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga verið felldur í atkvæðagreiðslu.

Óánægja kennara með kjör sín hefur magnast verulega í liðinni viku. Þeir grunnskólakennarar sem Fréttablaðið hefur talað við eru sammála um það að úrskurður kjararáðs, um 44 prósenta hækkun launa alþingismanna, hafi ýft upp óánægjuna.

„Það myndi ég segja. Hann kveikir í þessu báli sem er núna,“ segir Ágúst Tómasson, trúnaðarmaður kennara í Vogaskóla.

Ágúst tekur samt fram að þrátt fyrir að úrskurðinum yrði breytt þá myndi það ekki breyta afstöðu kennara. „Laun kennara eru of lág og við viljum hækka þau,“ segir hann.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir að félagið hafi hitt samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga þrisvar í vikunni. Hann vonast til þess að geta kynnt niðurstöður þessara samtala fyrir félagsmönnum sínum fljótlega.

„Viðræðurnar hafa þokast áfram. Við erum með tvö mál sem hafa verið erfið,“ segir Ólafur. Það sé einkum launaliðurinn og svo hlutir sem snúa að vinnutíma og vinnuumhverfi.

„Það hefur þokast í þessum málum og verið gott samtal í gangi,“ segir Ólafur en tekur jafnframt fram að það sé sterk krafa á meðal kennara um að þessu samtali verði að fara að ljúka.

Kennarar úr nokkrum grunnskólum hafa að undanförnu sent frá sér yfirlýsingar þar sem lýst er mikilli



Ef ekki fæst niðurstaða í kjaradeilu kennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga er hætt við því að starf grunnskólanna raskist á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þá er ég ansi hræddur um að lokið fjúki af pottinum og það sjóði upp úr.

Ágúst Tómasson, trúnaðarmaður kennara við Vogaskóla



> Það hefur þokast í þessum málum og verið gott samtal í gangi.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara



óánægju með stöðu mála. „Kennarar í Vogaskóla lýsa fullri ábyrgð á hendur skólayfirvöldum í Reykjavík ef ekki tekst að halda úti eðlilegu skólahaldi í borginni á næstu dögum,“ segir í yfirlýsingu frá kennurum í Vogaskóla.

„Ég er í sjálfu sér að vísa í það að umræður eru í kennarahópnum hér og annars staðar um að þörf sé viðbragða kennara við samningsleysinu. Án þess að tiltaka eitthvað sérstakt eru kennarar að velta fyrir sér hvað við getum gert,“ segir Ágúst Tómasson.

Að sögn Ágústs er ekki hægt að bjóða kennurum upp á lagfæringar á kjarasamningi sem búið sé að fella tvisvar. Bæði gagnvart sveitarfélögunum og okkar eigin stjórn og samninganefnd,“ segir Ágúst.

**jonhakon@frettabladid.is**



blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Skoðaðu öll tilboðin
í Húsasmiðjublaðinu
á www.husa.is
SÚPER
JÓLATILBOÐ
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Samtengjanlegar
LED útiseríur 50 ljósa
Margir litir
FROST
2.990kr
3.990kr
LED útiseríur 50 ljósa
Samtengjanlegar LED.
14500290-293
25%
afsláttur
Okkar stærsta
seríudeild frá
upphafi
er í Skútuvogi
ALLIR
FÁ ÍS
Á LAUGARDAG
Í SKÚTUVOGI
KL. 12-16
20%
afsláttur
Jólatilboð
1.590kr
1.990kr
Frostrós í glugga
Hvít, rauð eða marglit.
2703001/39-40
Frost - gæðaseríur
á betra verði
Hentar bæði úti og inni
Þolir vel íslenskt veðurfar
FROST
Jólatilboð
40 LED
1.990kr
Frost LED 40 ljósa.
14500340-342
Jólatilboð
1.490kr
1.990kr
Jólastjarna
Stór og flott.
Jólalandið hefur glatt börn og fullorðna í áratugi.
Jólalandið
í Skútuvogi
Dagskrá í dag:
Kettir
í gæludýradeildinni
Í DAG FRÁ KL. 13-16 kemur sérfræðingur í kattahaldi ásamt verðlaunakettinum Mána.
KYNNING verður á kattaleikföngum og hversu mikilvæg notkun þeirra er fyrir ketti.
20%
afsláttur
af ÖLLU fyrir köttinn
Kattafóður, leikföng, nammi, ólar, búr, klósett ofl.
Málning
á tilboði
3 ltr
JOTUN
LADY
30%
afsláttur
Jólatilboð
6.297kr
8.995kr
Lady Pure Color 3 ltr.
Mött veggmálning.
7122045-48
TRUENORTH
Jólatilboð
Barna úlpa
Barnaúlpa,
stærð 92-122,
grá, bleik eða blá.
25%
afsláttur
20-25%
afsláttur
af ÖLLUM TRUENORTH útivistarvörum
6.742kr
8.990kr
BLACK&DECKER
30%
afsláttur
Jólatilboð
6.995kr
9.995kr
Borvél
Höggborvél, 500W, 13 mm, málmpatróna.
5245599
Byggjum á betra verði
www.husa.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 30.10.2016 – 05.11.2016

**19.090**
hamborgara seldi Hamborgarafabrikkan á síðasta ári.

**13.000**
af þeim 85.000 sem leita á bráðamóttöku LSH í Fossvogi gætu eins fengið úrlausn sinna mála hjá heilsugæslunni.

**66**
milljarða hið minnsta þarf Landspítalinn til viðbótar á næstu fimm árum til að geta uppfyllt lögbundið hlutverk sitt.

**9**
kvikmyndir hafa verið gerðar á Íslandi að meðaltali á síðustu sex árum.

**230**
milljarða vantar til að mæta litlili fjárfestingu síðustu ára í innviðum, er mat Gamma.

**5.944**
kjósendur breyttu framboðslista með útstrikun í nýliðnum alþingiskosningum.

**30**
konur voru kjörnar til setu á Alþingi – þær hafa aldrei verið fleiri.

**9.000**
sinnum þarf að flytja sjúklinga, veika og slasaða, á milli starfsstöðva Landspítalans.

## Þrír í fréttum
## Kauphækkun, flutningar og fylgi



**Guðni Th. Jóhannesson**
*forseti Íslands*
sagðist ekki hafa beðið um umdeilda launahækkun sem kjararáð ákvað handa æðstu ráðamönnum þjóðarinnar. Hann kvaðst heldur ekki þurfa hækkunina. Forsetinn sagðist eiga von á að Alþingi myndi vinda ofan af þessum hækkunum. Þangað til myndi hann láta kauphækkunina renna annað.



**Ólafur Baldursson**
*framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum*
staðfesti að daglega þyrfti að flytja 25 sjúklinga að meðaltali milli Landspítalans í Fossvogi og Hringbrautar. Það eru um 9.000 skipti árlega. Ólafur sagði að það væri ekki nokkur spurning að allt of mörg dæmi væru um að öryggi sjúklinga hefði verið ógnað á þessari flutningsleið.



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
*fv. formaður Framsóknarflokksins*
fullyrti að Framsóknarflokknum myndi hafa gengið betur í kosningunum undir hans stjórn. Að sögn Sigmundar var hann búinn að leggja drög að því hvernig hefði verið hægt með öflugri kosningabaráttu að auka fylgið um kannski fjögur prósentustig og svo kannski tvö í viðbót í kosningunum sjálfum. „Við hefðum þá getað gert ráð fyrir 18 til 19 prósent fylgi,“ sagði Sigmundur.

# Lögregla sögð hunsa Fellahverfi

**Erlendur verslunareigandi í Fellahverfi segir lögregluna sinna símtölum þaðan illa. Íbúar telja að þótt unnið sé öflugt starf vegna félagslegra vandamála sem hafa einkennt hverfið lengi þurfi meira fé og betri úrræði.**

**SAMFÉLAG** „Við hringum í lögregluna og hún kemur ekki. Ég hef stundum hringt allt að sjö sinnum og ef þeir koma er það eftir þrjár klukkustundir. Það er erfitt að reka verslun undir þessum kringumstæðum.“

Þetta segir erlendur verslunareigandi í Fellahverfi í Breiðholtinu.

Verslunareigandinn, sem vill ekki koma fram undir nafni, segir að nálægt sér sé vinsæll staður til að taka og selja fíkniefni en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að gera lögreglunni viðvart um vandamálið haldi það áfram. Hann sé farinn að halda að það sé vegna þess að hann sé útlendingur.

„Ef Íslendingar hringja held ég að löggan komi frekar,“ segir verslunareigandinn.

Ný skýrsla Rauða krossins um hagi lakast settu íbúa Reykjavíkurborgar hefur verið í brennidepli nýlega, en í henni er svört mynd dregin upp af Efra-Breiðholti. Hverfið er sagt láglaunasvæði með mikla fátækt, mörg þjóðarbrot og mikil félagsleg vandamál. Þá búi margar ómenntaðar, ungar, fátækar mæður í hverfinu en sístur sé hagur erlends fólks í láglaunastörfum.

Íbúar og starfandi fólk í Fellahverfi sem Fréttablaðið ræddi við í gær segir góða hluti vera gerða til að bæta úr félagslegu vandamálunum sem hafa einkennt hverfið í áratugi. Þörf sé þó á að gera meira.

Helen Halldórsdóttir, sem starfar hjá Gamla kaffihúsinu, segir að margir innflytjendur hafi nánast engan stuðning.

„Þeim er kastað hér út og það er ekki stuðningsnet í kringum þetta fólk. Það verður til þess að fólk hópar sig saman eftir þjóðernum. Það þarf að veita miklu meiri þjónustu og eftirfylgni fyrir þennan hóp.“

Helen tekur undir orð verslunareigandans um afskiptaleysi lögreglunnar gagnvart hverfinu. „Lögreglan er ekki mjög upprifin yfir að koma hingað, þeir vita að þessi gengi grassera hérna, en það er ekkert eftirlit.“

Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri í Holti, segir vandann fjölþættan en segist ekki sammála því að allt sé í volæði í Fellahverfinu.

„Það er margt gott starf að eiga sér stað og búið að eiga sér stað hérna.“ Hún segir þó hverfið vera þungt og vera búið að vera það lengi. „Aðalvandamálið hjá okkur að mínu mati er að okkur vantar meira fagmenntað fólk. Við þurfum að vera með sem mest af fagmenntuðu fólki vegna þess að hér er staðan svo flókin. Það er mikið álag í skólanum hérna. Það er ekki hægt að bera saman leikskólann Holt við leikskóla í Vesturbænum þar sem er eitt barn af erlendum uppruna,“ segir Halldóra.

Að mati Halldóru einkennir meiri fátækt ekki hverfið en áður en bæta þurfi félagsþjónustuna þar.

„Það þarf fleiri starfsmenn í Þjónustumiðstöð Breiðholts til að sinna því sem þarf að sinna, en það eru alltaf þessir peningar sem eru að þvælast fyrir öllu,“ segir Halldóra.

**saeunn@frettabladid.is**




**Afskiptaleysi lögreglunnar veldur viðmælendum Fréttablaðsins áhyggjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það þarf fleiri starfsmenn í Þjónustumiðstöð Breiðholts til að sinna því sem þarf að sinna.**



Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri í Holti





„Algjörlega frábær bók ... Ofsalega fallegt.“
Eiríkur Guðmundsson / Kiljan

„Meistaraverk.“
Egill Helgason / Kiljan



„Örugglega áhrifamesta verk sem að Sigurður hefur sent frá sér á sínum ferli ... Hann gerir þetta af mikilli reisn, mikilli fágun.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# VERTU VELKOMINN, VETUR




## VETRARSÝNING LEXUS Í KAUPTÚNI LAUGARDAGINN 5. NÓVEMBER KL. 12–16

Lexus tekur fagnandi á móti vetri konungi með veglegri vetrarsýningu þar sem lúxussportjepparnir RX og NX verða í hásætinu. Lúxus er óháður veðri og vindum því að við bjóðum vetrarpakka með RX og NX. Auk þess fylgir öllum bílum frá Lexus leiðsögukerfi með Íslandskorti. Þú kvíðir ekki vetrinum á Lexus.

Líttu inn í lúxusinn og þiggðu rjúkandi gæðakaffi og léttar veitingar. Við tökum höfðinglega á móti þér.

**SVELLKALDUR VETRARPAKKI FYLGIR MEÐ NX OG RX**

**lexus.is**

Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400

SÝNING | LEXUS



# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI

www.bilaland.is

NÝ HEIMASÍÐA – STÆRRI BÍLAMYNDIR


Rnr. 370167
LAND ROVER Discovery 4 S.
Nýskr. 07/12, ekinn 118 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 7.290 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 320677
BMW X1 Xdrive18d.
Nýskr. 06/15, ekinn 42 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 4.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 370272
RENAULT Clio Sport Tourer.
Nýskr. 06/15, ekinn 69 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 2.290 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 121124
NISSAN Qashqai Tekna.
Nýskr. 05/16, ekinn 4 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 4.690 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1


Rnr. 370271
HONDA CRV Executive.
Nýskr. 11/14, ekinn 25 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 5.690 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 121123
HYUNDAI I30 Wagon.
Nýskr. 04/15, ekinn 30 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ 2.590 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM78210




## Aftur til Afganistans



Sharbat Gula varð heimsþekkt 1984 af ljósmynd á forsíðu tímaritsins National Geographic þar sem hún horfði stingandi augnaráði beint í myndavélina. Þá var Gula nýflúin til Pakistans undan stríði við Sovétmenn í Afganistan. Í gær ákvað dómstóll í Pakistan að senda hana aftur til Afganistans. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Benedikt segir Bjarna stýra dagskránni í bili

**Bjarni Benediktsson fundaði með þingflokki sínum í gær. Hlé verður á viðræðum um helgina á meðan Bjarni hugsar um framhaldið. Hvorki Óttarr Proppé né Benedikt Jóhannesson funduðu með Bjarna í gær og eru ekki boðaðir á fund.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks og handhafi stjórnarmyndunarumboðs, mun leggjast undir feld um helgina og fara yfir stöðu mála í stjórnarmyndunarviðræðum áður en hann ákveður framhaldið.

Bjarni fundaði með þingflokki sínum í Valhöll í gær og fór yfir stöðuna. Í samtali við fréttastofu á leið sinni inn á fundinn sagði Bjarni að ekkert væri útilokað þegar kæmi að stjórnarmyndun. Þá sagði hann ríkisstjórn með Viðreisn og Bjartri framtíð ekkert líklegri kost en aðra.

„Það liggur fyrir að það væri mjög naumur meirihluti. Ég hef rætt það og bent á það, nefnt í samtölum við formenn þeirra flokka.“

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, segir að hann hafi ekki fundað með Bjarna í gær. Þó hafi þeir talað tvisvar saman í síma. Lítið hafi gerst í stjórnarmyndunarviðræðum og Bjarni hyggist taka sér helgina til þess að hugsa um framhaldið.

„Bjarni stjórnar dagskránni í bili. Eigum við ekki að sjá bara hvað hann segir? Hann hefur ekki boðað mig á fund,“ segir Benedikt.

„Það hefur eitthvað lítið verið talað saman í dag, ef nokkuð. Það hefur ekkert verið skipulagt meira en það sem við sögðum í gær [á fimmtudag] og Bjarni sagði eftir fundina með formönnum flokkanna,“ segir Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar.



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ritari flokksins, skælbrosandi á fundi í Valhöll. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Eigum við ekki að sjá bara hvað hann segir? Hann hefur ekki boðað mig á fund.
>
> Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar



Fréttablaðið greindi frá því í gær að sú hugmynd hefði verið rædd á fundi Benedikts og Óttars með Katrínu Jakobsdóttur, formanni Vinstri grænna, á miðvikudag að Benedikt myndi leiða ríkisstjórn þeirra flokka auk Sjálfstæðisflokks. Í samtali við fréttastofu í gær sögðu Óttarr og Benedikt báðir að það hefði ekki borið á góma.

Bjarni sagði hins vegar í gær að þótt töluvert bæri á milli í pólitískri hugmyndafræði Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna væri hann ekki búinn að loka fyrir þann möguleika.

thorgnyr@frettabladid.is



ALLAR HÁÞRÝSTIDÆLUR
-30%
KÄRCHER
BOSCH
JÓLIN ERU KOMIN Í BYKO
ALLAR BAÐINNRÉTTINGAR
-25%
ALLUR GRÆNN BOSCH
-20%
ÖLL MÁLNING
-20%
málning
KÓPAL
GJØCO
GJØCO PROFF VEGG
ALLIR POTTAR, ALLAR PÖNNUR OG ÖLL BÖKUNARFORM
-25%
ROASTER · ROTISSOIRE
ALLAR FLÍSAR OG PARKET
-20-40%
ÖLL HANDVERKFÆRI
-20%
ALLIR STIGAR OG ALLAR TRÖPPUR
-20%
byko.is
GILDIR TIL 14.NÓVEMBER
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
BYKO
SKREYTUM SAMAN



**Við Jökulsárlón.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tóku boði í Fell við Jökulsárlón

**STJÓRNSÝSLA** Sýslumaðurinn á Suðurlandi hefur tekið 1.520 milljóna króna tilboði Fögrusala ehf. í jörðina Fell við Jökulsárlón. Þrjú tilboð lágu fyrir í eignina en Fögrusalir buðu hæst.

Að sögn Ólafs Björnssonar lögmanns, sem aðstoðaði sýslumann við öflun tilboða, var uppboðið haldið þar sem jörðin er í óskiptri sameign yfir fjörutíu aðila. Einhverjir aðilanna vildu hins vegar slíta sameigninni. Þar sem engar sáttir náðust innbyrðis í hópnum um slík slit var efnt til uppboðs til slita á sameign.

„Til grundvallar lá matsgerð um að eignin væri óskiptanleg en það er skilyrði fyrir uppboðinu,“ segir Ólafur og bætir við: „Sumir aðilar hafa verið ósammála því og hafa áskilið sér rétt til að bera uppboðið undir dóm að því loknu. Þeir telja uppboðið ólögmætt vegna þess að það sé hægt að skipta jörðinni.“

Málið segir Ólafur nú þannig statt að ríkið þurfi að taka ákvörðun fyrir hádegi 11. nóvember um hvort það ætli að nýta forkaupsrétt. Þá geti landeigendur einnig afturkallað uppboðið. – **þea**

# Milljarðatjón hefur lítil áhrif

Nýtt áhættumat um jarðskjálftahættu á Íslandi er komið út. Þar segir að líkurnar séu um 1 á móti 400 að á hverju ári gæti orðið tjón upp á yfir 45 milljarða króna. Viðlagatrygging Íslands sögð standa traustum fótum.

**SAMFÉLAG** Viðlagatrygging Íslands hefur í samvinnu við Aon Benfield og innlenda sérfræðinga unnið nýtt áhættumat fyrir jarðskjálfta, sem byggir meðal annars á mældum og sögulegum jarðskjálftum allt aftur til ársins 1700.

Aon Benfield er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði endurtrygginga og annast umboðsmál Viðlagatryggingar Íslands gagnvart erlendum endurtryggjendum.

Miðað við þá endurtryggingavernd sem er í gildi árið 2016 er Viðlagatrygging Íslands vel í stakk búin til að takast á við mjög stóra tjónsatburði án þess að það hafi umtalsverð áhrif á gjaldþol stofnunarinnar.

Jón Örvar Bjarnason, sérfræðingur í áhættumati hjá Viðlagatryggingu, segir að áhættumatið sé mjög umfangsmikið þó að tilgangur þess sé ekki að spá fyrir um hvenær næsti stóri skjálfti mun eiga sér stað.

„Í kjölfar skjálftans á Suðurlandi árið 2008 reyndi í fyrsta skipti á endurtryggingar. Í framhaldi af því vöknuðu margar spurningar varðandi jarðskjálfta, meðal annars frá þeim sem voru að endurtryggja áhættuna okkar og í kjölfarið var óumflýjanlegt að fara í meiri rannsóknir. Þá hófst þetta samstarf og núna erum við að uppfæra það samkvæmt okkar bestu þekkingu og upplýsingum.“

Ein af niðurstöðum úr áhættulíkaninu er sú að líkurnar séu um það bil 1 á móti 400 að á hverju ári gæti átt sér stað tjón upp á 45 milljarða eða meira.

Í slíkum atburði er Viðlagatrygging með endurtryggingavernd fyrir 30 milljörðum umfram 10 milljarða eigin áhættu, sem myndi greiðast úr eigin fé Viðlagatryggingar sem nú er um 31,2 milljarðar króna.

„Endurtryggjendur hafa fram að þessu haft langmestan áhuga á rannsóknum okkar á jarðskjálftum en fram undan er að fara nánar út í aðra áhættu eins og til dæmis eldgos. Það er á teikniborðinu að fara í svipað rannsóknaverkefni á eldgosum, setja það í sambærilegan farveg og jarðskjálftana til að geta áttað okkur betur á, hverju við megum eiga von á,“ segir Jón Örvar Bjarnason.

**benediktboas@frettabladid.is**

**Hámarksskjálftar sem svæði geta framkallað**



Richterskali: 7 - 7,3 | 6,5 - 7 | 6 - 6,5 | 5,5 - 6 | 5 - 5,5

**Heimild:** Viðlagatrygging Íslands

> **Í kjölfar skjálftans á Suðurlandi árið 2008 reyndi í fyrsta skipti á endurtryggingar. Í framhaldi af því vöknuðu margar spurningar varðandi jarðskjálfta, meðal annars frá þeim sem voru að endurtryggja áhættuna okkar og í kjölfarið var óumflýjanlegt að fara í meiri rannsóknir.**



Jón Örvar Bjarnason, sérfræðingur í áhættumati hjá Viðlagatryggingu





Elly Vilhjálms, Raggi Bjarna, Maggi Kjartans, Ómar Ragnarsson og Helena Eyjólfs hafa öll stigið á svið í Súlnasal, ásamt svo mörgum öðrum. Þau eru partur af sögunni okkar og í ár gerum við þeim skil. **Regína Ósk** og **Örn Árna** syngja sig í gegnum þessa glæsilegu sögu og glæða hana lífi við undirleik **Jónasar Þóris** á jólahlaðborði Hótel Sögu í Súlnasal. Inn læðist júróvisíonsveifla og lögin sem allir þekkja. Sérstakur gestur er **Baldur Dýrfjörð. Siggi Hlö** mætir að vanda og gerir allt vitlaust.

Jólamatur, góðgæti og geggjað stuð sem þú vilt ekki missa af.

**www.hotelsaga.is**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föstud. | 18.11 | Laugard. | ~~19.11~~ *uppselt* |
| Föstud. | 25.11 | Laugard. | 26.11 |
| Föstud. | 2.12 | Laugard. | ~~03.12~~ *uppselt* |
| Föstud. | 9.12 | Laugard. | ~~10.12~~ *uppselt* |
| Föstud. | 16.12 | Laugard. | 17.12 |

Jólahlaðborð & skemmtun verð: 10.900,-

**Bókaðu þinn hóp á hotelsaga@hotelsaga.is eða í síma 525 9930**



# Nýting **erfðaupplýsinga** í heilbrigðisþjónustu

(Precision medicine)

Kári Stefánsson


Magnús Karl Magnússon


Guðmundur Þorgeirsson


Hilma Hólm

**Opinn fræðslufundur í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar**
Sturlugötu 8, laugardaginn 5. nóvember kl. 14.00–15.30.

Erindi flytja:

| | |
|---|---|
| – Kári Stefánsson | læknir og erfðafræðingur |
| – Magnús Karl Magnússon | forseti læknadeildar HÍ |
| – Guðmundur Þorgeirsson | hjartalæknir |
| – Hilma Hólm | hjartalæknir |

Kaffiveitingar frá kl. 13.30 – **allir velkomnir**

Á www.decode.is/fundir getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING 20

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Breskir þingmenn í bobba



Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is


**Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, gæti þurft að boða til þingkosninga á næsta ári frekar en að fara í hart við þingið út af útgöngu úr Evrópusambandinu. Nýr dómsúrskurður er í það minnsta líklegur til að draga framvinduna alla á langinn.**


Ríkisstjórn Theresu May þarf að fá samþykki breska þingsins áður en úrsagnarákvæði Lissabonsáttmála Evrópusambandsins verður virkjað. NORDICPHOTOS/AFP

Staðfesti Hæstiréttur Bretlands dómsúrskurð frá í vikunni stendur breska þingið frammi fyrir erfiðu vali. Það þarf að taka ákvörðun um það hvort Bretland eigi að virkja útgönguákvæði Lissabonsáttmálans og þar með segja skilið við Evrópusambandið.

Að öllum líkindum er meirihluti þingmanna andvígur útgöngu, en fylgi þeir samvisku sinni hvað það varðar þá bregðast þeir jafnframt meirihluta kjósenda sem í júní síðastliðnum samþykktu útgöngu.

Sá meirihluti var að vísu ekki mjög stór. Rétt tæplega 52 prósent samþykktu útgönguna en rúmlega 48 prósent voru andvíg.

Og þótt andstaðan við Evrópusambandið hafi kannski ekki rist djúpt hjá öllum þeim sem greiddu atkvæði með útgöngu, þá munu hörðustu Evrópuandstæðingarnir örugglega ekki láta það ganga þegjandi yfir sig að þingið kjósi að hunsa niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun er reyndar naumur meirihluti Breta núna fylgjandi áframhaldandi veru í Evrópusambandinu. Nú er það 51 prósent sem vill aðild áfram en 49 prósent eru andvíg.

Munurinn er þó það lítill að enn skiptist þjóðin í tvo álíka stóra helminga hvað þetta hagsmunamál hennar varðar.

Og jafnvel þótt þingið muni á endanum fallast á útgöngu, þá mun dómsúrskurðurinn vafalaust verða til þess að draga afgreiðslu hennar á langinn og flækja allar samningaviðræður við Evrópusambandið.

Ráðamenn annarra Evrópusambandsríkja hafa lagt áherslu á að Bretar yfirgefi sambandið sem allra fyrst, úr því þeir ætli út á annað borð.

Þingið gæti hins vegar reynt að fá stjórnina til að tryggja að útgangan úr Evrópusambandinu verði sem mildust fyrir alla, þannig að Bretar héldu áfram einhvers konar aðild að innri markaði sambandsins en þyrftu þá að fallast á frjálsa för fólks yfir landamærin upp að einhverju marki.

Harkaleg útganga, sem þýddi að Bretland myndi slíta öll tengsl við Evrópusambandið og þyrfti að semja upp á nýtt um öll viðskipti, rétt eins og hvert annað ríki utan Evrópu, væri varla það sem þingið vildi sjá.

Svo gæti því farið að frekar en að fara út í erfið átök við þingið sjái Theresa May sér ekki annað fært en að boða til þingkosninga strax á næsta ári, áður en útgönguákvæðið er virkjað. Þar með fengi þjóðin nýja aðkomu að málinu.


Samkvæmt dómsúrskurði frá því á fimmtudag fer breska þingið eitt með ákvörðunarvald um úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Innganga Breta í ESB 1973

Bretland fékk aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, forvera Evrópusambandsins, þann 1. janúar árið 1973. Til þess að svo mætti verða þurfti breska þingið að samþykkja lög um aðild Bretlands. Þá var Íhaldsflokkurinn við völd og Edward Heath forsætisráðherra. Breska þjóðin var svo spurð eftir á, að kröfu Verkamannaflokksins, í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1975 þar sem áframhaldandi aðild var samþykkt með 67 prósentum atkvæða. Kosningaþátttakan var aðeins 65 prósent


Edward Heath, þáverandi leiðtogi Íhaldsflokksins, var forsætisráðherra Bretlands þegar ákveðið var að ganga í Evrópusambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Málshöfðun

Strax í júní, þegar þjóðaratkvæðagreiðslan var um garð gengin, fól Gina Miller lögfræðifyrirtækinu Mishcon de Reya að höfða mál gegn bresku stjórninni. Miller stýrir fjárfestingarfyrirtækinu SCM og hóf árið 2012 herferð gegn fjármálasvikum undir heitinu True and Fair Campaign. Hún fór fram á að dómstóll staðfesti þá afstöðu sína að breska ríkisstjórnin hefði ekki heimild til þess að ákveða upp á eigin spýtur úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu. Þingið verði að vera með í ráðum.


Fjárfestirinn Gina Miller vann sigur í máli sínu gegn breska ríkinu fyrir dómstól í London. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## 50. greinin

Samkvæmt 50. grein Lissabonsáttmála Evrópusambandsins geta aðildarríki óskað eftir útgöngu. Tekið er fram að það eigi þá að gerast í samræmi við stjórnskipun þess lands, sem vill yfirgefa sambandið. Eftir að 50. greinin hefur verið virkjuð hafa aðildarríkin tvö ár til þess að semja um skilmála útgöngunnar, þar á meðal um dagsetningu útgöngunnar. Takist ekki samkomulag er þó hægt að framlengja þennan frest, en aðeins með samþykki allra aðildarríkjanna. Hættan er samt sú að gangi samningaviðræðurnar illa sitji Bretar að tveimur árum liðnum eftir með sárt ennið, án aðildar og án samnings.



## Dómsúrskurðurinn

Yfirréttur í London, High Court of Justice, kvað á fimmtudaginn upp þann úrskurð að breska þingið hefði eitt ákvörðunarvald um úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu. Dómstóllinn segir að úrsögn hafi það í för með sér að Bretar missi sum þau réttindi sem fylgja ESB-aðild og leidd voru í bresk lög með aðildarlöggjöfinni árið 1972. Dómstóllinn hafnar þeim meginmálflutningi stjórnarinnar að þingið hafi, með lögum sínum frá 1973 um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, ætlast til þess að upp frá því færi ríkisstjórnin með ákvörðunarvald um úrsögn. Ríkisstjórnin hefur sagt að úrskurðinum verði áfrýjað til hæstaréttar, sem hefur strax gefið út að niðurstaða verði kynnt þann 7. desember næstkomandi.


Nigel Farage, leiðtogi UKIP, ætlar að hefja baráttu sína á ný ef ekkert verður af úrsögn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þrýst á útgöngu

Andstaða gegn aðild hefur áratugum saman verið áberandi á breska þinginu. Framan af var hún sterkari meðal þingmanna Verkamannaflokksins en Íhaldsflokksins, en það snerist við fyrir aldarfjórðungi eða svo þegar Evrópusambandið var tekið að leggja meiri áherslu á félagsleg réttindi. Frá því upp úr síðustu aldamótum hefur þó Breski sjálfstæðisflokkurinn, UKIP, verið einna harðastur í andstöðunni við aðild. Andstaðan hefur svo aukist töluvert á síðustu árum eftir að efnahagskreppan skall á með evruvanda og tregðu almennings við að taka á móti flóttafólki. Innan Íhaldsflokksins urðu Evrópuandstæðingar svo áhrifamiklir að í kosningabaráttunni á síðasta ári sá David Cameron, þáverandi forsætisráðherra og leiðtogi Íhaldsflokksins, sér ekki fært annað en að lofa þjóðaratkvæðagreiðslu um úrsögn eða áframhaldandi aðild.

## Þjóðaratkvæðagreiðslan

Þann 23. júní síðastliðinn samþykktu 51,89 prósent kjósenda, rúmlega 17 milljónir Breta, útgöngu landsins úr Evrópusambandinu, en 48,11 prósent voru fylgjandi áframhaldandi aðild. Kosningaþátttakan var um 72 prósent. Í kjölfarið sagði David Cameron af sér, bæði sem forsætisráðherra og leiðtogi Íhaldsflokksins, þar sem hann hafði hvatt kjósendur til að samþykkja áframhald aðildar. Við keflinu tók Theresa May, sem hét því að fara að vilja kjósenda þótt hún hafi sjálf viljað aðild áfram. Hún fékk til liðs við sig Boris Johnson, helsta forsprakka útgöngusinna innan Íhaldsflokksins, og gerði hann að utanríkisráðherra. Nigel Farage, leiðtogi UKIP, sagði síðan af sér, enda hafði hann þá náð fram helsta baráttumáli sínu.


Boris Johnson, einn helsti forsprakki útgöngusinna, er nú utanríkisráðherra í ríkisstjórn Theresu May. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Nýjar sendingar af gjafavöru og húsgögnum!



**Asiama sófasett** í leðri 3+1+1. Litir: svart, brúnt, og ljóst. Verð kr. 665.000,-. Tilboðsverð (-25%) **kr. 498.750,-.**
3ja sæta sófi stakur, verð kr. 335.000,-. Tilboðsverð (-25%) kr. **251.250,-.**



Blómavasi LSA 35 cm
kr. 11.400,-, **nú kr. 8.550,-**



Kanna LSA 1,5L
kr. 5.300.-, **nú kr. 3.710,-**



## **idp Sphera** leðursófar og sófasett

Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
Verð tilboð (-30%), 3+1+1 995.000,- **nú 696.500,-,**
3ja sæta sófi 475.000,- **nú 332.500,-,** stóll 260.000,-, **nú 182.000,-**
**Ítölsk hönnun og framleiðsla**



## **KAK 5237** tungusófi m/hvíldarsæti í leðri

Litir; svart, mokka og dökkbrúnt. Stærð 258 x 173 cm.
Verð kr. 498.000,-, **nú (-25%)** kr. **373.500,-**



**pb home** púði
kr. 6.800,-



**Luktir Day Home,**
frá kr. 7.900,-



**CAP mottur (ull og bómull),** verð frá kr. 31.600,-
motta á mynd 140x200 cm verð kr. 141.000,-



## **Asiama** tungusófi í leðri

Stærð; 250 x 158 cm
Litir; svart, ljóst og brúnt
Verð; 398.000,- Tilboðsverð (25% afsl.) **298.500,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**



Erfitt er að ná sambandi við Ferðaþjónustu fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Símanum svarað sjaldnar en áður

**SAMFÉLAG** Gríðarleg óánægja er meðal farþega ferðaþjónustu fatlaðra hjá Strætó. Sumir notendur hafa hreinlega gefist upp á því að reyna ná inn í símaverið.

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs, kom fyrir stjórnarfund Strætó í lok október. Rætt var um aðgerðir vegna svarhlutfalls hjá farþegaþjónustunni.

Í minnisblaði Erlendar segir að símsvörun í þjónustuverinu hafi versnað veruleg vegna niðurskurðar á árinu 2016. Var svörun óásættanleg í ágúst, 67,3 prósent, og í september fór hlutfallið niður í 60 prósent.

„Rökstudd er aukin þörf á handröðun í bíla farþegaþjónustunnar samhliða tölvukerfinu sem leitt geti til mikillar hagræðingar í skipulagi aksturs og stuðlað að bættri símsvörun,“ segir í minnisblaðinu. – bbh

# Hafna hótelstækkun á Mývatni

**Umhverfisstofnun leyfir ekki stækkun Hótels Reykjahlíðar, samkvæmt hugmyndum Icelandair Hotels. Heimilar ekki viðamikla uppbyggingu aðeins 50 metra frá Mývatni – langt innan verndarlínu sérlaga.**

**UMHVERFISMÁL** Áform Icelandair Hotels um að stækka Hótel Reykjahlíð úr níu herbergja hóteli í 43 herbergja hótel virðast úr sögunni. Umhverfisstofnun hefur með afgerandi hætti hafnað breytingartillögu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna stækkunarinnar.

„Ljóst er að leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í samræmi við lög um Mývatn og Laxá. [...] gerir Umhverfisstofnun ekki ráð fyrir að svo mikil uppbygging innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, aðeins 50 metra frá vatninu, yrði heimiluð af hennar hálfu,“ segir í niðurstöðuorðum Umhverfisstofnunar um skipulagstillöguna. Með öðrum orðum samþykkir stofnunin ekki skipulagsáætlunina og ef til leyfisveitingar kæmi, þá yrði henni hafnað af hennar hálfu.

Í upphafi áætlaði Icelandair Hotels að byggja þriggja hæða viðbyggingu við hótel Reykjahlíð. Vegna mótmæla landeigenda var hins vegar horfið frá þeim áformum, og viðbyggingar lækkaðar í tveggja hæða byggingar. Þeir sem eiga jarðir samliggjandi lóðinni sem Icelandair Hótel keyptu lýstu yfir stuðningi við við þau áform félagsins en í sumar undirrituðu 66%, eða um 200 manns, undirskriftalista þar sem andstöðu við uppbygginguna var harðlega mótmælt.



Til stóð að sjöfalda Hótel Reykjahlíð við Mývatn að stærð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eins og Fréttablaðið fjallaði um í vor stendur Hótel Reykjahlíð langt innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og er verndarsvæðið 200 metra breiður bakki meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin til sjávar. Þess utan er lífríki Mývatns undir miklu álagi og breytinga hefur orðið vart í vatninu undanfarin ár og áratugi. Verndarsvæðið hefur verið á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir friðlýst svæði sem eiga á hættu að verndargildi skerðist, en yfir þessa þætti er farið af nákvæmni í úrskurði Umhverfisstofnunar frá 27. október síðastliðnum.

Þá sagði Fréttablaðið frá því í júní að engin sátt ríkti innan Skútustaðahrepps um stækkun Hótels Reykjahlíðar. Þá kom fram að sveitarstjórnin væri klofin í málinu og íbúar lýstu furðu sinni á því að svo virtist sem ákveðið hefði verið að ganga gegn yfirlýstri stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu í Reykjahlíð. Íbúar söfðu í undirskriftalista sínum að framkvæmdin gengi gegn anda laga um verndun Mývatns og Laxár, og teldu að hún muni spilla útsýni til vatnsins og ímynd sveitarinnar. Samþykkt áformanna sköpuðu hættulegt fordæmi varðandi framkvæmdir á verndarsvæðinu.

Undir þessi sjónarmið íbúanna tekur Umhverfisstofnun að öllu leyti.

Ekki tókst að fá viðbrögð forsvarsmanna Icelandair Hotels við vinnslu fréttarinnar.
svavar@frettabladid.is

SÝSLUMAÐURINN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

VIÐ HEFJUM FLUTNING EMBÆTTISINS

Vegna undirbúnings flutnings Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í nýtt húsnæði að Hlíðasmára 1, Kópavogi verður starfsemi fullnustusviðs og þinglýsinga- og leyfasviðs sem nú eru í Skógarhlíð 6,Reykjavík og Dalvegi 18, Kópavogi og afgreiðsla vegabréfa, ökuskírteina og trygginga að Dalvegi 18, lokuð mánudaginn 7. og þriðjudaginn 8. nóvember næstkomandi.

Boðaðar og auglýstar nauðungarsölur og aðfarargerðir á þessum dögum fara eftir sem áður fram.

Neyðarsími vegna afgreiðslu vegabréfa er 458 2197 og verður opinn báða daga frá kl. 8:30 til 15.

Starfsemin opnar að nýju miðvikudaginn 9. nóvember kl. 8:30 að Hlíðasmára 1, Kópavogi.

Starfsemi fjölskyldusviðs og önnur starfsemi í Skógarhlíð 6 verður óbreytt þar að svo stöddu.

*Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu*
*Þórólfur Halldórsson*

# Skemmtiferðaskip streyma á Siglufjörð

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er allt á mikilli uppleið,“ segir Ólafur Haukur Kárason, formaður hafnarstjórnar Fjallabyggðar, sem fagnaði á síðasta fundi sínum mikilli fjölgun skemmtiferðaskipa sem koma til Siglufjarðar.

Þegar hafa 33 skemmtiferðaskip bókað sig til Siglufjarðar næsta sumar. Ólafur segir að undanfarin ár hafi um tuttugu skip komið þangað árlega. Í ár voru þau þó aðeins fjórtán enda miklar hafnarframkvæmdir í gangi.

„Við höfum verið að bæta aðstöðuna til að taka á móti svona stórum skipum og það er strax farið að skila sér í bókunum,“ segir Ólafur.

Að sögn Ólafs koma skemmtiferðaskipin yfirleitt snemma að morgni til Siglufjarðar og láta síðan úr höfn síðdegis. „Þetta er yfirleitt samtvinnað Síldarminjasafninu og sýningu þar. Þetta er samstarf allra þjónustuaðila í bænum,“ segir hann.

Koma skemmtiferðaskipanna er mikil innspýting fyrir Siglufjörð. „Og hún mun bara aukast,“ segir Ólafur.

Um fimm þúsund manns koma með skemmtiferðaskipum til Siglufjarðar næsta sumar miðað við bókanir sem þegar eru komnar. Enn sem komið er hafa þetta verið skip af



Ólafur Haukur Kárason, formaður hafnarstjórnar Fjallabyggðar. MYND/BALDI KÁRA

minni gerðinni en það er að breytast.

„Þetta hafa ekki verið allra stærstu skipin en við erum farin að sjá þau bóka sig fyrir 2018. Það eru allt að tvö hundruð metra skip sem geta komið þá,“ upplýsir Ólafur. Bæjarbúar séu vanir að taka á móti miklum fjölda og geti vel tekið á móti skipum með yfir eitt þúsund farþega.

Aðspurður segir Ólafur farþega skemmtiferðaskipanna vera mjög ánægða með heimsókn á Siglufjörð. „Enda eru þessir aðilar sem reka þessi skip búnir að kynna sér allt, þeir eru ekkert að senda hingað farþega nema vegna þess að þeir vita að hér eru innviðirnir í lagi til að taka á móti fólki.“

Farþegarnir sem koma í land fara á veitingastaði og versla í bænum.

„Svo fara þeir í fjallgöngu eða í aðra afþreyingu sem er í boði,“ segir Ólafur. Þjónustustigið í sveitarfélaginu sé afar hátt miðað við að þar búi aðeins rúmlega 2.100 manns. „Það eru milli tíu og fimmtán veitingastaðir og annað eins af vínveitingastöðum.“ gar@frettabladid.is

LAMBAKJÖT FRÁ FJALLALAMBI
Helgarsteikin fæst hjá okkur

Tilbúið meðlæti

Prófið okkar frábæra meðlæti með steikinni:
• Brokkólísalat
• Sætkartöflusalat
• Hasselback kartöflur



15% afsláttur
1399 kr./kg
Lambalæri, verð áður 1658 kr./kg



18% afsláttur
1999 kr./kg
Lambahryggur, verð áður 2439 kr./kg

FJALLALAMB KÓPASKERI

Alla daga 8-20
Við gerum meira fyrir þig – Nóatún Austurveri – www.noatun.is
NÓATÚN

SMÁRALIND 15




ÍSLENSKA SIA.IS SML 81623 11/16

SKOÐAÐU TILBOÐ OG DAGSKRÁ BLS. 14-17

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT




**OPIÐ TIL**
**18**
**LAU-SUN**

**RISASTÓR AFMÆLISKAKA**

SUNNUDAG KL. 14
FÁÐU SMÁ SNEIÐ
AF GLEÐINNI

# DÚNDURFJÖR Í DAG



**NÝJA GÖNGUGATAN** – *allt að gerast*

**KRISPY KREME LEIKURINN** – *sigurinn verður sætur*

**FIFA17 KEPPNI** – *sýndu takta í Smárabíó*

**BLÖÐRUR OG ANDLITSMÁLNING** – *fyrir yngstu kynslóðina*

**JÚNÍUS MEYVANT** – *leikur og syngur af list*

**LEIKHÓPURINN LOTTA** – *knús og myndataka*

**GLOWIE** – *tekur lagið hjá Urban Decay*

**ÆVAR ÖRN BENEDIKTSSON** – *les úr nýjustu bók sinni*

**INGÓ GEIRDAL** – *töfrar alla upp úr skónum*

**DANSHÓPUR DWC** – *gleðin er öll í dansinum*

**OG FLEIRA –** *sjáðu alla dagskrána á smaralind.is*



# AFMÆLISHÁTÍÐ SMÁRALINDAR

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

SMÁRALIND 15

A4
25%
af völdum vörum.

AIR
AFMÆLISTILBOÐ
á völdum vörum.

BJARKARBLÓM
Rósabúnt 10 stk.
2.990 KR.
Eldliljubúnt 5 stk.
2.990 KR.

Blekhylki.is
Öll 5 hylkin
í Canon prentara á
3.500 KR.

CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS
GLÆSILEG
AFMÆLISTILBOÐ

comma
20%
afsláttur af öllum yfirhöfnum og peysum. Afmælisverð á poncho, toppum og buxum.

CORNER
25%
afsláttur af öllum vörum.

CORTEFIEL
25%
afsláttur af öllum dömu yfirhöfnum. Með hverjum keyptum jakkafötum fylgir skyrta að eigin vali.

DEBENHAMS
SMÁRALIND
Allt að
25%
afsláttur af fatnaði, fylgihlutum og gjafavörum.

DOROTHY PERKINS
20%
af öllum vörum.

Drangey
20%
afsláttur afmælisdagana.

Dressmann
3 FYRIR 2
af öllum vörum.

XL Dressmann
3 FYRIR 2
af öllum vörum.

DÚKA
10%-30%
af öllum vörum.

energia
20%
afsláttur af völdum réttum.

epli
20%
afsláttur af völdum týpum af Beats heyrnartólum. Apple Watch Sport 42 mm - 4 tegundir á 49.990 kr.

ESPRIT
20%
afsláttur af öllum vörum.

focus
20%
afsláttur af öllum vörum.

T.G.I. FRIDAY'S
15 ÁRA
GAMALT VERÐ
á völdum réttum
(gildir 5. nóvember).

galleri sautján
AFMÆLISTILBOÐ

gs skór
AFMÆLISTILBOÐ

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
20%-50%
afsláttur af völdum vörum.

Hlölla bátar
12" bátur að eigin vali
og drykkur
1.590 KR.

iglo+indi
1 flík afsláttur
-20%
2 flíkur afsláttur
-25%
3 flíkur afsláttur
-30%

JACK & JONES
15%
afsláttur af öllum gallabuxum.

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# TILBOÐ ALLA HELGINA

Jens

10%
afsláttur af Stál í Stál gjafavörunni.

Joe & the Juice

15%
afsláttur af öllu á matseðli.

Jón & Óskar

20%
afsláttur af öllum vörum nema trúlofunarhringum.

Kaffitár

20%
afsláttur af Kólumbíu kaffipökkum og af Bialetti mokkakönnum.

KARAKTER

AFMÆLISTILBOÐ

Kaupfélagið

AFMÆLISTILBOÐ
á völdum vörum.

LEGO Legóbúðin Smáralind

15%
afsláttur af öllum NINJAGO og FRIENDS.

Levi's

20%
afsláttur af öllum vörum.

Líf&List SMÁRALIND

Frábær tilboð á jólaskrauti.
Allar aðrar vörur með
10%
afslætti.

LYFJA

20%
afsláttur af völdum vörum.

MAKE UP STORE

3 FYRIR 2
af öllum vörum.

meba | rhodium

20%
afsláttur af Sif Jakobs skartgripum og á Daniel Wellington úrum.

MOA

3 FYRIR 2
af skarti.

20-30%
afsláttur af öðrum vörum.

MODUS Hárstofa SMÁRALIND

25%
afsláttur af öllum hár- og snyrtivörum.

name it

15%
afsláttur af öllum útifatnaði.

Optical Studio

20%
afsláttur af Ray Ban og Saint Laurent umgjörðum og sólgleraugum.

PANDORA ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK

15%
afsláttur af öllum vörum nema úr gulli.

Penninn Eymundsson

Valdar vörur á
20%-40%
vildarafslætti.

Pizza Hut

Hlaðborð á
1.790 KR.

PLUSMINUS OPTIC

2 FYRIR 1
af margskiptum sjónglerjum.

SELECTED FEMME

15%
afsláttur af öllum yfirhöfnum og dömuskóm.

serrano FRESH ★ HAPPY ★ MEX

BBQ BURRITO
og Kristall á 1.359 kr

SPICY CAJUN
Burrito og Kristall á 1.359 kr.

SIX

3 FYRIR 2
af öllum vörum.

skórnir þínir

20%
afsláttur af öllum skóm.

SMÁRABÍÓ

500 KR.
í bíó á fyrstu sýningar

**5. NÓV**
> 500 KR.
á allar sýningar kl. 13 og á afmælissýningu á Moulin Rouge kl. 20.

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ ...

SMÁRALIND 15

**SMÁRA TÍVOLÍ**
40%
afsláttur af 20.000 kr. og 10.000 kr. Tívolíkortum og af 1,5 klst. tímakortum.

**SPRINGFIELD**
20%
afsláttur af öllum yfirhöfnum.
Allar dömuskyrtur á
2.995 KR.
40%
afsláttur af völdum stutterma herrabolum.

**STEINAR WAAGE** SKÓVERSLUN
AFMÆLISTILBOÐ
á völdum vörum.

**Superdry.** 極度乾燥(しなさい)
20%
afsláttur af öllum vörum.

**TE & KAFFI**
25%
afsláttur af öllu tei.

**THE BODY SHOP**
SÉRVALIN AFSLÁTTARTILBOÐ

## FRÁBÆR TILBOÐ
NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KÍKJA SMÁ

**TOPSHOP**
15 ára gamalt verð á JONI gallabuxum, aðeins
5.990 KR.
(Fullt verð 8.990 kr.)

**ÚTILÍF**
20%
afsláttur af öllum vörum.
25%
afsláttur af öllum vörum í skíðadeild.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**VERO MODA**®
FULL BÚÐ AF FLOTTUM AFMÆLIS-TILBOÐUM

**VILA** CLOTHES
15%
afsláttur af öllum buxum.

**vodafone**
20%
afsláttur af öllum hátölurum.

**World Class**®
Opið hús til 6. nóvember.
20%
afsláttur af Laugar Spa FACE BODY HOME vörunum og All Star próteinvörum.

**women'secret** PRETTY, COMFORTABLE & SEXY
20%
afsláttur af öllum náttfötum.

# NÝJA GÖNGUGATAN

**KRISPY KREME** – *opnar í fyrsta sinn á Íslandi*

**HAGKAUP** – *glæsilegri en nokkru sinni fyrr*

**ÚTILÍF** – *frábær tilboð á nýjum stað*

**SÍMINN** – *talandi um gott samband*

**MAC** – *líttu inn og enn betur út*

**BÆJARINS BEZTU** – *fáðu þér eina með öllu*

**BJARKARBLÓM, SKÓMEISTARINN & SVANHVÍT EFNALAUG**

# ... OG FJÖR ALLA HELGINA

# Stjórn Erdogans Tyrklandsforseta ræðst gegn Kúrdum á þingi

**TYRKLAND** Leiðtogar HDP-flokks Kúrda á tyrkneska þinginu, þau Selahattin Demirtas og Figen Yukdekdag, hafa verið handtekin ásamt um tíu öðrum þingmönnum flokksins.

Nokkrum klukkustundum síðar varð sprengjuárás í Diyarbakir átta manns að bana. Meira en hundrað særðust. Diyarbakir er helsta borgin í Kúrdahéruðum landsins.

Handtökur Kúrdaþingmannanna koma í beinu framhaldi af víðtækum hreinsunum í stjórnkerfinu, þar sem tugþúsundir hafa verið reknar og þúsundir handteknar.

**Stjórnmálaflokkur Kúrda, HDP, náði 59 mönnum á þing í kosningunum í júní 2015. Á annan tug þeirra voru handteknir í gær.**



Selahattin Demirtas, annar tveggja leiðtoga HDP.



Átta manns létu lífið í sprengjuárás í Diyarbakir í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Allt þetta fólk hefur verið sakað um tengsl við Gülen-hreyfinguna sem stjórn Receps Tayyips Erdogan forseta telur hafa staðið á bak við stjórnarbyltingartilraun í sumar.

Kúrdar tilheyra einnig þeim hópi sem Erdogan lítur á sem andstæðinga sína, þótt ekki hafi þeir til þessa verið tengdir sérstaklega við stjórnarbyltingartilraunina.

Stjórnarherinn hefur hins vegar átt í átökum við Kúrda í suðausturhluta landsins, þar sem Kúrdasveitir hafa vopnast gegn vígamönnum Íslamska ríkisins handan landamæranna í Sýrlandi. – gb

KPMG

Námskeið

KPMG heldur námskeið sem eru öllum opin og henta fjármálastjórum, starfsfólki í reikningshaldsdeildum, stjórnarmönnum, nefndarmönnum í endurskoðunarnefndum, sem og ytri og innri endurskoðendum.

Reikningsskil

| Dags. | Námskeið | Tími | Verð |
|---|---|---|---|
| 9. nóv. | Lög um ársreikninga | 9-11 | 15.900 kr. |
| 22. nóv. | IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini | 9-11 | 15.900 kr. |
| 7. des. | IFRS 16 Leigusamningar | 9-11 | 15.900 kr. |
| 15. des. 16. des. | IFRS 102 Ítarlegt námskeið um alþjóðlega reikningsskilastaðla | 9-12 9-12 | 42.900 kr. |

Önnur námskeið

| Dags. | Námskeið | Tími | Verð |
|---|---|---|---|
| 15. nóv. 6. des. | Sölustjórnun | 9-11 | 24.000 kr. |
| 22. nóv. 13. des. | Fyrirmyndarþjónusta | 9-10:30 | 21.000 kr. |
| 29. nóv. | Notkun sviðsmynda við stefnumótun og áætlanagerð | 13-16 | 23.900 kr. |
| 30. nóv. | Gagnaöryggi og stjórnun aðgangs | 9-11 | 15.900 kr. |
| 8. des. | Microsoft Dynamics NAV fyrir stjórnendur | 9-11 | 15.900 kr. |

Skráning og námskeiðslýsingar er að finna á kpmg.is

—

kpmg.is



Írakskir hermenn komnir til Gogjali, eins úthverfis Mosúlborgar. NORDICPHOTOS/AFP

# Átökin í Mosúl hafa harðnað

**Stjórnarherinn í Írak hefur hert sókn sína og náð fleiri hverfum á sitt vald. Ekkert er vitað hvar leiðtogi Daish-samtakanna er nú niðurkominn.**

**ÍRAK** Írakskar hersveitir héldu inn í fleiri hverfi austan til í borginni Mosúl í gær og mættu harðri mótspyrnu frá liðsmönnum Daish-samtakanna, sem nefna sig Íslamskt ríki.

Stjórnarherinn hefur nú í meira en hálfan mánuð reynt ásamt hersveitum Kúrda og sjía-múslima að ná borginni úr höndum Daish.

Óttast er að átökin verði langvinn og muni bitna illa á almennum borgurum í þessari næstfjölmennustu borg Íraks.

Daish-samtökin náðu borginni á sitt vald sumarið 2014 og hafa haldið þar uppi ógnarstjórn allar götur síðan, rétt eins og víðar í Írak og Sýrlandi.

Það var í Mosúl sem Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi Daish, lýsti yfir stofnun kalífadæmis sem átti að ná til umráðasvæðis samtakanna í Sýrlandi og Írak.

Ekkert er vitað hvar Baghdadi er nú niðurkominn, en fyrir nokkrum dögum birtist frá honum yfirlýsing þar sem hann hvatti félaga sína til að berjast áfram í Mosúl þar til yfir lýkur. Uppgjöf komi ekki til greina.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að Daish-menn gangi nú milli húsa og krefjist þess að ungir drengir, allt niður í níu ára aldur, yfirgefi fjölskyldur sínar til að berjast.

Þá hafa vígasveitirnar notað almenna borgara til að verjast árásum. Þannig hafi íbúum í þorpi sunnan Mosúl verið skipað að halda norður til borgarinnar, þar sem búast má við loftárásum.

**18.000**

**manns hafa flúið átökin í Mosúl og komist í flóttamannabúðir.**

Talið er að rúmlega fimm þúsund Daish-liðar hafi verið í borginni þegar innrásin hófst þann 17. október. Í borginni býr hins vegar enn líklega allt að ein og hálf milljón manns, sem alþjóðastofnanir og mannréttindasamtök segja í mikilli hættu vegna átakanna.

Hátt í tuttugu þúsund manns hefur tekist að flýja átökin og komist í flóttamannabúðir handan átakasvæðanna.

Margir þessara flóttamanna hafa sagt hryllilegar sögur af framferði Daish-liða.

Þannig skýrir bandaríska fréttastöðin CNN frá litlum dreng sem missti fjölskyldu sína þegar Daishmenn skipuðu íbúum þorpsins að ganga með hvíta fána í áttina að íröskum hersveitum. Þegar fólkið var farið að nálgast skutu Daishmenn á það, en hjálparstarfsmenn telja að drengurinn hafi hugsanlega sloppið við skothríðina vegna þess hve lágvaxinn hann er.

**gudsteinn@frettabladid.is**




# Kraftmikill fjölskyldudagur

Það eru allir velkomnir á opinn fjölskyldudag, laugardaginn 5. nóvember á Jarðhitasýningu ON í Hellisheiðarvirkjun. Áhugaverð sýning, veitingar og fræðandi skemmtidagskrá í stærstu jarðvarmavirkjun heims!






Kjörís Trópí

## Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna

**12.15** **Snarpir örfyrirlestrar**
Hleðslustöðvar fyrir rafbíla
Hvernig orka breytist í stein
Hvað gerir súrmjólk fyrir mosann?

**13.00-13.30** **Villi vísindamaður og Sveppi**

**13.15** **Snarpir örfyrirlestrar**
Hleðslustöðvar fyrir rafbíla
Hvernig orka breytist í stein
Hvað gerir súrmjólk fyrir mosann?

Fróðleiksgetraun fyrir börnin - verðlaun í boði.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!**

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR
JARÐHITA SÝNING

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Útganga í uppnámi



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Breskur dómstóll hefur úrskurðað að breska þingið eigi síðasta orðið um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Þjóðaratkvæðagreiðslan um útgöngu hefði einungis verið ráðgefandi.

Ljóst er að um er að ræða erfið tíðindi fyrir Theresu May forsætisráðherra. Hún hefur legið undir ámæli fyrir einstrengingslega afstöðu í málinu, en margir þingmanna, meira að segja úr hennar eigin þingflokki, hafa gagnrýnt hana fyrir að hafa vanrækt allt samráð við þingið í útgönguferlinu. Í gær sagði Steven Phillips, einn hennar manna, af sér þingmennsku vegna þessa. Vekur það nokkra athygli en Phillips var einarður stuðningsmaður útgöngu.

May hefur sagt að dómnum verði áfrýjað til hæstaréttar Bretlands, en þar verður málið tekið fyrir í desember. Líklegt er að hún eigi erfiða daga fram að því og róðurinn mun ekki léttast fari svo að hæstiréttur staðfesti niðurstöðu undirréttarins.

Margir kunna að spyrja sig hvers vegna May vilji ekki að málið komi til kasta þingsins. Þingmenn hljóti að virða þjóðarviljann. Málið er hins vegar ekki svo einfalt. Sagt er að sennilega séu tveir þriðju hlutar þingmanna fylgjandi áframhaldandi aðild. Við það bætist að í Bretlandi eru einmenningskjördæmi og þingmenn því allt eins líklegir til að hlusta á raddir kjósenda í eigin kjördæmi. Óhætt er að segja að stemmingin gagnvart Brexit hafi breyst talsvert frá því að atkvæðagreiðslan var haldin í sumar.

Sennilegt er því að þingheimur reyni sitt til að standa í vegi fyrir útgöngu, og mögulega væri besta niðurstaðan fyrir May sú að þingið samþykkti útgöngu með einhvers konar skilyrðum. Útganga gæti til dæmis verið háð áframhaldandi aðgangi að innri markaði ESB, og tilteknum málamiðlunum í innflytjendamálum.

Versta niðurstaðan fyrir forsætisráðherrann væri sú að hún missti stjórn á málinu og yrði nauðugur sá kostur að boða til kosninga næsta vor. Um það er nú talað af alvöru í fyrsta skipti eftir að hún tók við.

Breskir ráðamenn standa því frammi fyrir erfiðu vali. Þjóðin valdi að ganga úr Evrópusambandinu. Þrátt fyrir allt var það þó einungis rétt ríflega fjórðungur landsmanna (ríflega þriðjungur kosningabærra) sem kaus með útgöngu. Þjóðin er því klofin í herðar niður í málinu.

May þarf því að feta einstigi þar sem henni tekst að ganga úr Evrópusambandinu án þess að skaða hagsmuni Breta um of og án þess að auka enn á spennuna sem ríkir milli þeirra sem vilja út og þeirra sem vilja vera inni. Það er vandratað og ekki eru öll kurl komin til grafar.

Við Íslendingar fylgjumst spenntir með af hliðarlínunni. Ekki bara getur þessi breska harmsaga haft mikið að segja um hvernig framtíðaraðild okkar að evrópska innri markaðnum verður háttað, heldur getur framganga May, ef vel tekst til, verið leiðarljós um hvernig á að sameina sundraða þjóð og sætta stríðandi fylkingar.

**Versta niðurstaðan fyrir forsætisráðherrann væri sú að hún missti stjórn á málinu og yrði nauðugur sá kostur að boða til kosninga næsta vor.**

**AÐALFUNDUR**
**Hollvinasamtök varðskipsins Óðins**

Aðalfundur Hollvinasamtaka Óðins verður haldinn þriðjudaginn 15. nóvember næstkomandi. Fundurinn verður í Víkinni – Sjóminjasafninu í Reykjavík, Grandagarði 8 og hefst klukkan 17:00.

**Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf**

Hollvinir varðskipsins Óðins hafa með samstilltu átaki bjargað þessu merkilega skipi, gert það að lifandi safni um baráttu okkar í þorskastríðunum og helsta djásni Sjóminjasafnsins.

**Hollvinir, fjölmennið á fundinn. Nýir félagar velkomnir.**

***Stjórn Hollvinasamtaka Óðins***

**Gunnar**




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Fokk kjararáð, gljáð jólabráð

Í dag eru sjö vikur til jóla. Hverjum er ekki sama hvaða jólasveinn verður forsætisráðherra? Tortóla hvað? Málið er jóla hvað? Fokk kjararáð, gljáð jólabráð. Kosningafirra, reykelsi og myrra. Emm ess, jólastress. Pólitísk spilling, kalkúnafylling. Bjarni Ben, amen.

Tökum saman lagið, burt með allt jagið. Allir saman nú:

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig litlar telpur gera:*
*Vagga brúðu, vagga brúðu*
*-og svo snúa þær sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig litlir þingmenn gera:*
*Gefa Borgun, gleymt á morgun*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig ráðherrar aur sinn geyma:*
*Í skjóli skatta, en ekkert fatta*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig kvótakóngar gera:*
*Hirða aflann og kaupa Moggann*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig mafían landsmenn mjólkar:*
*Engan valkost, bara brauðost*
*-og svo snýr hún sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig leiðir landar gera:*
*Berj' í potta, ver' ei motta*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig svipular sálir gera:*
*Öllu gleyma, hætt' að veina*
*-og svo snúa þær sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig þekkir þegnar kjósa:*
*Sama gamla má brjóta og bramla*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig spilltir valdsmenn gera:*
*Koma aftur, kló og kjaftur*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig kjarahvuttar gera:*
*Þeir sig hneigja, bukt' og beygja*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig gamlir þingmenn gera:*
*Biðj' um bitling, fyrir helling*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*

*Nú skal segja, nú skal segja*
*hvernig þingmenn við þjóð gera:*
*Taka í nefið, taka í nefið*
*-og svo snúa þeir sér í hring.*
*AAATSJÚ!*

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*


BÍLSKÚRSDAGAR
MÚRBÚÐARVERÐ
LuTool
LuTool 7 blaða sett
2.490
LuTool Pússivél 560W m/hjámiðju snúning
9.990
FYLGIHLUTIR FÁANLEGIR
Arakit 4hillur 150x75x30 40kg
2.312
Stabil 5 hillur 176x90x40cm 176kg
6.392
LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - rafmagnstæki 300W.
6.890
Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
130 Max bar, 420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.
12.890
Lutool Borðsög 1800W
250mm blað 54x50cm
25.990
Lutool veltisög 1800W
255mm blað
49.490
Drive Bílskúrsryksuga
18lítra 1200W
7.990
Gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.390
Gegnheil postulínsflís
Meister upphengi festing
225
Sha-LG218C T8 flúor-lampi 2x18W með perum 66x10cm
2.990
Sha-LG228E T5 2x28W rakaþol 120x10cm IP65 með perum
4.790
GOLVFÄRG
COL-73003. Gólflakk 3 L
4.995
Bílabúkkar 2 tonn 2stk
3.490
KAI Grá bílskúrsflís 33x33 cm
1.490 pr. m²
Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð kr. 15.990
16.990
Patrol verkfærakista STUFF 52cm
2.918
DEKA TJÖRU- OG OLÍUHREINSIR
DEKA RÚÐUVÖKVI
Deka Tjöru og Olíuhreinsir 4 l.
1.890
Rúðuvökvi -18°C, 4 l.
690
Kapalkefli 3FG15, 15 mtr
3.352
T38 Vinnuljós
5.590
15 metra rafmagnssnúra
2.890
Verð gilda 3-12/11
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8 -18, lau. 10 -16
Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8 -18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

## Fjórum höggum frá efsta sætinu fyrir lokahringinn í Abú Dabí



**Ellefu högg undir pari** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir missti í gær frá sér toppsætið á þriðja hringnum á Fatima Bint Mubarak golfmótinu í Abú Dabí sem er hluti af LET Evrópumótaröðinni. Hún spilaði á tveimur yfir pari og er þar með á ellefu höggum undir pari eftir 54 holur. Ólafía á samt enn möguleika á sigri á mótinu gangi allt upp í dag. Hér er hún í gær með kylfusveini sínum og bróður, Kristni Kristinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/LET/TRISTAN JONES

# Þetta verður þolinmæðisverk

**Íslenska karlalandsliðið í handknattleik spilar sinn annan leik í undankeppni EM í Úkraínu í dag. Liðið komst þangað eftir erfitt ferðalag og undirbúningurinn fyrir leikinn er af skornum skammti.**

**HANDBOLTI** „Þetta var áhugavert ferðalag og engin skemmtun. Að þurfa að taka rútu í fimm klukkutíma eftir að hafa verið í tveimur flugum er ekki beint ákjósanlegt,“ segir Geir Sveinsson landsliðsþjálfari eftir komuna til Sumy í Úkraínu.

„Í sjálfu sér á þetta ekkert að vera leyfilegt að mínu mati. Þessir leikir eiga að vera spilaðir nálægt alþjóðaflugvöllum. Þær voru ansi margar holurnar á þessum sveitavegum þannig að menn náðu nú ekki beint mikilli hvíld í rútunni.“

Til að bæta gráu ofan á svart þá skiluðu ekki allar töskur sér til Úkraínu. Það tafði brottför frá flugvellinum í Úkraínu um einn og hálfan tíma. Meðal annars vantaði búninga og bolta en það átti að skila sér í tíma fyrir leikinn í dag sem hefst klukkan 16.00.

Heilsufarið á leikmannahópnum eftir sigurinn gegn Tékkum er nokkuð gott og aðeins einn leikmaður að glíma við meiðsli.

„Gunnar Steinn Jónsson er spurningamerki og þess vegna kom Janus Daði Smárason með okkur út. Ég held að allir aðrir í hópnum eigi klárlega að geta spilað.“



Geir messar yfir sínum mönnum í leikhléi í leiknum gegn Tékklandi á miðvikudaginn. Ísland vann eins marks sigur, 25-24, eftir mikla dramatík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Þetta eru ungir, stórir og kröftugir strákar. Það er mikil hæð í þessu liði sem spilar alþjóðlegan bolta.
>
> Geir Sveinsson

### Verðugt verkefni

Úkraína er búið með einn leik í riðlinum rétt eins og Ísland. Úkraínumenn spiluðu í Makedóníu á miðvikudag og máttu sætta sig við sex marka tap, 27-21, eftir að hafa verið þrem mörkum undir, 13-10, í hálfleik.

„Ég sagði fyrir forkeppnina að þeir væru svolítið óskrifað blað. Á pappírnum ættu þeir að vera sísta liðið í riðlinum. Nú er ég búinn að skoða leik þeirra gegn Makedóníu og alveg ljóst að þetta er hörkulið,“ segir þjálfarinn og varar við því að fólk sé að gera lítið úr andstæðingnum.

„Það var ekki fyrr en síðustu fimm mínúturnar sem Makedónía náði að hrista þá af sér og klára leikinn. Þetta eru ungir, stórir og kröftugir strákar. Það er mikil hæð í þessu liði. Þeir spila alþjóðlegan bolta og gerðu þetta virkilega vel gegn Makedóníu. Þetta er því mjög verðugt verkefni.“

### Vörnin hreyfanlegri

Landsliðsþjálfarinn segir að liðið þurfi að breyta ákveðnum áherslum í leik sínum frá því í leiknum gegn Tékkum og þá sérstaklega í vörninni.

„Við þurfum að vera hreyfanlegri í varnarleiknum. Hér erum við að glíma við stærri og öflugri skyttur. Við verðum að ganga út í þessa leikmenn. Í sóknarleiknum þurfum við síðan að vera mjög agaðir og hreyfa þessa stóru leikmenn hjá þeim. Þetta verður þolinmæðisverk,“ segir Geir en hann hafði aðeins gærdaginn til þess að undirbúa liðið fyrir leikinn. Hvað lagði hann áherslu á þar?

„Við verðum að prófa ákveðnar leiðir í sókninni sem við teljum að gætu virkað gegn þessu liði. Við reynum að byggja ofan á það sem við vorum að gera gegn Tékkunum. Við komum með eitthvað nýtt sem við notuðum ekki heima. Svo þurfum við að halda varnarleiknum stöðugum og reyna að ná fram örlítið betri samvinnu á milli varnar og markvarðar.“

### Markmiðið klárt

Þó svo Geir beri mikla virðingu fyrir andstæðingnum þá er ekkert launungarmál að hann er kominn til Úkraínu til að sækja tvö stig.

„Það er ekkert annað í stöðunni. Við ætlum okkur alltaf tvö stig og markmiðið hér úti er klárt. Það er að sækja tvo punkta.“

**henry@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**KR - Þór Þ. 75-90**

**KR:** Brynjar Þór Björnsson 26/7 stoðs., Þórir G. Þorbjarnarson 12, Sigurður Þorvaldsson 12/8 fráköst, Darri Hilmarsson 11, Cedrick Bowen 6/7 fráköst/5 stoðs.
**Þór Þ.:** Tobin Carberry 33/8 fráköst/7 stoðs., Emil Karel Einarsson 13, Þorsteinn Már Ragnarsson 10, Ólafur Helgi Jónsson 9, Maciej Baginski 7, Halldór Garðar Hermannsson 7, Ragnar Örn Bragason 6, Davíð Arnar Ágústsson 5/7 fráköst.

**Þór Ak. - Haukar 96-93**

**Þór Ak.:** Jalen Ross Riley 25, Danero Thomas 19/17 fráköst, Darrel Lewis 19, Tryggvi Snær Hlinason 11/8 fráköst, Ingvi Rafn Ingvarsson 10, Þröstur Leó Jóhannsson 7, Ragnar Helgi Friðriksson 5/7 stoðsendingar.
**Haukar:** Sherrod Wright 23, Kristján Leifur Sverrisson 23/11 fráköst, Haukur Óskarsson 17, Emil Barja 15/10 fráköst/8 stoðsendingar, Hjálmar Stefánsson 8/9 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 10 | ÍR | 4 |
| Þór Þ. | 8 | Njarðvík | 4 |
| KR | 8 | Þór Ak. | 4 |
| Keflavík | 6 | Haukar | 2 |
| Tindastóll | 6 | Skallagrímur | 2 |
| Grindavík | 6 | Snæfell | 0 |

**Olís-deild kvenna**

**Fylkir - Valur 23-28**

**Markahæstar:** Thea Imani Sturludóttir 13, Þuríður Guðjónsdóttir 3 - Diana Satkauskaite 11, Diana Dögg Magnúsdóttir 4, Kristín Guðmundsdóttir 4

**ALFREÐ MEIDDUR**

Íslenska fótboltalandsliðið verður án sinna tveggja helstu markaskorara þegar það mætir Króatíu í undankeppni HM 2018 næsta laugardag en hópurinn var tilkynntur á blaðmannafundi í gær. Alfreð Finnbogason er meiddur og verður ekki með líkt og Kolbeinn Sigþórsson sem hefur ekkert tekið þátt í undankeppninni til þessa. Alfreð er búinn að skora þrjú mörk í fyrstu þremur leikjum Íslands og er einn markahæsti leikmaðurinn í undankeppninni. Elías Már Ómarsson var valinn í hans stað.



## Um helgina

**Það helsta á Sportinu**

| | | |
|---|---|---|
| L09.00 | Turkish Airl. Open | Sport4 |
| L09.00 | Ólafía í Abú Dabí | Golfst. |
| L12.25 | Wolves - Derby | Sport |
| L14.30 | Bayern - Hoffenh. | Sport |
| L17.20 | Chelsea - Everton | Sport |
| L17.25 | Bristol - Brighton | Sport2 |
| L20.30 | Shriners Open | Golfstöðin |
| S08.30 | Turkish Airl. Open | Golfst. |
| S10.55 | Real M. - Leganes | Sport2 |
| S11.30 | Arsenal - Tottenham | Sport |
| S14.10 | Liverpool - Watford | Sport |
| S14.50 | Swansea - Man. Utd | Sport2 |
| S16.20 | Leicester - WBA | Sport |
| S19.40 | Sevilla - Barcelona | Sport |
| S20.30 | Shriners Open | Golfstöðin |
| S21.20 | Packers - Colts | Sport2 |

**Frumsýningar í enska**

| | | |
|---|---|---|
| L17.15 | Man. City - M. Boro | Sport4 |
| L18.30 | West Ham - Stoke | Sport3 |
| L19.30 | Bournem. - Sunderl. | Sport2 |
| L19.30 | Burnley - C. Palace | Sport |

**Olís-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| L13.30 | Fram - Selfoss | Framhús |
| L15.00 | Grótta - ÍBV | Hertz-höllin |
| L16.00 | Haukar - Stjarnan | Schenker. |



mazda
LANGUR VEGUR FRAMUNDAN. HÚRRA!
MAZDA CX-3
MAZDA CX-3
FJÓRHJÓLADRIFINN FRÁ 3.740.000 KR.
FRAMDRIFINN FRÁ 3.090.000 KR.
Fádæma veggrip, há sætisstaða ásamt glæsilegri innréttingu gera hverja ferð í Mazda CX-3 að upplifun fyrir skynfærin. i-ACTIV AWD fjórhjóladrifið límir bílinn við veginn og akstursgleðina er erfitt að útskýra en auðvelt að upplifa í reynsluakstri.
SkyActiv spartæknin og lág bilanatíðni Mazda tryggir sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Margvíslegur i-ACTIVSENSE öryggisbúnaðurinn tryggir öryggi allra farþega og hjálpar ökumanni að greina og forðast aðsteðjandi hættur.
KOMDU, REYNSLUAKTU OG UPPLIFÐU MAZDA CX-3
mazda.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
Búnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.
brimborg
Öruggur staður til að vera á

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



Gríma Katrín Ólafsdóttir, Mjöll Þórarinsdóttir og Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir eru meðal sjálfboðaliða KFUM og K sem sjá um að ganga frá kössunum til sendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gleðja *bágstödd* börn í Úkraínu

Sjálfboðaliðar eru í höfuðstöðvum KFUM við Holtaveg í Reykjavík að ganga frá gjöfum til munaðarlausra, sjúkra og fátækra barna í Úkraínu. Verkefnið nefnist Jól í skókassa.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það er fullt af skólahópum og fólki úr æskulýðsfélögum sem safnar saman gjöfum í skókassa og kemur með þá niður á Holtaveg 28 þar sem höfuðstöðvar KFUM og K eru. Þannig taka þeir þátt í því að gleðja bágstödd börn í Úkraínu. Margar eldri konur eru líka að prjóna ofan í kassana allt árið, þær koma til okkar með ótrúlega fallega hluti,“ segir Gríma Katrín Ólafsdóttir, einn af sjálfboðaliðum hjá KFUM og K sem vinna að verkefninu Jól í skókassa.

Í stað þess að eiga styrktarbarn úti í heimi taka hún og nokkrar stelpur sem hún þekkir þrjú þúsund kall frá í hverjum mánuði og leggja til hliðar til að geta keypt efni í kassana. „Þegar A4 er með stóra útsölu eftir að skólinn er búinn, þá fer ég og tæmi hillur!“ nefnir hún sem dæmi. Hún segir fólk geta komið allt árið með dót í skókassa á Holtaveginn. „En frá 5. til 12. nóvember eru sjálfboðaliðar hér að fara yfir gjafirnar og tryggja að kassarnir séu með sem líkustu innihaldi. Svo stöflum við þeim upp í gám sem Eimskip gefur okkur og sendum hann til Úkraínu. KFUM og K dreifir þeim á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra. Alltaf fara einhverjir frá Íslandi til að afhenda gáminn og fylgjast með útdeilingunni eftir megni,“ upplýsir Gríma.

Jól í skókassa hefur verið árlegt verkefni frá árinu 2004 og alls hafa safnast rúmlega 50.000 kassar.

## Gjafir í skókassa

- Leikföng – T.d. litlir bílar, boltar, dúkkur, bangsar eða jójó. Athuga að láta aukarafhlöður fylgja rafknúnum leikföngum.
- Skóladót – T.d. pennar, blýantar, yddarar, strokleður, skrifbækur, litir, litabækur eða vasareiknar.
- Sælgæti – T.d. sleikjó, súkkulaði, Pez, tyggjó eða karamellur.
- Föt – T.d. húfa, vettlingar, sokkar, trefill, bolur eða peysa.
- Hreinlætisvörur – Óskað er eftir að allir láti sápustykki, tannbursta og tannkrem í kassann sinn. Einnig má setja greiðu, þvottapoka eða hárskraut.






ENNEMM / SÍA / NM78241 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

**Mánaðarleg afborgun miðast við 10% útborgun og reiknað út frá reiknivél hjá fjármögnunarfyrirtækinu Lykill.is og til 84 mánaða. Bílalánstölur geta breyst án fyrirvara. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,89%. Nánari upplýsingar um lánaskilmála á www.lykill.is

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**




## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljós-grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

**153.218 kr.**
~~189.990 kr.~~




## CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm

**96.766 kr.**
~~119.990 kr.~~



## FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

**241.927 kr.**
~~299.990 kr.~~



## KIRUNA
Tungusófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 236 x 200 x 78 cm

**161.282 kr.**
~~199.990 kr.~~



## BRENNER
2,5 og þriggja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

2,5 sæta, stærð: 165 x 97 x 82 cm
**145.153 kr.** ~~179.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 230 x 97 x 82 cm
**177.411 kr.** ~~219.990 kr.~~



## KENNEDY
Þriggja sæta sófi frá La-Z-Boy. Grátt og ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 196 x 100 x 97 cm. Fæst einnig 2ja sæta.

**161.282 kr.**
~~199.990 kr.~~



## GENOA
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart, grátt eða brúnt leður. Stærð: 255 x 163 x 93 cm

**354.831 kr.** ~~439.990 kr.~~



## TWIST
2,5 sæta sófi. Orange, ljósblár eða grár. Viðarfætur. Stærð: 157 x 92 x 95 cm

**88.702 kr.**
~~109.990 kr.~~



## PINNACLE
Þægilegur 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi með niðurfellanlegu borði. Fæst í dökkgráu og brúnu slitsterku áklæði.
Stærð: 210 × 95 × 105 cm

**258.056 kr.**
~~319.990 kr.~~



## MANTLE
2,5 sæta sófi. Slitsterkt dökkblátt eða svart áklæði og viðarfætur.
Stærð: 163 x 85 x 105 cm

**153.218 kr.**
~~189.990 kr.~~

# SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*




**KIRUNA**
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm
**193.540 kr.** ~~239.990 kr.~~

**BRENNER**
2,5 og þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.



2,5 sæta, stærð: 165 x 97 x 82 cm
**145.153 kr.** ~~179.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 230 x 97 x 82 cm
**177.411 kr.** ~~219.990 kr.~~




Þú finnur SÓFA-TAXFREE-blaðið á husgagnahollin.is



furninova

**EDITH**
Þriggja sæta sófi. Slitsterkt áklæði, meya mole og meya night.
Stærð: 213 x 98 x 86 cm
**338.702 kr.** ~~419.990 kr.~~

* **Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 29. apríl 2016

HÚSGAGNA HÖLLIN



## Orð og draumar

*Orð og draumar*
*hafa alltaf farið saman*
*í lífi mínu*
*Lengur en ég man*

*Nú bíður hann færis*
*þessi sem ég vil ekki nefna*
*bíður færis ég finn það*

*Kemst ekki nær mér*
*meðan ágústbirtan*

*breytir draumum*
*í orð*

*breytir orðum*
*í drauma*

***Ljóð muna rödd, bls. 8***

„Ljóðlistin er náttúrulega kjarni máls. Kjarni tungumálsins og bókmenntanna og jafnframt kjarni einhvers konar aðferðar til að lifa," segir Sigurður Pálsson ljóðskáld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hættum *að væla* og lifum lífinu lifandi

**Sigurður Pálsson** sendi nýverið frá sér sína sextándu ljóðabók, þýðingar á prósaljóðum Arthur Rimbaud, skáldsins sem bylti ljóðinu, auk þýðinga á ljóðum Willem M. Roggeman. Mögnuð afköst hjá manni sem stendur andspænis dauðleika sínum en syngur áfram um lífið, vitandi að harmurinn er til.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Eftir að hafa í dágóða stund rætt skyldleika og staðhætti forfeðra og -mæðra, reynum við Sigurður Pálsson að koma okkur að efninu. Það eru annasamir dagar hjá Sigurði um þessar mundir enda komu frá skáldinu þrjár bækur í einni og sömu vikunni. Þar skal fyrst telja nýja ljóðabók, Ljóð muna rödd. Þá einkar glæsilegar þýðingar á prósaljóðum Arthur Rimbaud, Uppljómanir, sem kemur út í bók ásamt þýðingum Sölva Björns Sigurðssonar á Árstíð í helvíti. Og loks skal telja þýðingar á ljóðum Belgans Willem M. Roggeman, Ummyndanir skáldsins og fleiri ljóð. Þetta verður að teljast harla myndarlegt, ekki síst í ljósi þess að Sigurður hefur staðið frammi fyrir erfiðum veikindum. En fyrir riflega tveimur árum greindist hann með ólæknandi krabbamein í brjósthimnu, svonefndan asbestkrabba, sem haldið er niðri með lyfjameðferð.

Af völdum veikindanna er rödd Sigurðar ekki eins sterk og áður og við höfum því fengið að koma okkur fyrir í kyrrð og ró á efri hæð Sólon Íslandus, sem er að öðru leyti lokuð gestum. Yfir kaffibolla segir Sigurður að þó svo mikið sé að koma út þessa dagana þá felist afköstin í annarri orkubeitingu. „Ég þarf að hvíla mig meira en áður en svo er ég finn. Þannig að þetta er sem betur fer ekki einhver síþreyta. Ég fer reglulega í lyfjagjöf og það sem ég finn fyrir dagsdaglega er helst stirðleiki í fótleggjum, ætli það sé ekki einhver aukaverkun. Þannig að nú þegar röddin er löskuð og ég orðinn nokkuð hægur til gangs, þá er kannski farið að glitta í Þorstein Ö. Stephensen frænda minn," segir Sigurður og hlær eilítið rámri röddu.

### Vígslumeistarar

En þá snúum við okkur að því sem við settumst niður til að ræða og við byrjum á Rimbaud sem hefur fylgt Sigurði allt frá unga aldri, hann kallar hann vígslumeistara. „Rimbaud er vígslumeistari. Hann innvígir ungt fólk um tvítugt inn í heim skáldskaparins. Hann gerir það bæði með því sem hann skrifaði og svo líka með tilveru sinni. Lífshlaupi sínu. Þannig er nýja Nóbelsskáldið t.d. einn af fjöldamörgum andlegum afkomendum Rimbaud. Af íslenskum skáldum sem eru vígslumeistarar ungs fólks, um og innan við tvítugt, koma tveir strax upp í hugann, Jónas Hallgrímsson og Steinn Steinarr, sérstaklega sá síðarnefndi. Steinn kemur menntaskólafólki á sporið, kynslóð eftir kynslóð. Vígir það inn í veröld ljóðlistarinnar, skáldskaparins. Þessi skáld eru öll sérstaklega uppörvandi fyrir ungt fólk, menn upptendrast af að lesa þau á þessum geggjaða aldri í kringum tvítugt þegar kominn er í fólk sprengikraftur án þess að það sé búið að beina honum í einhvern farveg. Um tvítugt er allt hægt, enginn er jafn glæsileg sönnun þess og Rimbaud í lífi sínu og list.

Sjálfur komst ég í kynni við Rimbaud í Menntó í ljóðaþýðingum Jóns Óskars úr frönsku sem komu út 1963. Þegar ég var svo á fyrsta árinu í útlendingadeild Sorbonne, þá var ég svo heppinn að einn af fyrirlesurunum var Antoine Adam, sá sem vissi einna mest um Rimbaud í Frakklandi, hann sá t.d. um nýja heildarútgáfu á verkum skáldsins. Þannig að maður hafði svona beinan aðgang strax þá að Rimbaud, bæði textum og þessu ofsafengna uppreisnarlíferni."

**Æska III**

**Tuttugu ára**

*Gamlar kennsluraddir í útlegð … Líkamlegt hrekkleysi bælt niður beisklega … – Adagio. Æ! óendanleg eigingirni æskunnar, námfús bjartsýnin: hvað heimurinn var fullur af blómum þetta sumar! Sönglögin og formin deyjandi … – Kór til þess að draga úr vanmætti og fjarvist! Glasakór, nætursönglög … Einmitt, taugarnar snarlega farnar á veiðar.*

***Uppljómanir & Árstíð í helvíti, bls. 70***

### Endurnýjunarafl

Sigurður talar um Rimbaud og verk hans af ástríðu og væntumþykju. Hann bendir á að Rimbaud hafi í raun verið óvenjulegt undrabarn. „Hann er undrabarn sem hættir sem er mjög skrítið. Það gerði Mozart ekki. Hann er búinn með höfundarverk sitt og ævistarf á þessum vettvangi þegar hann er tuttugu og eins árs. Frá sextán til tuttugu og eins er allt hans höfundarverk samið."

Um þýðingarnar í bókinni Uppljómanir og Árstíð í helvíti segir Sigurður: „Þarna ertu með í einni bók Uppljómanir og Árstíð í helvíti. Það er langt síðan mig fór að langa til að þýða Uppljómanir í heild sinni, ekki bara eitt og eitt ljóð heldur allan pakkann. Svo er hann Sölvi Björn Sigurðsson svo asskoti laginn að þýða bundið mál, þannig að Árstíðin er hans. Það var eina bókin sem Rimbaud bjó sjálfur til prentunar."

Varðandi tímann sem verkið hefur tekið Sigurð segir hann að ásetningurinn hafi verið umtalsvert lengri en verktíminn. „Sem betur fer hef ég nú ekki verið að gefa mér allt of ströng tímamörk með þetta, þannig að maður hefur komið að þessu aftur og aftur. Eitt hefur valdið mér mikilli furðu og gerir enn og það er hvað þessir textar virðast hafa innbyggt endurnýjunarafl. Texti sem maður er búinn að vera að þýða og kemur að aftur og horfir á þetta og hugsar; ég hef bara aldrei lesið þetta. En þannig er líklega galdur alvöru ljóðlistar."

**AÐ STANDA FRAMMI FYRIR DAUÐANUM ÁN ÞESS AÐ HNEIGJA SIG FYRIR HONUM, LÚTA HONUM EÐA VERA HRÆDUR VIÐ HANN. ÁN ÞESS AÐ JÁTAST UNDIR HANS DÓM.**

### Flæði og farvegur

Þegar talið berst svo að mikilvægi þessa galdurs, að mikilvægi ljóðlistarinnar, þá stendur ekki á svari hjá Sigurði. „Ljóðlistin er náttúrulega kjarni máls. Kjarni tungumálsins og bókmenntanna og jafnframt kjarni einhvers konar aðferðar til að lifa. Það er fátt jafn mikilvægt og ljóðlist."

Ljóðið er kjarni tungumálsins og nú er Sigurður að senda frá sér sína sextándu ljóðabók. „Er það ekki fjórir sinnum fjórir? Það hlýtur að vera solid as a rock! Hús er með fjóra hornsteina, höfuðáttirnar eru fjórar og svo framvegis," segir Sigurður og glottir. Hann bætir við að vinnan að hverri og einni bók sé nú alltaf svipuð óháð ytri aðstæðum hverju sinni „Þetta svona seytlar inn og eitt-


markhönnun ehf
netto
Sparaðu með okkur...
STJÖRNU GRÍS
-50%
STJÖRNUGRÍS
BAYONNESTEIK
ÁÐUR: 1.996 KR/KG
998 KR KG
-30%
DÁDÝRAVÖÐVAR
NÝJA SJÁLAND
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
2.799 KR KG
Nýtt og framandi
KJÖTBORÐ
-30%
FRÁBÆRT VERÐ
KB LAMBA SÚPUKJÖT
FERSKT OG ÓFROSIÐ
ÁÐUR: 985 KR/KG
690 KR KG
Tilvalið um helgina
Dr.Oetker
Ristorante
PIZZA SPECIALE
Ristorante
PIZZA MOZZARELLA
Ristorante
PIZZA HAWAII
-10%
Ristorante PIZZUR
á 10% afslætti
coop
Pommes frites
coop
Pommes strips
COOP KARTÖFLUR
FRANSKAR RIFFL
FRANSKAR „STEAKHOUSE"
KARTÖFLUSTRÁ
ÁÐUR: 479 KR/PK
398 KR PK
Nørregade
Nørregade
Nørregade
Okker Gokker Mix
Nørregade
-20%
NÖRREGADE BRJÓSTSYKUR
140G - 15 GERÐIR
ÁÐUR: 249 KR/PK
199 KR PK
RANCHERS CUT
RANCHERS CUT
RANCHERS CUT
RANCHERS CUT
COOP FLÖGUR - 175G
4 GERÐIR
ÁÐUR: 399 KR/PK
359 KR PK
Del Monte
-50%
Ananas
á tilboði
ANANAS
ÁÐUR: 398 KRKG
199 KR KG
pepsi
pepsi
PEPSI 4X2L
PEPSI MAX 4X2L
ÁÐUR: 850 KR/PK
799 KR PK
DOWNTOWN ÍS
500 ML - FROSIÐ
ÁÐUR: 798 KR/PK
698 KR PK
Chunky Cool Brownie
Creamy Cookie Dough
ANNAS Original
PEPPARKAKSHUS
ANNAS
PIPARKÖKUHÚS - 300 G
599 KR PK
Jólin eru á næsta leiti
Tilboðin gilda 3. – 6. nóvember 2016
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

hvað fer að teiknast upp. Svo kemur að því að ég sé ekki betur en að það væri hægt að strúktúrera þetta og koma þessu í heila höfn.“ Og aðspurður hvort hann yrki af þörf þá segir Sigurður þetta: „Ég reyni alltaf að spyrja mig þeirrar samviskuspurningar, hvort ég hafi virkilega þörf og ég læt ekki undan fyrr en ég finn fyrir þörfinni. Annars er hætt við að þetta verði innantómt. Ég hef alltaf fúnkerað með þörf fyrir flæði annars vegar og hins vegar ákveðna löngun til þess að strúktúrera hlutinn. Ég þarf að hafa þetta hvort tveggja. Þetta er svona grundvallaratriði, finnst mér, í minni ritun. Flæði og farvegur. Andstæður sem þurfa að vera saman. Ef þú hugsar um vatnsaflsvirkjanir þá byggja þær einmitt á þessum andstæðum. Þær eru strúktúreraðar á ákveðinn hátt þannig að vatnið fái fallþunga en án flæðis er farvegur ekkert. Sama ef þú ert bara með flæði án farvegs þá rennur þetta bara út í sandinn. Það hefur lengi hjálpað mér að sjá ritun fyrir mér þannig.“

**Vitnisburður um líf**

Ljóð muna rödd er titill síðustu bókar Sigurðar og hann segir hana vera strúktúreraða í fjóra kafla sem tengjast frumöflunum. „Náttúran er þar með undirliggjandi sem heild. Eldur, jörð, loft og vatn. Í strúktúrnum eru þessi frum-element og síðan er það einhver líkamlegasti hlutur sem til er: Röddin.

Röddin er mjög ljóðræn og þú veist og finnur hvað hún er þegar þú heyrir Amy Winehouse eða Edith Piaf syngja. Það er eitthvað sem er gjörsamlega óskiljanlegt, þessi styrkur og fegurð sem röddin getur haft. Hún er gjörvallur tilfinningaskalinn. Kjarni líkamans og samt er hún einhvern veginn bara í loftinu. Hún er ljóð líkamans. Í þessari bók er því tilfinning fyrir rödd sem er vitnisburður um líf.“

***Raddir í loftinu***

***I***

*Hvað sem hver segir*
*byggir friður á réttlæti*

*Hvað sem hver segir*
*er fegurðin ekki skraut*
*heldur kjarni lífsins*

*Já gefðu mér rödd*
*gefðu mér spámannsrödd*
*til að bera fegurðinni vitni*

*Gefðu mér rödd*
*til að bera réttlætinu vitni*

***Ljóð muna rödd, bls. 41***

Aðeins þetta sterka upphafsljóð hlutans Raddir í loftinu segir mikið um hversu sterkur skáldskapur Sigurðar er í þessari bók. Söngur er ákveðið þema í bókinni og Sigurður segir að ástæða þess sé ekki síst að söngurinn sé í raun göfgun á röddinni. „En kjarninn í þessu er líf og dauði.“

***Söngur***

*Í morgun söng ég í huganum*
*og hægra megin var landslag*
*og vinstra megin var landslag*

*Mig langaði ekki til þess að syngja fyrir hann*
*langaði ekki heldur að syngja um hann*

*Langaði bara að syngja um lífið*

*Ég ber enga virðingu fyrir honum*
*hann kemur þegar hann kemur*
*„Kom þú sæll, þá þú vilt“*

*Og ég syng áfram um lífið*
*og landslagið hægra megin*
*og landslagið vinstra megin*

***Ljóð muna rödd. Bls. 26***

**Lífsþorsti Camus**

„Óhjákvæmilega kemur þessi reynsla mín síðustu tvö ár við sögu: að standa andspænis því að vera dauðlegur maður. Að standa frammi fyrir reginafli, einn maður á strönd, andspænis hafinu eða einhverju álíka stóru. Það er myndin. Baka til í öllu verkinu er þessi staða. Þessi vitund.

EN AÐ STANDA EINN ANDSPÆNIS HAFINU MEÐ MÖMMU HEIMA VAR ALVEG NÓG TIL ÞESS AÐ VERA HAMINGJUSAMUR. HVAÐ ÞARF MAÐUR MEIRA?

Að standa frammi fyrir dauðanum án þess að hneigja sig fyrir honum, lúta honum eða vera hræddur við hann. Án þess að játast undir hans dóm. En nota bene, menn þurfa náttúrlega ekki að fá ólæknandi krabbamein til þess að vera meðvitaðir um dauðleikann. Viðhorf Alberts Camus til lífsins hefur alltaf verið mér mikið umhugsunarefni og innblástur, talandi um einn mann á strönd. Hans ídeal paradís er lítill drengur í mikilli sól, einn andspænis hafinu. Camus var alinn upp á norðurströnd Alsír í sárafátækt, mamma hans var ólæs. Hann er eini Nóbelsverðlaunahafinn sem átti ólæsa móður. Hann er fæddur 1913 og pabbi hans dó 1914 á vígvellinum þannig að hann kynntist honum aldrei. En að standa einn andspænis hafinu með mömmu heima var alveg nóg til þess að vera hamingjusamur. Hvað þarf maður meira?

Í upphafi Sísýfosarmýtunnar segir Camus að eina mikilvæga heimspekilega spurningin sem menn þurfa að svara sé spurningin um sjálfsmorð. Aðstæður okkar eru absúrd: við báðum ekki um að fæðast né þær kringumstæður sem við fæðumst inn í og allt þetta heila gillemoj. Þannig erum við framandi á þessari jörð og vesenið byrjar af því að við höfum sterka vitund um endanleika okkar. Vegna þess að við vitum að við munum deyja og það væri ekkert vandamál ef við hefðum ekki svona sterka vitund um það. Ef við værum eins og dýrin þá væri þetta lítið mál. Það er vitundin sem breytir öllu. Þannig að ef við ætlum að gera eitthvað í málinu þá skulum við bara gera það strax. Ef við hins vegar ákveðum að svipta okkur ekki lífi, þá skulum við hætta að væla og lifa lífinu algjörlega lifandi. Þannig að það er ofsaleg lífsgleði í raun og lífsþorsti í þessu heimspekilega viðhorfi Camus eins og ég skildi það um tvítugt. Þetta upptendraði mig ásamt Rimbaud.

**Afl breytinga**

Sigurður segir að veikindin sem hafi orðið hluti af lífi hans fyrir rúmum tveimur árum séu þannig í raun fyrst og fremst andlegt viðfangsefni. „Ég hygg að á margan hátt hafi ég verið ágætlega undirbúinn fyrir þetta verkefni. Þetta kom bara inn í eitthvert heildarviðhorf sem er lífsgleði. Ég syng áfram um lífið, vitandi að harmurinn er til, ég er ekki að gera lítið úr honum. Ég er heldur ekki að gera lítið úr óréttlætinu,“ segir Sigurður og staldrar við þetta fyrirbæri óréttlæti og við veltum því fyrir okkur hvort hann sé í raun pólitískt skáld, sbr. til að mynda fyrsta ljóðið í þeim hluta bókarinnar sem kennt er við Raddir.

„Já, ætli ég hafi ekki alltaf verið það en á minn hátt,“ segir Sigurður hugsi. „Í það minnsta menningarpólitískur. Mér finnst það að vera friðarsinni og talsmaður réttlætis vera á einhvern hátt óaðskiljanlegt frá einhverju heildarviðhorfi. Ég var í Ósló um daginn og fór niður að höfn. Þar er nýtt listasafn sem kallast Astrup Fearnley og Gunnar B. Kvaran stjórnar. Arkitekt þess er Ítali að nafni Renzo Piano. Ég opna þarna einhvern upplýsingabækling og þar



Sigurður leggur áherslu á að listin sé afl breytinga og að við þurfum að hleypa henni að okkur alla daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

OG FEGURÐIN GETUR BJARGAÐ HEIMINUM. ÞETTA ER EKKI BARA EINHVER HEIMSKULEG, RÓMANTÍSK HUGMYND, ÞETTA ER SANNLEIKUR.

## Mitt bóhemlíf

*Ég þvældist um með þumla í slitnum vösum,*
*mín þæfða peysa tákn um hugsjón mína.*
*Á jörðu drakk ég dreggjar andans bríma*
*og dreymdi heimsins ást á næstu grösum.*

*Mín buxnaspjör var orðin æði slitin.*
*Ég einn í draumi rímur kvað og valdi*
*mér næturstað við Stóra-Björn og taldi*
*mitt stjörnuhaf sem barst við mildan þytinn*

*og söng mér blítt. Ég sat á mótum vega*
*um síðkvöld haustsins, fann þar fagurlega*
*hve dögg af rósum draup á kinn, sem vín.*

*Í miðjum kynjaskugga einn ég orti*
*og undinn skóþveng sló, því lýru skorti;*
*þar bjuggu líka leyndarmálin mín!*

***Arthur Rimbaud***
***Þýðing: Sölvi Björn Sigurðsson***
***Uppljómanir & Árstíð í helvíti, bls. 121***

er viðtal við hann. Þar segir Piano: „Ég verð stöðugt sannfærðari um að listin getur bjargað heiminum. Og fegurðin getur bjargað heiminum. Þetta er ekki bara einhver heimskuleg, rómantísk hugmynd, þetta er sannleikur. Fegurðin er tilfinningareynsla, eitt af fáu sem getur keppt við annars konar og hættulega tilfinningareynslu: völd, stríð, sigur og ofbeldi. Listin er á vissan hátt eins og ástin: hún skiptir máli, hún er sterk.“

Mér fannst svo skemmtilegt að sjá einhvern ganga alla leið í svona fullyrðingum í stað þess að vera alltaf að afsaka sig eins og listamenn gera allt of mikið af. Þetta minnti mig á grundvallarviðhorf Thors Vilhjálmssonar sem var afar sterkt og einmitt fólgið í því að listin gæti í raun bjargað heiminum. Og að fegurðin skipti máli. Allt í einu rakst ég þarna á viðtal við ítalskan arkitekt sem kom mér aftur á þessa slóð Thors.

Þetta er eins og með ljóðlistina. Það er erfitt að tala um hana en það er samt hægt. Og á sama sama hátt er fullt af hlutum sem er hægt að segja af viti um listir og mikilvægi þeirra. Listin er afl breytinga og við þurfum að hleypa henni að okkur alla daga.“


TCHAIKOVSKY
★★★★★
„MAGNAÐUR ÉVGENÍ ONEGIN SLÆR Í GEGN"
„ÉG MÆLI MEÐ ÞESSARI SNILLD"
JÓNAS SEN, FRÉTTABLAÐIÐ
„SIGUR FYRIR ÍSLENSKU ÓPERUNA"
SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR, TMM
„SÝNING SEM ENGINN ÆTTI AÐ LÁTA FRAMHJÁ SÉR FARA"
MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR, VÍÐSJÁ
Évgení Onegin
HÖNNUN: HGM
AUKASÝNING 19. NÓVEMBER
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
MIÐASALA Á OPERA.IS & HARPA.IS
29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER
UPPSELT
#islenskaoperan
ÍSLENSKA ÓPERAN

# Elskaði *hana* frá fyrsta degi

**Brynja Dan** er ættleidd frá Srí Lanka. Hún stóð uppi foreldralaus átján ára gömul á Íslandi. Líf hennar breyttist með ævintýralegum hætti í sumar þegar hún fann blóðmóður sína og stórfjölskyldu. Að gefa barnið sitt til betra lífs finnst henni vera eitthvað það óeigingjarnasta og fallegasta sem hún getur hugsað sér.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Brynja Dan Gunnarsdóttir var kornung þegar hún var ættleidd frá Srí Lanka til Íslands. Hún fann líffræðilega móður sína með aðstoð Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, dagskrárgerðarkonu á Stöð 2, í sumar. Konu sem hún hefur haft fyrir augunum á ljósmynd síðan hún var lítil.

Brynja er 31 árs og býr í Garðabænum með fjölskyldu sinni. Hún fékk ábendingu um gerð þáttarins og ákvað að taka þátt.

„Þessi ljósmynd hefur alltaf verið það dýrmætasta sem ég hef átt. Þarna stendur blóðmóðir mín með mig í fanginu tilbúin að gefa mig til foreldra minna. Og nú hef ég fengið tækifæri til að tengjast henni og þakka henni fyrir það sem hún gaf mér. Stórkostlegt líf,“ segir Brynja.

**Foreldralaus átján ára**

Brynja á líka fötin sem hún kom í, skartgripi og ýmsa muni frá upprunalandinu. Foreldrar hennar, Snjólaug Stefánsdóttir og Dan Gunnar Hansson, féllu bæði frá þegar Brynja var unglingur.

Faðir hennar svipti sig lífi þegar Brynja var þrettán ára eftir glímu við þunglyndi og alkóhólisma. Móðir hennar fékk heilaæxli og féll frá eftir þriggja ára baráttu við veikindin. Átján ára stóð Brynja uppi foreldralaus.

„Foreldrar mínir voru yndislegt fólk, þau gáfu mér besta líf sem ég get hugsað mér. Ég er þeim afar þakklát en þau gættu allra gagna vel um uppruna minn með það í huga að ég gæti seinna leitað hans.

Á meðan þau voru á Srí Lanka að ná í mig þá tóku þau myndir og skráðu minningar. Ég á því mína fæðingarsögu skráða. Mamma stalst svo til að taka mynd af blóðmóður minni þegar hún er með mig í fanginu. Hún mátti það ekki, en gerði það samt,“ segir Brynja.

**Vísbendingar í bankahólfi**

Hún hafði séð fyrir sér þegar hún var ung að hún myndi leita upprunans með móður sinni. Þrátt fyrir fráfall hennar blundaði þráin áfram sterkt í henni. Þegar hún frétti af þáttum sem áttu mögulega að fara í framleiðslu ákvað hún að hafa samband.

„Þetta er eitthvað sem mig langaði að gera með mömmu og mömmu langaði að gera með mér.

Mamma vildi að ég fyndi ræturnar. Hún var með myndir uppi á vegg og hvatti mig til þess að rækta tengslin. Í hennar anda ákvað ég að taka Mána með. Mér fannst mikilvægt að hann fyndi líka rætur sínar. Hann er á réttum aldri til að meðtaka þetta allt saman og hann hefur staðið sig eins og hetja í þessu öllu saman,“ segir hún. „Ég hefði svo aldrei getað gert þetta með öðrum en Sigrúnu Ósk, hún studdi mig af alefli.“

Snjólaug varðveitti öll skjöl varðandi upprunann vandlega. Frumrit gagnanna voru geymd í bankahólfi í Landsbankanum og Brynja segist hafa fundið fjársjóð þegar hún náði í þau. Í bankahólfinu voru þær vísbendingar sem hún og Sigrún Ósk höfðu til leitarinnar að móður hennar. Nafn móður hennar, heimabærinn sem hún bjó í fyrir þrjátíu árum og spítalinn sem Brynja fæddist á. Þá kom í ljós merkileg tilviljun. Fæðingardagur blóðmóður hennar er dánardagur Snjólaugar móður Brynju, 21. apríl.

Kannski einhvers konar fyrirboði um að allt myndi ganga að óskum. Sem það gerði. Bróðir Snjólaugar, Guðmundur Árni Stefánsson, hafði lengi boðið Brynju aðstoð sína við að finna blóðmóður hennar. Brynja og Sigrún Ósk fóru á hans fund. Guðmundur ákvað að senda tölvupóst á ræðismanninn í Nýju-Delí í tilraun til að leita að henni. Svarið kom aðeins viku seinna. Hún var fundin. Í smábænum Bentota og vildi hitta dóttur sína.

Ferðalagið til Srí Lanka er langt og það er dýrt að ferðast þangað. Þetta var því dýrmætt tækifæri fyrir Brynju og son hennar, Mána Snæ. „Það er svo langt á milli að það er ekki hlaupið að því að taka sér þetta ferðalag á hendur. Þetta var því ótrúlega dýrmætt.“

**Menningarsjokk**

Ferðaundirbúningurinn var mikill og taugarnar voru þandar. Brynja hafði áhyggjur af því að passa ekki inn í hópinn, hún var hrædd við að vera hafnað og var varnarlaus. Á sama tíma var hún viðþolslaus af spenningi og hlakkaði til að sjá þau og heyra í þeim röddina, finna fyrir nærveru þeirra.

„Ferðalagið var langt, það tók sólarhring. Við lentum að endingu í Colombo og héldum til strandbæjarins Bentota. Við gistum í miðjum skógi og móðir mín átti von á okkur daginn eftir. Við tókum fyrsta daginn í að jafna okkur. Ég fékk smá menningarsjokk. Samt var þetta ekkert öðruvísi en ég bjóst við. Það var kæfandi hiti sem tók tíma að venjast. Það er líka mikil stéttaskipting. Það eru allir berfættir, en ávextir á hverju tré, hreint vatn og enginn svangur.

Ég fann fljótt að þar var ekkert stress. Ekki þessi klikkun. Þetta er bara allt öðruvísi samfélag. Rólegt, ljúft og allir glaðir. Sama hvort þeir eru með þrjátíu og tvær tennur eða tvær. Það situr eftir, hvað lífsgleðin er mikil,“ segir Brynja.

„Ég hugsaði svolítið um það að þótt mamma og pabbi væru dáin þá væru þau þarna með mér. Það var súrrealískt til dæmis að sjá fátæktina og umhverfið sem ég hefði getað alist upp í.“

**Geðshræring**

Svo rann upp stóri dagurinn. Hún fékk loks að hitta móður sína. „Þetta var yndislegur dagur en skrítinn því ég man eiginlega ekki neitt. Ég man að hún tók mig bara í fangið. Að það var eðlilegt og þægilegt. Ég held líka að ég hafi náð að koma því til skila að ég er þakklát henni fyrir að gefa mér gott líf. Ég man að hún þefaði af mér, þau gerðu það öll,“ segir hún og hlær.

„Þau voru svo öll afar brosmild og ljúf. Annars man ég lítið eftir þessu. Ég var í einhverjum öðrum heimi og rifja upp þessa stund með því að horfa á hana í sjónvarpsþættinum. Ég get bara sagt að þetta var algjör geðshræring og draumi líkast,“ segir Brynja.

Hún eyddi deginum með móður sinni og frændsystkinum. Hún kom aftur um kvöldið og þá voru þar komin systkinabörn og amma hennar. „Hún var ótrúleg. Pínulítil og hvíslaði einhvern veginn öllu inn í mann og knúsaði. Hún minnti mig á ömmuna í Pocahontas,“ segir Brynja frá.

Það er sterkur svipur með Brynju og móður hennar. „Já, það er sterkur svipur. Hún kleip í nefið á mér og sagði að þetta væri ættarnefið. Hún er kannski svolítið illa farin eftir erfiða ævi. Þau hafa það samt betra en ég þorði að vona. Þau eru ekkert rosalega fátæk. Fólk hefur enga þörf fyrir risasjónvarpsskjái. Þau búa í ágætis húsi og hafa í sig og á. Það eru allir mjög nægjusamir þar sem þau búa. Hún sá það alveg sjálf að við erum líkar. Hún sagði samt líka að ég hefði margt frá föður mínum. Hún vildi samt ekkert ræða um hann, sagði bara að hann væri giftur eða týndur og ég þrýsti ekkert á hana.“



Foreldrar Brynju, Snjólaug Stefánsdóttir og Dan Gunnar Hansson, féllu bæði frá þegar hún var unglingur. Átján ára stóð Brynja uppi foreldralaus. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Móðir Brynju laumaðist til þess að taka þessa mynd af blóðmóður hennar.

AUÐVITAÐ HEF ÉG Á EINHVERN FURÐULEGAN HÁTT ALLTAF ELSKAÐ HANA. EN ÞARNA VARÐ ÞAÐ RAUNVERULEGT. ÁSTIN BLOSSAÐI UPP EFTIR EINN DAG. SVO SÖNN OG INNILEG.








GILDIR 5. – 9. NÓVEMBER

# 20% AFSLÁTTUR
## AF LUNEVILLE HÚSGÖGNUM



**LUNEVILLE GLERSKÁPUR**
Áður 109.900,- NÚ 87.920,-
Stærð: 89.5x40xH193.5 cm.

**LUNEVILE HÁLFMÁNABORÐ**
Áður 29.900,- NÚ 23.920,-
Stærð: 84.5x45xH76.5 cm.

**LUNEVILLE INNSKOTSBORÐ**
**STÓRT**
Áður 19.990,- NÚ 15.992,-
Stærð: 64x43xH65 cm.
**MIÐSTÆRÐ**
Áður 15.990,- NÚ 12.792,-
Stærð: 48.5x38xH52 cm.
**LÍTIÐ**
Áður 9.990,- NÚ 7.992,-
Stærð:36x36xH40 cm.

**LUNEVILLE SKENKUR**
Áður 89.900,- NÚ 71.920,-
Stærð: 148x45.5xH88 cm.

**LUNEVILLE BLÓMASTANDUR STÆRRI**
Áður 15.990,- NÚ 12.792,-
Stærð: 36x36xH81 cm.

**LUNEVILLE BLÓMASTANDUR MINNI**
Áður 9.990,- NÚ 7.992,-
Stærð: 26x26xH62 cm.

**LUNEVILLE HLIÐARBORÐ**
Áður 49.900,- NÚ 39.920,-
STÆRÐ: 120X40XH76.5 CM.

**LUNEVILLE KOMMÓÐA**
Áður 59.900,- NÚ 47.920,-
STÆRÐ: 66.5X40.5XH103 CM.

20% AFSLÁTTUR

## NÝ ILMKERTI

## 3 FYRIR 2
## AF KERTUM

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS



Brynja og sonur hennar á hóteli í Colombo.

### Vill fá systur sína til Íslands

Leiðir Sigrúnar og Brynju skildi þegar þarna er komið sögu. Brynja fór til Colombo þar sem hún dvaldi í þrjá daga með syni sínum. Þar hitti hún alla stórfjölskyldu sína fyrir utan móður sína og eyddi með henni kvöldstund og hitti í fyrsta sinn systur sína. „Hún er 22 ára gömul og í háskólanámi í annarri borg. Hún kom með flugi til að hitta mig. Hún er algjör gullmoli og alveg sami guffinn og ég. Líka ótrúlega skemmtileg og alveg gullfalleg. Ég fór frá henni og frá Srí Lanka hágrátandi.

> ÉG GRÉT Í TVÆR VIKUR OG SVAF SVO Í TVÆR VIKUR. ÉG VAR BÚIN Á LÍKAMA OG SÁL OG ÁTTI EKKI ORKUDROPA EFTIR.

Þarna myndaðist sterk tenging og það var ömurlegt að kveðja eftir svona stutta stund. Það er fáránlegt að elska einhvern sem maður hefur bara hitt einu sinni. Að elska einhvern eftir einn dag. Því ég geri það svo innilega og af öllu hjarta,“ segir Brynja með tárin í augunum. Hún er enn að jafna sig og segist tala við systur sína á Skype. „Ég er staðráðin í að heimsækja þau aftur og er að reyna að fá systur mína í heimsókn til mín hingað til Íslands.

Það er enginn að reyna að koma í staðinn fyrir neinn. Ég held að það sé alltaf pláss fyrir fleiri í lífinu. Ég er bara allt í einu orðin svo rík,“ segir hún.

### Sterk tenging

Hún segist geta hugsað sér að prófa að búa á Srí Lanka í skemmri tíma eða fjölga heimsóknum sínum þangað. „Skammdegið fer ekki vel í geðið á mér og sólskinið á vel við mig. Ég gæti hugsað mér að vera með einhverja starfsemi þarna. Ég fór til dæmis í heimsókn á barnaheimili og það var erfitt, mig langar að gera eitthvað með það. Langar líka að eiga hús þarna og prófa að búa þarna í eitt ár. Ísland er samt heima. Ég gæti viljað haga því þannig að ég nái mér í einhverja tengingu þangað út. Það gæti orðið erfiðara fyrir mig að fá mömmu í heimsókn. Hún hefur aldrei farið í flugvél og það eru þrjú flug frá Srí Lanka til Íslands. En systir mín, það er von með að fá hana til landsins.“

### Bjó til foreldra

Fjölskyldu hennar úti fannst erfitt að heyra að Brynja hefði misst foreldra sína. Hún lagði þó áherslu á að hún hefði átt gott líf.

„Þeim fannst ekki auðvelt að heyra að ég hefði misst foreldra mína. En ég hef átt yndislegt líf þótt þau séu dáin. Ég fékk að ferðast, mennta mig, á yndislega vini. Fjölskylda er ekki eitthvað sem tengist með blóði. Mitt nánasta er mér mjög dýrmætt. Fjölskylda er bara fólkið sem elskar þig og þú elskar. Það hefur ekkert með blóðtengsl að gera eða skyldleika,“ segir Brynja.

„Ég er í nánu sambandi við vini mína og aðstandendur, þau eru fjölskylda mín. Þau eru fólkið sem hringir í mig, kemur til mín. Er með mér. Það er fólkið sem ég bjó til kerfi um þegar mamma dó. Þá bjó ég til úr minni nánustu fjölskyldu og vinum kerfi sem mynduðu foreldri. Frændi minn sá um fjármálin mín og vinkona mín kom til mín þrisvar til fjórum sinnum í kvöldmat í viku, áttum fjölskyldustund þannig. Tengdamóðir mín sá um að ala mig upp, móðir vinkonu minnar spurði hvort hún mætti vera amma barnsins míns. Hún gekk honum í ömmustað. Máni á því nokkrar ömmur. Ég bjó til þessa fjölskyldu úr öllum þeim sem voru í kringum mig. Þannig lærði ég að lifa af. Maður býr bara til eitthvað sem funkerar.“

### Sár söknuður

Þótt Brynja hafi verið þrautseig í að komast af og notið ástar og góðvildar þá er söknuðurinn sár. „Auðvitað er þetta erfitt. Ég get nefnt fullt af hlutum. Eins og að eignast barn. Auðvitað langar þig að hafa mömmu þína við hliðina á þér. Eða gifta þig, þú vilt hafa foreldra þína með. Ég verð sorgmædd þegar ég hugsa um þessa hluti. Ef maður giftir sig einn daginn, þá veit ég ekki hvort ég hlakka til eða kvíði fyrir. Á ég að sitja ein mín megin við háborðið og á enginn að leiða mig upp að altarinu? Auðvitað finn ég út úr þessum hlutum en ég hugsa samt um þá stundum. Það eru þessir hlutir sem ég kvíði fyrir,“ segir hún.

> ÉG FÓR TIL SÁLFRÆÐINGS ÁÐUR EN ÉG FÓR ÚT. EN SVO KOM ÉG HEIM OG EKKERT HEFÐI GETAÐ UNDIRBÚIÐ MIG UNDIR ÞETTA.

### Mikilvægt að undirbúa sig

Hún býr yfir reynslu sem hún getur miðlað til annarra sem vilja leggja í það að leita upprunans. „Maður á bara að fara þegar maður er tilbúinn. Og þó að maður sé tilbúinn þá þarf maður að undirbúa sig vel. Vera búinn að ræða málin með sálfræðingi og vera tilbúinn með plan þegar maður kemur heim. Hafa einhvern til að halda utan sig. Því það er erfiðast, eftirleikurinn. Mín saga endaði með mögulega bestu útkomu sem völ er á. Það er ekki alltaf þannig og því þarf stuðningsnetið að vera sterkt,“ leggur hún áherslu á.

Hún segir misjafnt hversu mikið þráin eftir að leita upprunans blundar í fólki.

„Ég held að þeir sem komi ættleiddir frá barnaheimilum hafi kannski minni þörf fyrir það að leita að ættingjum þar sem það er frekar vonlaust. En hjá okkur hinum sem höfum upplýsingar blundar þetta sterkar í okkur. Svo blundar í okkur öllum þessi þörf, að koma á staðinn sem við erum frá. Að kynnast menningunni, sjá annað fólk sem er líkt okkur og börnunum okkar. Þetta jókst þegar sonur minn fæddist. Ég fann hjá mér þörf til að sýna honum hvaðan hann er.“

### Lenti á vegg

Brynja segir þó ómögulegt að verja sig því tilfinningalega uppnámi sem fylgir því að finna ættingja sína eftir svo mörg ár. „Ég lenti á vegg þegar ég kom heim. Ég fór til sálfræðings áður en ég fór út. En svo kom ég heim og það var ekkert sem hefði getað undirbúið mig undir þetta. Ég grét í tvær vikur og svaf svo í tvær vikur. Ég var búin á líkama og sál og átti ekki orkudropa eftir. Ég á góða að og það hjálpaði mikið.

En ég veit ekki hvað það var. Líklegast var þetta spennufall eftir að hafa tekist á við þetta verkefni eftir þrjátíu ár. Að hafa ekki mömmu og pabba við hliðina á mér. Ég fann sterkt fyrir söknuði til þeirra því það var erfitt að standa í þessu án þeirra. Og að finna það út að ég á fjölskyldu sem hefur það ekki jafn gott og ég. Að hitta þau svona stutt.

Að vera þarna og vera farin daginn eftir. Systir mín átti afmæli stuttu eftir að ég fór heim. Ég var miður mín að hafa ekki náð að baka handa henni köku, verja með henni deginum. Að elska einhvern sem þú hefur hitt í svona stuttan tíma en gera það samt svo innilega. Ég get ekki skotist til þeirra. Það er svo margt sem er erfitt að takast á við,“ segir hún og nefnir það allra erfiðasta.

### Kom þakklætinu til skila

„Ég elskaði hana eftir einn dag. Auðvitað hef ég á einhvern furðulegan hátt alltaf elskað hana. En þarna varð það raunverulegt. Ástin blossaði upp eftir einn dag. Svo sönn og innileg.

Það að gefa barnið sitt til betra lífs er það óeigingjarnasta og fallegasta sem ég get hugsað mér. Ég hugsaði þetta sjálf þegar ég hélt á Mána nýfæddum. Mamma mín og pabbi sáu þetta og voru alltaf svo þakklát þessari konu. Þau voru alltaf staðráðin í að þakka henni fyrir þessa gjöf og ég er svo ánægð að ég hafi getað komið þakklæti þeirra til skila.“

## Myndir úr lífi Brynju



Ættarsvipurinn leynir sér ekki hjá Brynju og fjölskyldu hennar á Sri Lanka.





Brynja með Pran, bróður sínum, og systur sinni, henni Dilmi, og Mána Snæ.



Brynja með móður sinni Ranjani.



Gunnar Hansson, pabbi Brynju, með hana í fanginu.



Snjólaug, mamma Brynju, með hana tveggja mánaða gamla.



Máni Snær, sonur Brynju, og Dilmi.



Brynja, Máni og amma hennar sem er orðin 88 ára gömul.

**ÞEIM FANNST EKKI AUÐVELT AÐ HEYRA AÐ ÉG HEFÐI MISST FOR-ELDRA MÍNA. EN ÉG HEF ÁTT YNDISLEGT LÍF ÞÓTT AÐ ÞAU SÉU DÁIN.**



Fjölskylda Brynju á Sri Lanka á góðri stund.



Öll fjölskyldan, Pran, Ranjani, Dilma og amma hennar.



# HELGAR

**OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT**



PHILIPS
SJÓNVÖRP

Allt að **25.000 kr.** endurgreiðsla af keyptum Philips Ambilight sjónvörpum

ambi light

Gildir frá 14. október til 10. desember árið 2016 af Philips 7000 series Ambilight sjónvörpum.

**49" – 7.500 kr.**
**55" – 15.000 kr.**
**65" eða 75" – 25.000 kr.**

Þú hefur ekkert séð fyrr en þú hefur séð það með

**Ambilight**



Ariete

## HEILSUGRILL

MEÐ BRAUÐHITARA

**NÝJUNG**
**FRÁBÆRT VERÐ**

**VERÐ 7.995**

## PHILIPS RYKSUGUR
## 15% AFSLÁTTUR



PHILIPS

**VERÐ FRÁ 12.746**

## ALLAR LG ÞVOTTAVÉLAR OG LG ÞURRKARAR
## 10.000 - 50.000 KR. AFSLÁTTUR



LG

## BLENDTEC BLANDARAR
## 20% AFSLÁTTUR

blendtec

Öflugustu blandararnir í dag. Óbrjótanleg kanna og baklýstur snertiskjár. Súpur, smoothie, frosnir og heilir ávextir blandast best með Blendtec.



**Pro800**
**Hljóðlátasti blandarinn á markaðnum**

**8 ÁRA ÁBYRGÐ**

**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR**

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# TILBOÐ

**OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI**

***Ný verslun!***




## NÝ KYNSLÓÐ FRÁ LG

Byltingarkennd hönnun, örþunnur OLED skjár og stílhreint hljóðkerfi úr smiðju harman/kardon. Fullkominn svartur. Fullkominn litur. Það er LG OLED.

OLED HDR · Infinite Contrast · webOS 3.0 · Magic Remote · Sound Designed by harman/kardon · NETFLIX 4K

| 55" | 65" |
|---|---|
| LG OLED55B6V | LG OLED65B6V |
| TILBOÐ | TILBOÐ |
| **399.995** | **549.995** |
| VERÐ ÁÐUR 499.995 | VERÐ ÁÐUR 649.995 |

## ÖLL PANASONIC SJÓNVÖRP Á TILBOÐI




Úrval af 4K snjallsjónvörpum frá Panasonic á mögnuðu tilboðsverði.

**NOKKUR DÆMI**

| 40" | 49" | 55" |
|---|---|---|
| TX40DX600 | TX49DX600 | TX55DX603 |
| TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ |
| **99.995** | **114.995** | **149.995** |
| VERÐ ÁÐUR 114.995 | VERÐ ÁÐUR 139.995 | VERÐ ÁÐUR 189.995 |

## 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FISSLER POTTUM, POTTASETTUM OG PÖNNUM

Fissler



## NIKON SJÓNAUKAR 20% AFSLÁTTUR

Nikon



## BLUETOOTH HÁTALARAR 30% AFSLÁTTUR

PHILIPS · TDK · Panasonic







**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# TÖLVULISTINN 24 ÁRA

## BRJÁLUÐ AFMÆLISTILBOÐ UM HELGINA !

## LAUGARDAGSTILBOÐ

ÞESSI 8 TILBOÐ GILDA AÐEINS LAUGARDAGINN 5. NÓVEMBER




### 24" 144HZ LEIKJASKJÁR !

ASU-MG248Q
Sérhannaður Asus skjár fyrir kröfuharða leikjaspilara með 1ms svartíma og 144Hz tíðni. Ótrúlegur afsláttur.

**49.995**
ÁÐUR 64.995




### 15,6" FARTÖLVA MEÐ INTEL i3 !

ACE-NXGCEED060
Ótrúlegt afmælistilboðsverð fyrir þessa flottu Acer fartölvu með sprækum Intel i3 örgjörva.

**59.995**
ÁÐUR 74.995




### INTEL i5 BORÐTÖLVA MEÐ 256GB SSD !

ACE-DTB1REQ024
Örþunn borðtölva með fjögurra kjarna Intel i5 örgjörva, 8GB vinnsluminni og hraðvirkum 256GB SSD diski.

**99.995**
ÁÐUR 129.995




### ÞRÁÐLAUS HEIMILIS PRENTARI FRÁ EPSON

EPS-XP235
Helmingsafsláttur á nettum heimilisprentara sem skannar líka og ljósritar. Einfaldur og hagkvæmur í notkun.

**5.995**
ÁÐUR 11.995




### CORSAIR CARBIDE TURNKASSI !

COR-100R
Glæsilegur og sérstaklega hljóðlátur Corsair Carbide 100R með glugga, miklum tengimöguleikum og helstu nýjungum.

**9.995**
ÁÐUR 14.995




### BAKLÝST LYKLABORÐ ÍSLENSKIR STAFIR !

ASU-CERBERUSKEYBOARD
Asus Cerberus er harðgert LED lyklaborð með 12 forritanlegum hnöppum og íslenskum stöfum.

**6.995**
ÁÐUR 9.995




### NETTUR 2TB VASAFLAKKARI !

TOS-HDTB320EK3CA
Handhægur og traustur 2TB flakkari sem tekur straum í gegnum USB og passar auðveldlega í vasa

**12.995**
ÁÐUR 16.995




### 27" RAMMALAUS IPS SKJÁR !

AOC-I2781FH
Sérstaklega glæsilegur Ultra Slim og stór FullHD skjár með IPS skjátækni og frábærum myndgæðum.

**39.995**
ÁÐUR 49.995

Birt með fyrirvara um myndbrengl og vitleysur.

AÐEINS BROT AF AFMÆLISTILBOÐUNUM !

TÖLVU

# OPIÐ ALLA HELGINA

## KOMDU OG FAGNAÐU MEÐ OKKUR Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI !

# SUNNUDAGSTILBOÐ

**ÞESSI 8 TILBOÐ GILDA AÐEINS SUNNUDAGINN 6. NÓVEMBER**



-30.000

25 STK.

### 24" FULLHD SKJÁTÖLVA MEÐ i3 !

ACE-DQB3NEQ001
Glæsileg heimilistölva með Intel i3 örgjörva, kristaltærum skjá og Intel HD 5500 grafíkkjarna.

**109.995**
ÁÐUR 139.995



30 STK.

-40.000

### INTEL i5 OG STÓR 512GB SSD !

ASU-F556UADM331T
Ofurfartölva með kraftmiklum Intel i5 örgjörva, FullHD skjá og risastórum og hraðvirkum 512GB SSD.

**129.995**
ÁÐUR 169.995



-47%

30 STK.

### STEELSERIES FYRIR LEIKI OG TÓNLIST !

STE-51133
Hönnuð fyrir leikjaspilun en frábær líka fyrir tónlistina. Lokuð með mjúkum leðurpúðum og útdraganlegum hljóðnema.

**7.995**
ÁÐUR 14.995



-38%

15 STK.

### NÝJA BLACKWIDOW CHROMA X

RAZ-RZ0301760300R3N1
Splunkunýtt Razer Blackwidow mekanískt lyklaborð með 16 milljón litum og ótal forritunarmöguleikum.

**24.995**
ÁÐUR 39.995



-23%

10 STK.

### SMÁTÖLVA Á STÆRÐ VIÐ MINNISLYKIL !

ASU-TS10B004D
Fullbúin örtölva með Windows 10 sem tengist í HDMI. Intel Atom X5 örgjörvi og 32GB flash minni.

**22.995**
ÁÐUR 29.995



23 STK.

-25%

### 240GB SSD DISKUR !

COR-CSSDF240GBLEB
SSD er besta uppfærslan fyrir bæði fartölvur og borðtölvur. Hraðvirkur Corsair 240GB Force LE.

**9.995**
ÁÐUR 12.995



-33%

15 STK.

### 2 DISKA NAS HÝSING FYRIR HEIMILIÐ !

Eigðu öruggt afrit af öllum þínum dýrmætustu ljósmyndum, myndböndum og miðlaðu þeim í öll snjalltæki heimilisins.

**19.995**
ÁÐUR 29.995



-7.000

25 STK.

### VINSÆLASTI 24" SKJÁRINN OKKAR !

ASU-VX248H
Ofurþunnur og glæsilegur 24" tölvuskjár með HDMI tengi og innbyggðum hátölurum.

**29.995**
ÁÐUR 36.995

LISTINN

**DAGTILBOÐIN GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST !**

Samkvæmt skoðanakönnununum verða í

**FULLTRÚADEILD**

**224** REPÚBLIKANAR

**190** DEMÓKRATAR

**21** sæti er erfitt að segja til um

**435** ÞINGSÆTI





Samkvæmt skoðanakönnununum verða í

**ÖLDUNGADEILD**

**51** REPÚBLIKANI

**49** DEMÓKRATAR

**100** ÞINGSÆTI

# Demókratar bæta við sig



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr
@frettabladid.is

Demókratar virðast ætla að fá 190 sæti í fulltrúadeildinni en eru nú með 188. Repúblikanar halda meirihluta.

Öfugt við öldungadeild Bandaríkjaþings endurnýjar fulltrúadeildin sig öll á tveggja ára fresti. Kjörtímabilin eru sem sagt einungis tvö ár. Í síðustu kosningum, árið 2014, biðu Demókratar afhroð og misstu þrettán þingsæti af 435 til Repúblikana.

Því hafa Repúblikanar haft tögl og hagldir í báðum deildum þingsins undanfarin tvö ár. Hafa þeir verið með 247 þingsæti en Demókratar 188. Sá meirihluti Repúblikana er stærsti þingmeirihluti í meira en öld.

Ef marka má meðaltal skoðanakannana, sem RealClear Politics tekur saman, munu Repúblikanar enn halda ríflegum meirihluta. Alls mælast Repúblikanar með forskot í 224 kjördæmum, en hvert kjördæmi er einmenningskjördæmi og gefur þar af leiðandi eitt sæti.

Demókratar munu bæta við sig að minnsta kosti tveimur þingsætum og fá í heild um 190 þingsæti.

Þá er eftir 21 þingsæti þar sem enginn frambjóðandi er með öruggt forskot. Af þeim 21 þingsætum sem hvað harðast er barist um eru sautján nú í höndum Repúblikana en fjögur í höndum Demókrata. Ætti því að vera auðveldara fyrir Demókrata að bæta við sig en Repúblikana.

Afar líklegt er að Repúblikanar haldi meirihluta og því hafa frambjóðendur flokksins ekki verið jafn duglegir og frambjóðendur til öldungadeildar við að afneita Donald Trump, forsetaframbjóðanda flokksins, þegar hneykslismál hafa komið upp.

Jason Chaffetz, Repúblikani frá Utah, afneitaði Trump til dæmis í byrjun október. En þegar fylgi Trumps fór að aukast undanfarna daga dró hann afneitun sína til baka og segist nú ætla að kjósa Trump.

Paul Ryan, Repúblikani frá Wisconsin og forseti fulltrúadeildarinnar, hefur einnig átt í misjöfnu sambandi við forsetaframbjóðandann. Þegar vel gengur fer vel á með þeim en þegar Trump hefur dregist aftur hefur Ryan fjarlægt sig frá Trump án þess að lýsa yfir vantrausti.

**ÞESSI UMMÆLI VALDA MÉR ÓGLEÐI. OKKUR BER AÐ VIRÐA KONUR EN EKKI HLUTGERA ÞÆR.**

Paul Ryan, forseti fulltrúadeildarinnar



## Hlutverk þingsins og fyrirkomulag

Bandaríska þingið skiptist í tvær deildir, fulltrúa- og öldungadeild. Þingið fer að mestu leyti með löggjafarvaldið þótt forseti geti hafnað löggjöf þess og lagt fram sína eigin.

Nokkur munur er á starfi beggja deilda þingsins sem og fyrirkomulagi þeirra.

Hvert ríki Bandaríkjanna sendir þingmenn í báðar deildir. Hins vegar fara mismargir í fulltrúadeildina eftir hverju ríki enda miðast fjöldi fulltrúadeildarþingmanna við stærð ríkisins. Tveir fara frá hverju ríki í öldungadeildina. Sömuleiðis eru kjörtímabilin mislöng. Öldungadeildarþingmenn sitja í sex ár en fulltrúadeildarþingmenn tvö.

Hlutverk deildanna er líka misjafnt. Öldungadeildin getur ein samþykkt milliríkjasamninga og skipun embættismanna. Hins vegar sér fulltrúadeildin um almenna alríkislöggjöf.

Varaforseti gegnir ávallt hlutverki forseta öldungadeildarinnar en meirihlutinn kemur sér saman um forseta fulltrúadeildar. Ef atkvæðagreiðslur enda í jafntefli sker varaforsetinn úr um niðurstöðuna.

# Repúblikanar með forskot

Repúblikanar mælast með afar naumt forskot í öldungadeildinni. Samkvæmt skoðanakönnunum fá þeir 51 þingsæti en eru nú með 54.

Allt stefnir í spennandi kosningar um sæti í öldungadeild Bandaríkjaþings. Kosið er um þriðjung sætanna en þau eru hundrað alls.

Frá og með síðustu kosningum, árið 2014, hafa Repúblikanar verið með 54 öldungadeildarþingmenn og öruggan meirihluta. Flokkurinn hafði áður ekki verið með meirihluta síðan 2006.

Demókratar hafa hins vegar verið með 44 auk hinna óháðu Bernie Sanders og Angus King. Sanders skráði sig hins vegar í Demókrataflokkinn þegar hann sóttist eftir útnefningu flokksins til forsetaframboðs og King kýs venjulega með Demókrötum.

Nú stefnir hins vegar í að leikar jafnist töluvert. Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem RealClear Politics tekur saman er hvor flokkur um sig öruggur með að fá 47 þingsæti að loknum kosningum.

Er það öruggt annars vegar vegna mikils forskots og hins vegar vegna þess að ekki sé kosið um viðkomandi sæti. Til að mynda er ekki kosið um sæti King í ár.

Þá eru sex sæti eftir og er einkar tvísýnt um hvor flokkurinn muni ná meirihluta. Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að hvor flokkur um sig fái fimmtíu sæti, ef King er talinn með Demókrötum.

Sé tillit tekið til allra forskota, sama hversu naum þau eru, munu Repúblikanar fá 51 sæti.

Til að mynda mælist Repúblikaninn Joe Heck með 0,4 prósentustiga forskot á Demókratann Catherine Cortez Masto í Nevada.

Þegar forsetaframbjóðandi Repúblikana, Donald Trump, tók dýfu í skoðanakönnunum eftir að myndband birtist þar sem heyra mátti Trump tala um konur á óviðeigandi hátt kappkostuðu frambjóðendur Repúblikana að draga til baka stuðning sinn við Trump.

Gerðu þeir það væntanlega til þess að reyna að halda meirihluta í öldungadeildinni. Nú hefur Trump hins vegar saxað á forskot mótframbjóðanda síns, Hillary Clinton.

Á meðal öldungadeildarþingmanna sem afneituðu Trump voru Susan Collins frá Maine og John McCain frá Arizona.

**HEGÐUN DONALDS TRUMP GERIR MÉR ÓMÖGULEGT AÐ STYÐJA HANN.**

John McCain öldungadeildarþingmaður



## Repúblikanar halda öruggum meirihluta ríkisstjóra

Kosið verður um sæti tólf ríkisstjóra samhliða öðrum kosningum nú í nóvember. Í flestum ríkjum er hvert kjörtímabil ríkisstjóra fjögur ár. Undantekningarnar eru þó Vermont og New Hampshire, þar eru kjörtímabilin tvö ár.

Eins og stendur eru átján ríkisstjórar Demókratar, 31 er Repúblikani og einn, Bill Walker frá Alaska, er óháður. Hann er þó hliðhollur Demókrötum.

Öfugt við stöðuna í báðum deildum þingsins virðast Repúblikanar einna helst líklegir til að bæta við sig ríkisstjórum.

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana eru Repúblikanar öruggir með þrjátíu ríkisstjóraembætti, ýmist vegna þess að ekki sé kosið um þau í ár eða vegna forskots í könnunum.

Demókratar eru hins vegar ekki öruggir nema með fjórtán sæti og því langt frá því að að vera með meirihluta.

Það skilur eftir fimm ríkisstjóraembætti sem tvísýnt er um hvor flokkurinn vinni: Í Missouri, Indiana, Norður-Karólínu, Vermont og New Hampshire. Í þremur þeirra ríkja er Demókrati sitjandi ríkisstjóri en tveir eru Repúblikanar.

Kannanir benda heldur til þess að þau sæti haldist óbreytt en ekki. Þó munar minnu í þeim fylkjum þar sem Repúblikani er sitjandi ríkisstjóri og því ætti Demókrötum að reynast auðveldar að bæta þar við sig.

Einna hörðust er baráttan í Vermont. Þar mælist Repúblikaninn Phil Scot með eins prósentustigs forskot á Demókratann Sue Minter.

**30** RÍKISSTJÓRAEMBÆTTI TELJAST REPÚBLÍKANAR LÍKLEGIR TIL AÐ FÁ

**14** RÍKISSTJÓRAEMBÆTTI TELJAST DEMÓKRATAR LÍKLEGIR TIL AÐ FÁ

## Kosið um kannabis í fimm ríkjum

Kosið er um hin ýmsu mál í fjölmörgum fylkjum samhliða forseta-, þing- og ríkisstjórakosningum.

Á meðal mála sem kosið verður um er lögleiðing kannabisefna. Um slíka lögleiðingu verður kosið í fimm ríkjum. Þau eru Arizona, Kalifornía, Maine, Massachusetts og Nevada. Þá munu Flórída, Arkansas og Norður-Dakóta kjósa um lögleiðingu kannabisefna í lækningaskyni.

Nú þegar eru kannabisefni lögleg í Alaska, Colorado, Oregon, Washington og höfuðborginni sem einnig nefnist Washington. Þau eru lögleg í lækningaskyni í 20 fylkjum til viðbótar.

Samkvæmt skoðanakönnunum virðist sem öll fylkin fimm sem kjósa um lögleiðingu muni samþykkja löggjöfina.



50 prósent íbúa Arizona eru samþykk lögleiðingu en 42 prósent á móti. Meiri stuðningur er í Kaliforníu, þar eru 52 prósent hlynnt en fjörutíu á móti. Í Maine eru kjósendur enn hlynntari, 53 prósent hlynnt en 38 á móti.

55 prósent íbúa Massachusetts eru hlynnt lögleiðingu en fjörutíu prósent á móti og þá eru 44 prósent íbúa Nevada hlynnt en 38 prósent á móti.

Á meðal annarra mála sem kosið verður um víða um Bandaríkin er hækkun lágmarkslauna, skotvopnalöggjöf, skattalöggjöf og tóbakslöggjöf.

# MELTINGIN MIKLU BETRI NÚNA

**Icecare kynnir** Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla. Margréti Fanneyju líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Original og mælir hún heilshugar með því.

Margrét Fanney Bjarnadóttir segir Bio-Kult Original hafa komið meltingunni í jafnvægi og að hún sé allt önnur eftir að hún fór að taka það. „Ég hef alla tíð átt við meltingaróreglu að stríða. Það hefur ýmist allt verið stíflað hjá mér eða ég hef ekki haldið neinu niðri. Það gerðist svo 2012 að ég hélt bara engum mat niðri og léttist um fjörutíu kíló. Ég fór í allar mögulegar rannsóknir en ekkert virkaði við þessu,“ lýsir Margrét.

Vandamál Margrétar versnaði bara og hún fékk enga lausn. „Ég fór eftir leiðbeiningum að breyttu mataræði en vandamálið var enn til staðar.“

Margrét fékk ekki lausn sinna mála fyrr en hún hitti sérfræðing sem hefur reynst henni mjög vel. „Mér var ráðlagt að byrja að taka Bio-Kult Original til að koma meltingunni í jafnvægi og það hefur sko bjargað mér algjörlega. Ég tek eina Bio-Kult Original með kvöldmat og þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af maganum, ég er allt önnur,“ segir Margrét ánægð í bragði.

### ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“



Margréti Fanneyju líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Original.



Kolbrún Hlín mælir með Bio-Kult Candéa.




### BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál. Bio-Kult Original og Bio-Kult Candéa henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

### SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.






Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.






Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.




40+
**FEMARELLE REJUVENATE**
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

50+
**FEMARELLE RECHARGE**
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi

60+
**FEMARELLE UNSTOPPABLE**
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



IceCare
Þín heilsa

**Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast – vertu með okkur**

**Elskaðu.Lifðu.Njóttu.** Femarelle vörulínan


Eva Pandora ætlar að fara heim á Sauðárkrók og verja tíma með fjölskyldunni og klára að skipuleggja nafnaveislu fyrir litlu dóttur sína um helgina.


Þórdís Kolbrún ætlar að bjóða fjölskyldunni í síðbúinn bröns á morgun í tilefni afmælis síns sem var í gær.


Jóna Sólveig sér fyrir sér rólegan morgun, góða sundferð, göngutúr á bókasafnið og á kaffihús í kjölfarið, góðan kvöldmat og síðan fjölskyldubíókvöld um helgina.

# ÆTLA AÐ NJÓTA HELGARINNAR

Varla hefur farið framhjá neinum að mikil endurnýjun varð í röðum þingmanna í nýafstöðnum kosningum og að konur á þingi hafa aldrei verið fleiri en nú. Þrjár þingkonur eiga það sameiginlegt að ætla að eiga rólega helgi eftir kosningar.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Þær Jóna Sólveig Elínardóttir, þingmaður Viðreisnar, Eva Pandora Baldursdóttir, þingmaður Pírata, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, eiga það sameiginlegt að vera að setjast á þing í fyrsta sinn. Tíminn fyrir kosningar hefur verið annasamur hjá þeim öllum og lék blaðamanni forvitni á að vita hvernig fyrsta helgin þeirra sem þingmenn yrði.

**EVA PANDORA BALDURSDÓTTIR PÍRATAR**

**Hvað ætlar þú að gera fyrstu helgina sem þingmaður?** Ég ætla að fara heim á Sauðárkrók og verja tíma með fjölskyldunni og klára að skipuleggja nafnaveislu fyrir litlu dóttur mína, en hún er um næstu helgi. Einnig ætla ég að lesa bókina Háttvirtur þingmaður, sem er fræðslurit fyrir nýja þingmenn.

**Hvernig er draumahelgin þín?** Að fá að sofa til kl. 10, fá mér góðan morgunmat með manninum mínum, helst á náttfötunum uppi í rúmi og svo eyða helginni í dund, eins og að fara í göngutúr með stelpuna og hundana, heimsækja ömmu og svo finnst mér æðislegt ef ég næ inn góðum þrifum. Ég næ sjaldan jafn mikilli hugarró og þegar ég tek til og þríf heima hjá mér.

**Þegar þú gerir þér glaða stund um helgar, hvað finnst þér þá skemmtilegast að gera?** Fara á mannamót, hvort sem það er með fjölskyldu eða vinum. Mér finnst fátt skemmtilegra en að eyða tíma með fólkinu mínu. Umgjörðin skiptir eiginlega engu máli.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Heima.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Það eru svo margir sem mér dettur í hug og vil nefna en dóttir mín, maður og hundarnir eiga vinninginn þar. Svo er það líka dálítið lenskan úti á landi að fólk kemur oft óvænt í kaffi og mér þykir voðalega gaman að fá svoleiðis heimsóknir.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?** Smurð ostahorn og bananabitar úr Sauðárkróksbakaríi – ég gæti lifað á því!

**ÞÓRDÍS KOLBRÚN R. GYLFADÓTTIR SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR**

**Hvað ætlar þú að gera fyrstu helgina sem þingmaður?** Það vill nú þannig til að þetta er afmælishelgin mín, ég varð 29 ára í gær. Ég fylgist með ríkisstjórnarviðræðum, borða góðan (afmælis) mat, legg mig með nýfæddri dóttur minni og fjögurra ára sonurinn er mjög spenntur fyrir fyrsta göngutúrnum með litlu systur. Á morgun ætla ég að bjóða fjölskyldunni í síðbúinn bröns í tilefni afmælisins.

**Hvernig er draumahelgin þín?** Draumahelgin væri nú einhvers staðar í útlöndum að upplifa menningu, mat og sólskin með góðu fólki.

**Þegar þú gerir þér glaða stund um helgar, hvað finnst þér þá skemmtilegast að gera?** Það getur verið rólegur dagur á Akranesi með fjölskyldunni og heimsóknum til vina, bjóða vinum í góðan mat og drekka rauðvín eða vera boðin í góðan mat. Sundferð er fastur liður um helgar svo er alltaf notalegt að fara á kaffihús og í göngutúra.

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Heimatilbúin pitsa (þar verður að vera hvítlauksolía, klettasalat og helst humar eða margir ostar) og lambalærið à la pabbi heima hjá mömmu og pabba á Akranesi. Maðurinn minn eldar dásamlegan mat svo uppáhaldsmaturinn er oft bara það sem hann býður upp á í það skiptið.

**Ef þú ert nátthrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin? Hvað þá?** Ég er ekki mikill nátthrafn heldur sofna ég frekar snemma – líka þegar ég ætla að vaka. En ég elska popp og poppa oft á kvöldin – svona rétt áður en ég sofna í sófanum.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Fjölskyldunni, hvort sem það er litla fjölskyldan mín, eða foreldrar mínir, bræður og fjölskyldur eða tengdaforeldrar. Svo er dásamlegt að bjóða vinum í mat eða fara í matarboð, drekka rauðvín og tala út í eitt.

**JÓNA SÓLVEIG ELÍNARDÓTTIR VIÐREISN**

**Hvað ætlar þú að gera fyrstu helgina sem þingmaður?** Að því gefnu að helgin verði róleg – sem er alls óvíst – þá ætla ég að njóta þess að eyða tíma með Úlfi og stelpunum mínum þremur. Ég sé fyrir mér rólegan morgun, góða sundferð, göngutúr á bókasafnið og á kaffihús í kjölfarið, góðan kvöldmat og síðan fjölskyldubíókvöld.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?** Croissant og kaffi eða súkkulaðiseríós.

**Þegar þú gerir þér glaða stund um helgar, hvað finnst þér þá skemmtilegast að gera?** Vera með góðum vinum eða fjölskyldu og ræða saman um málefni líðandi stundar (lesist: stjórnmál).

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Ég myndi segja pitsa ef ég væri ekki búin að borða yfir mig af henni í kosningabaráttunni. Annars er kjöt í karríi hjá mömmu alltaf best, sama hvaða dagur er.

**Ef þú ert nátthrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin? Hvað þá?** Annaðhvort kaffi og súkkulaði eða saltstangir með sýrðum rjóma.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Úlfi, hann er klár í að finna upp á skemmtilegum hlutum. Hangs er í raun lífskúnst, þótt okkur sé oft innprentað annað. Úlfur er miklu meiri lífskúnstner en ég og þess vegna er frábært að hanga með honum. Hann heldur mér niðri á jörðinni og minnir mig á að njóta augnabliksins.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*




# VIÐ FÖGNUM 40 ÁRA AFMÆLI

## FJÖLDI TILBOÐA AF ÝMSUM VÖRUM AF ÞVÍ TILEFNI



TILBOÐSVERÐ
95.520
VERÐ ÁÐUR 119.400



JERSEY SJÓNVARPSSKÁPUR

TILBOÐSVERÐ
134.850
VERÐ ÁÐUR 179.800



FURNINOVA - TALIA SÓFI

TILBOÐSVERÐ
41.840
VERÐ ÁÐUR 52.300



JERSEY HLIÐARBORÐ

LAUGARDAGSTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM PÚÐUM Í DAG



TILBOÐSVERÐ
52.350
VERÐ ÁÐUR 69.800



WIRE SÓFABORÐ

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 | KÓPAVOGI | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARD. 11 - 16

# SIGRÚN HLÝTUR SKÚLAVERÐLAUNIN

**Sigrún Ólöf Einarsdóttir**, glerlistamaður í Bergvík, hlaut Skúlaverðlaunin í ár. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem var frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík en verðlaunin eru jafnan veitt fyrir nýja vöru sem kemur á markað.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Þetta hefur mikla þýðingu fyrir mig. Ég hef ekki verið mjög sýnileg um dálítinn tíma hér heima og því er gaman að ný vara fái athygli,“ segir Sigrún Ólöf Einarsdóttir glerlistamaður en hún hlaut Skúlaverðlaun Handverks og hönnunar í ár fyrir lampaseríuna Ljóma.

Sigrún hefur rekið glerblástursvinnustofuna Gler í Bergvík á Kjalarnesi í 36 ár og er eini glerlistamaðurinn á landinu sem notar þessa aðferð við glervinnslu.

„Ég hef einnig verið að vinna með aðrar aðferðir eins og að steypa glerið. Lamparnir eru til dæmis að hluta til ofnsteyptir og blásnir. Yfirleitt hef ég ekki kveikt á ofninum nema einu sinni á ári í nokkra mánuði, oftast fyrir jól. Nú ætla ég mér að breyta til og mun kveikja næsta sumar og opna verkstæði fyrir almenning. Ég mun líklega ekki blása í svo mörg ár í viðbót,“ segir Sigrún „Mér er í hag að fólk læri þessa tækni og ég hef bent áhugasömum á leiðir til þess að læra glerblástur. Þetta má ekki alveg deyja út með mér. Fólki er líka alltaf velkomið að hafa samband við mig til að fá að kíkja í heimsókn á verkstæðið og í galleríið hjá mér á Kjalarnesi,“ segir Sigrún en hún tekur einnig þátt í sýningu Handverks og hönnunar sem stendur nú yfir í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Þátttakendur sýningarinnar eru fimmtíu og átta talsins og fjölbreytnin eftir því. Meðal þess sem hægt er að skoða á sýningunni eru keramikvörur, skartgripir, fatnaður, munir úr horni og beini, leðurvörur og textíll, barnafatnaður og trémunir.



Sigrún Ólöf Einarsdóttir glerlistamaður hlaut Skúlaverðlaunin í ár. Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, afhenti verðlaunin en SI er styrktaraðili verðlaunanna. MYND/HANDVERK OG HÖNNUN

> Yfirleitt hef ég ekki kveikt á ofninum nema einu sinni á ári í nokkra mánuði, oftast fyrir jól. Nú ætla ég mér að breyta til og mun kveikja næsta sumar og opna verkstæði fyrir almenning.
> Sigrún Ólöf Einarsdóttir

Þetta er í tíunda sinn sem Handverk og hönnun stendur fyrir sýningunni í Ráðhúsinu. Í fréttatilkynningu segir að á hverju ári hafi aðsóknin ávallt verið mikil enda einstakt tækifæri til þess að kynna sér fjölbreytt íslenskt handverk, listiðnað og hönnun á einum stað. Listamennirnir og hönnuðirnir kynna sjálfir eigin vörur á sýningunni en henni lýkur á mánudag.

**Nánar má fylgjast með verkum Sigrúnar á www.gleribergvik.is og undir Gler í Bergvík á facebook.**



Lampar Sigrúnar eru bæði ofnsteyptir og blásnir.



„Ég hef ekki verið mjög sýnileg um dálítinn tíma hér heima og því er gaman að ný vara fái athygli,“ segir Sigrún.







# Síðustu TT námskeið fyrir jól!

*Innritun stendur yfir í síma 581 3730*

**TT-1 námskeiðin** okkar fyrir konur fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsrækt, sjálfsstyrkingu, fundi, vigtun og mælingar. Þessi sívinsælu námskeið hafa margsannað ágæti sitt og reynst konum afburðavel til að ná markmiðum sínum. Við bjóðum hvorki skyndilausnir né sveltikúra, heldur raunhæfar leiðir til að lifa góðu lífi.

**TT-3 námskeiðin** okkar eru fyrir 16-25 ára stelpur. Þetta eru sérsniðin lífsstílsnámskeið fyrir þær sem vilja taka mataræðið í gegn og komast í gott form. Við byggjum námskeiðin á áralangri reynslu af því að kenna ungmennum líkamsburð og listdans ásamt þekkingunni sem við höfum byggt upp af því að veita konum sambærilega þjónustu í gegnum tíðina.

**[ Komdu, við kunnum þetta ]**

**Nánari upplýsingar á jsb.is**

*Velkomin í okkar hóp!*

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 | 108 Reykjavík | Sími 581 3730 | jsb@jsb.is | **www.jsb.is**

# BESTA VIKA ÁRSINS Í REYKJAVÍK

**Samaris** hélt þrenna tónleika á Airwaves-tónlistarhátíðinni sem lýkur á morgun. Hátíðin er í miklu uppáhaldi hjá hljómsveitarmeðlimum og dagskráin er stíf. Þriðja plata sveitarinnar kom út í sumar og fékk góðar viðtökur.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is





**„Airwaves leikur stórt hlutverk í íslensku tónlistarlífi og okkur þykir mjög vænt um hátíðina. Þrátt fyrir hlaupin og geðveikina þá er þetta besta vika ársins," segja þær Áslaug Rún Magnúsdóttir (t.v.) og Jófríður Ákadóttir úr Samaris.** MYND/ERNIR

Hljómsveitin Samaris gaf út þriðju hljóðversplötu sína í sumar sem ber heitið Black Lights. Nýi gripurinn hefur fengið afar góða dóma, bæði hérlendis og erlendis, en í kjölfar útgáfunnar túraði sveitin um Evrópu.

Meðlimir Samaris, þau Jófríður Ákadóttir, Áslaug Rún Magnúsdóttir og Þórður Kári Steinþórsson, eyddu mánuði í tónleikaferðina í sumar og segja þær Jófríður og Áslaug það fyrirkomulag hafa hentað þeim vel. „Það er gott að taka stífan mánuð á veginum og fá svo frí í stað þess að vera sífellt flakkandi út og inn eins og stíllinn hefur verið hjá okkur síðustu ár. Við svona fyrirkomulag getur fólk einbeitt sér að því að halda tónleika og notið þess, í stað þess að reyna að gera allt í einu. Það er í raun ekkert betra en að sitja í bíl og keyra um í algjöru tímaleysi og þurfa ekki að einbeita sér að neinu öðru á meðan á því stendur og demba sér svo í annað þegar því er lokið."

## VINNA VEL SAMAN

Aðspurðar segja þær litlu atriðin helst aðgreina nýju plötuna frá fyrri verkum. „Munurinn á Black Lights og fyrri plötum liggur í smáatriðunum. Platan hljómar betur, hún er dekkri og dýpri en á sama tíma meira „upbeat". Við ýktum hljóðheiminn í allar áttir," segir Jófríður.

Vinnan við Black lights hófst þegar sveitin var á tónleikaferðalagi og segir Áslaug að þau hafi þá verið orðin aðeins leið á gömlu lögunum. „Við vildum meira partí og stuð. Því varð stúdíóvinnan mjög lituð af þessum hugmyndum. Við vildum gera lög sem væri skemmtilegt að flytja á tónleikum. Fyrsta lagið af plötunni sem fór í spilun var Wanted 2 say og er það mjög frábrugðið því sem við höfðum áður gefið út en hafði þó samt okkar sanna hljóðheim, klarinettið og röddina."

> Eins og margir íslenskir tónlistarmenn þá spilum við ekki bara með Samaris á hátíðinni svo aflsöppun er ekki á dagskrá fyrr en á mánudaginn.
>
> Jófríður Ákadóttir og Áslaug Rún Magnúsdóttir

Þær segja vinnuferlið hafa verið nokkuð strembið. „Í gegnum árin höfum við vaxið smá hvert frá öðru, við fluttum frá Íslandi og byrjuðum að sinna öðrum verkefnum. Það var því erfitt að hittast og vinna en þegar það loks gerðist vorum við fljót að fá „sound" sem allir voru ánægðir með. Við höfum alltaf átt auðvelt með að búa til tónlist saman, að ná öllum saman í eitt rými var erfiðasti parturinn."



**Slakað á fyrir tónleika í Utrecht.**

## REYKJAVÍK ALDREI FALLEGRI

Sveitin hélt þrenna tónleika á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni sem lýkur á morgun. Á fimmtudag og föstudag hélt hún tvenna „off-venue" tónleika og í gærkvöldi voru aðaltónleikar þeirra haldnir á Listasafninu í Reykjavík. Þegar rætt var við þær Jófríði og Áslaugu fyrr um daginn lofuðu þær algjöru partíi seinna um kvöldið. „Við erum síðust á svið í kvöld svo við ætlum að reyna að spila sett í takt við það. Hollenskir listamenn ætla að stjórna visúölum sem ættu að hjálpa til við að búa til hina fullkomnu draumkenndu stemningu. Þessu fylgir mikið skítamix en mér sýnist að allt sé að ganga upp og við hlökkum mikið til."

Samaris hefur þrisvar sinnum komið fram á Airwaves, fyrst árið 2011 en það ár vann sveitin Músíktilraunir. „Airwaves leikur stórt hlutverk í íslensku tónlistarlífi og okkur þykir mjög vænt um hátíðina. Þrátt fyrir hlaupin og geðveikina þá er þetta besta vika ársins. Reykjavík er aldrei fallegri, þrátt fyrir rigninguna og rokið. Eins og margir íslenskir tónlistarmenn þá spilum við ekki bara með Samaris á hátíðinni svo afslöppun er ekki á dagskránni fyrr en á mánudaginn. Þessi vika hefur einkennst af stöðugum fundum, viðtölum, sándtékki, tónleikum og djammi."

Þau eru öll á kafi í öðrum verkefnum sem tengjast tónlist. Sumarið var þó helgað Samaris en haustið öðrum verkefnum. „Við vonum að áhuginn á bandinu vaxi með hverju nýju efni sem við sendum frá okkur og að það nái til mismunandi hópa. En þetta krefst mikillar vinnu. Stundum vaknar spurningin um hvort þetta sé það sem okkur langar til að gera af fullum krafti, miðað við þau fjölmörgu mismunandi verkefni sem hafa komið upp hjá okkur. Við sjáum bara til hvað gerist í vetur."

**Hægt er að hlusta á nýju plötu Samaris, Black Lights, á bæði Spotify og Soundcloud.**



SÖLUFULLTRÚAR
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

Allar atvinnuauglýsingar vikunnar á visir.is

Samgöngustofa

Hjá Samgöngustofu hlakka um 140 öflugir starfsmenn til þess að þú bætist í hópinn. Lagt er upp með jákvæðan og skemmtilegan starfsanda, frumkvæði og þátttöku, auk þess sem mötuneytið er frægt fyrir frábæran mat. Samgöngustofa er öryggisstofnun sem annast stjórnsýslu og eftirlit með samgöngumálum á Íslandi. Á hverjum degi erum við að læra hvert af öðru og sinna viðskiptavinum af kostgæfni með það að markmiði að verða betri og betri. Frekari upplýsingar um Samgöngustofu er að finna á vef stofnunarinnar www.samgongustofa.is




# Framkvæmdastjórar hjá Samgöngustofu

Lausar eru til umsóknar tvær framkvæmdastjórastöður hjá Samgöngustofu. Framkvæmdastjórarnir bera ábyrgð á starfsemi síns sviðs gagnvart forstjóra og starfa í framkvæmdastjórn Samgöngustofu, ásamt öðrum framkvæmdastjórum, gæðastjóra, mannauðsstjóra og samskiptastjóra. Dagleg verkefni felast í því að unnið sé samkvæmt stefnu Samgöngustofu sem grundvallast á lögum um Samgöngustofu, kröfum innlendra og erlendra eftirlitsstofnana og í samræmi við þær alþjóðasamþykktir og samninga sem íslenska ríkið hefur staðfest.

Framkvæmdastjórarnir bera ábyrgð á áætlanagerð og að áætlunum sé framfylgt, stjórnun sinna deilda og samstarfi við önnur svið, deildir og verkefni Samgöngustofu. Mikil áhersla er á alþjóðlegt samstarf, samvinnu við hagaðila innanlands sem utan, þekkingu og reynslu á sviði samgangna og áhuga á skilvirkni í stjórnun og rekstri.

## Framkvæmdastjóri farsviðs

Hlutverk farsviðs er að annast stjórnsýslu og eftirlit með skráningu og viðhaldi flugvéla, skipa og ökutækja; hafa umsjón með námi og prófum til flug-, siglinga- og ökuréttinda; bera ábyrgð á skírteinaútgáfu í flugi og siglingum; sjá um leyfisveitingar til atvinnurekstrar í flugi, siglingum og umferð og hafa með höndum eftirlit með nýsmíði skipa.

## Framkvæmdastjóri mannvirkja- og leiðsögusviðs

Hlutverk mannvirkja- og leiðsögusviðs er að annast stjórnsýslu og eftirlit með flugleiðsögu, flugvöllum, flugvernd, siglingavernd, hafnarmannvirkjum, leiðsögu á sjó, umferðarmannvirkjum og leiðsögu í umferð. Veiting starfsleyfa, heimildarveitingar, tilnefningar þjónustuaðila og eftirlit með ofangreindum þáttum eru verkefni sviðsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur í bæði störfin:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfni
- Mikil reynsla í atvinnulífi og/eða stjórnsýslu
- Haldgóð stjórnunarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku
- Vilji og áhugi á samvinnu, samþættingu og þjónustu

Bæði ofangreind svið taka virkan þátt í mótun krafna og síðan innleiðingu reglugerða í samgöngum sem innanríkisráðuneytið setur. Megintilgangur þessarar starfsemi er að tryggja öryggi í samgöngum.

**Upplýsingar veitir:**
**Þórir Þorvarðarson**
thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Umsóknum skal fylgja kynningarbréf og ferilskrá.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. nóv. nk.**

Umsóknir um báðar stöðurnar verða yfirfarnar saman. Konur og karlar eru hvött til að sækja um stöðurnar.

Æskilegt að væntanlegir framkvæmdastjórar gætu hafið störf sem fyrst.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Hugbúnaðarþróun - einstakt tækifæri

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Erum með áhugavert framtíðarstarf fyrir metnaðarfullan forritara við hugbúnaðargerð og þróun lausna í .NET og C# auk samþættingar við aðrar hugbúnaðarlausnir. Einstakt tækifæri í boði fyrir réttan aðila.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Reyndur forritari
- Þekking og reynsla af forritun í C#, WCF auk góðrar þekkingar á MS SQL, Oracle þekking er kostur
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Vilji til þess að takast á við og leiða krefjandi verkefni

*Upplýsingar veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg, (**ari@intellecta.is)** í síma 511 1225. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á **www.intellecta.is** fyrir 14. nóvember 2016.*
***Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

Þörungaverksmiðjan hf.

*Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum sækir þang- og þara í Breiðafjörðinn og framleiðir mjöl af háum gæðum. Nýting sjávargróðurs er vottuð sem sjálfbær og vinnsla og afurðir eru lífrænt vottaðar. Ársverk eru um 20 í verksmiðju og á skipi félagsins auk verktaka á sláttuprömmum þess. Ársvelta er yfir 500milljónir kr. Afurðir eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu fóðurbætis, áburðar og snyrtivara auk alginats sem notað er í matvæla- og lyfjaframleiðslu. Þörungaverksmiðjan er að stærstum hluta í eigu FMC Health and Nutrition (71%) og Byggðastofnunar (28%). Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hefur gengið vel og er fyrirhugað að efla hann frekar á komandi árum. Á Reykhólum er mikil náttúrufegurð. Þar er m.a. grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, dvalarheimili, verslun, sundlaug, bókasafn og önnur þjónusta.*

# Öryggis- og gæðastjóri

**Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða öryggis- og gæðastjóra.**

**Öryggis- og gæðastjóri hefur yfirumsjón með öryggis-, umhverfis- og gæðamálum.**

### Helstu verkefni

- Öryggi starfsmanna og velferð og áhersla á umhverfismál eru alger forgangsatriði og þar gegnir öryggis- og gæðastjóri lykilhlutverki
- Stöðugar umbætur í öryggismálum, framleiðslu og gæðum vöru og þjónustu
- Eftirfylgni áætlana um öryggismál, endurbætur og framleiðni
- Samskipti við viðskiptavini og hagsmunaaðila
- Aðkoma að rekstri og viðhaldi á þróun gæða- og stjórnkerfa
- Þátttaka í áætlanagerð sem stuðlar að góðri nýtingu fjármuna, hráefna og starfskrafta

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum og lipurð í samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun á vinnustað
- Gott vald á ritaðri og talaðri ensku og íslensku
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, árangursmiðaður og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áræði til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

**Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla með góðum kjörum og húsnæði.**

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**).*
*Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf á íslensku og ensku.*
*Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember 2016. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***
***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

*Samorka hefur í nýrri stefnumótun sett sér að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi og hagsmuni orku- og veitufyrirtækja og að samtökin njóti trausts almennings og stjórnvalda sem leiði til farsællar þróunar í orku- og veitumálum á Íslandi.*

*SAMORKA er samstarfsvettvangur aðildarfyrirtækja og faglegur vettvangur þeirra í félags-, kynningar- og fræðslumálum.*

*Nánari upplýsingar um samtökin má finna á heimasíðu þeirra **www.samorka.is***

# Framkvæmdastjóri Samorku

Samorka óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að reyndum leiðtoga sem býr yfir góðri samskiptafærni, frumkvæði og skipulögðum vinnubrögðum. Einstaklingi sem hefur það sem þarf til að starfrækja jákvæðan vettvang um starfsemi orku- og veitufyrirtækja.

Hjá Samorku starfa í dag fimm manns og eru aðildarfélögin um 50 orku- og veitufyrirtæki um allt land. Samtökin eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á starfsemi SAMORKU gagnvart stjórn
- Innleiða og framfylgja stefnu og ákvörðunum stjórnar/aðalfundar
- Stuðla að og bera ábyrgð á góðum tengslum við aðildarfyrirtæki og rækta félags- og fræðslustarf
- Samskipti og upplýsingar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Þekking á starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja er kostur
- Þekking á umhverfismálum og nýtingu náttúruauðlinda er æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku, kostur að hafa einnig kunnáttu í Norðurlandamáli

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225.*
*Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2016. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Heilbrigðisráðherra mun setja í stöðuna til eins árs, sbr. 24. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Stefnt er að því að setja í stöðuna 1. janúar 2017. Heilbrigðisstofnun Vesturlands starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Heilbrigðisstofnunin veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands sem nær yfir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ, Dalabyggð, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp, Árneshrepp og Húnaþing vestra. Þá annast stofnunin starfsnám í heilbrigðisgreinum og starfar í tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Heilbrigðisstofnun Vesturlands er með fjölmennustu vinnustöðum á Vesturlandi þar sem starfa að jafnaði tæplega 400 manns og er ársvelta stofnunarinnar um fjórir milljarðar króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að Heilbrigðisstofnun Vesturlands starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhalds menntun kostur
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum.
- Þekking og reynsla á sviði heilbrigðisþjónustu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogahæfileikar.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsferil og starfsheiti, ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í embættið, skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, eða á postur@vel.is eigi síðar en 24. nóvember 2016. Upplýsingar um starfið veitir Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri (vilborg.ingolfsdottir@vel.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar heilbrigðisráðherra hefur tekið ákvörðun um setningu í embættið.

*Velferðarráðuneytinu, 3. nóvember 2016*



# LANDSPÍTALI ... FYRIR ÞIG!

**Móttökugeðdeild**

## SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Starf sérfræðings í geðlækningum á móttökugeðdeild 33C er laust til umsóknar. Deildin er 16 rúma og sinnir starfsfólk hennar greiningu og meðferð sjúklinga með alvarlegar og bráðar geðraskanir. Deildin sérhæfir sig jafnframt í greiningu og meðferð á konum með alvarlegar geðraskanir og/ eða ef grunur leikur á tengslaröskun á meðgöngu og eftir fæðingu.*

*Leitað er eftir sérfræðilækni með framúrskarandi samskiptahæfni sem og faglegan metnað og áhuga á að vinna með einstaklinga með bráðan geðvanda.*

**Erfða- og sameindalæknisfræðideild**

## LÍFEINDA-, LÍFEFNA- EÐA LÍFFRÆÐINGUR

*Hefur þú óbilandi áhuga á erfða- og sameindalæknisfræði. Við leitum eftir tveimur jákvæðum, sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingum í krefjandi störf.*

*Á deildinni starfa tæplega 30 manns í öflugu þverfaglegu teymi og í nánu samstarfi við aðrar deildir. Hjá okkur fara fram greiningar, vísindarannsóknir, ráðgjöf og kennsla heilbrigðisstétta í faginu.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**
WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

LANDSPÍTALI

UMHYGGJA • FAGMENNSKA • ÖRYGGI • FRAMÞRÓUN

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



# Ertu hönnuður af lífi og sál?

## Við leitum að samskiptaliprum og jákvæðum hönnuði

Lagnir og strengir í kerfi Veitna er um 9.000 km að lengd og gætu því náð frá Reykjavík til Sjanghæ, en gera sennilega meira gagn þar sem þau eru.

Veitur reka stærsta vatns-, hita-, raf- og fráveitukerfi landsins. Góð hönnun er ómissandi þáttur í uppbyggingu veitukerfanna og stuðlar að því að þau þjóni viðskipavinum okkar á tryggan og öruggan hátt. Sem hönnuður hita-, vatns- og fráveitukerfa tekur þú þátt í að móta stærstu veitukerfi landsins til framtíðar. Þú færð að fylgjast með helstu nýjungum í tækni og taka þátt í ýmsum umbótaverkefnum.

Síðast en ekki síst færðu að vinna í hópi hressra reynslubolta á öllum aldri af báðum kynjum sem njóta samvinnunnar.

### Mikilvægir eiginleikar

- **Menntun á sviði verk- og tæknifræði eða sambærilegt**
- **Reynsla af hönnun, s.s. í AutoCad**
- **Áhugi og þekking á veitukerfum**
- **Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð**

Við sækjumst bæði eftir konum og körlum til starfa.

Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi veitir **nánari upplýsingar** í netfanginu starf@veitur.is. Upplýsingar um starfið eru einnig á starf.or.is/veitur/ og þar fyllir þú út umsókn. **Umsóknarfrestur** er til og með 14. nóvember nk.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Kynntu þér Veitur á veitur.is og á Facebook

VEITUR

---

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

## Kvennaskólinn í Reykjavík óskar eftir starfsfólki

**Óskum eftir að ráða í eftirtalin störf:**

1. Þjónustuliða í mötuneyti og til ræstinga, 100% starf, vinnutími frá kl. 8:30 – 16:30 alla virka daga.
2. Almenn störf við ræstingar á dagvinnutíma, starfshlutfall 50 – 80%.

**Ráðið verður í störfin frá 1. janúar 2017 og verða laun greidd skv. kjarasamningi SFR og ríkisins.**

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og í hópi, eiga auðvelt með samskipti við nemendur og starfsmenn. Þurfa að skilja og geta tjáð sig á íslensku eða ensku.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Kvennaskólanum í Reykjavík, Fríkirkjuvegi 9, 101 Reykjavík eða á netfangið hjalti@kvenno.is, fyrir 1. desember n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður (hjalti@kvenno.is ) og fjármálastjóri (gudnyrun@kvenno.is ) í síma 580-7600 á dagvinnutíma.

*Skólameistari*

---

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

## Vilt ÞÚ bætast í hópinn?

**Fjölbreytt störf í boði - sendu okkur umsókn!**

» Sérkennari - Hvaleyrarskóli
» Félagsráðgjafi í barnavernd - Fjölskylduþjónusta
» Persónuleg aðstoð við fatlað fólk - Steinahlíð
» Verkefnastjóri - Frístundaheimilið Álfakot
» Frístundaleiðbeinandi - Hraunvallaskóli
» Skólaliði - Hraunvallaskóli
» Umsjónarkennari í 5. bekk - Hraunvallaskóli
» Náms- og starfsráðgjafi - Hraunvallaskóli
» Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli
» Stuðningsfulltrúi - Frístundaklúbburinn Kletturinn
» Leikskólakennarar - Álfaberg
» Þroskaþjálfi - Erluás
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Drekavellir
» Leikskólakennarar - Stekkjarás
» Kerfisstjóri - Tölvudeild
» Félagsliði í heimaþjónustu - Fjölskylduþjónusta

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR



**Rauði krossinn**
**Reykjavík**

# Forstöðukona Konukots

Rauði krossinn í Reykjavík vill ráða forstöðukonu í Konukot, næturathvarf fyrir húsnæðislausar konur í Reykjavík. Forstöðukona ber ábyrgð á rekstri og faglegri vinnu í athvarfinu og þeirri einstaklingsmiðuðu þjónustu við gesti sem starfskonur og sjálfboðaliðar veita.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af vinnu með jaðarsettum hópum
- Þekking á hugmyndafræði skaðaminnkunar
- Góð færni í samtalsaðferðum
- Fordómaleysi og umburðarlyndi í garð notenda athvarfsins

Forstöðukona Konukots stýrir starfi sex starfskvenna og um 50 sjálfboðaliða í samræmi við kröfulýsingu Reykjavíkurborgar um rekstur Konukots. Auk stjórnunarstarfa krefst starfið mikilla samskipta við gesti og opinbera aðila.

Forstöðukona Konukots þarf að vera sveigjanleg, lausnamiðuð, jákvæð og geta unnið óhefðbundinn vinnutíma að einhverju marki. Næsti yfirmaður er forstöðumaður Rauða krossins í Reykjavík.

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 15. nóv. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Landsvirkjun

## Við leitum að útsjónarsömum sérfræðingi á rannsóknardeild

Landsvirkjun rekur 16 aflstöðvar um allt land þar sem víðtækar mælingar eru framkvæmdar, allt frá árósum til hæstu jökla. Með niðurstöðum þessara mælinga er byggt upp umfangsmikið gagnasafn sem nýtist í fjölda mikilvægra verkefna. Í starfinu felst meðal annars söfnun og greining gagna auk miðlunar á niðurstöðum þeirra.

- Háskólamenntun í raungreinum
- Þekking á gagnaúrvinnslu
- Þekking á gagnasöfnun
- Frumkvæði, jákvæðni og lipurð í samskiptum

Sótt er um starfið hjá Capacent, á capacent.is. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (*audur.bjarnadottir@capacent.is*) og Sturla Jóhann Hreinsson (*sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is*). Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Mannauðsstjóri

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun. Í safninu starfa 80 manns.

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf mannauðsstjóra.**
Mannauðsstjóri heyrir undir sviðsstjóra rekstrar og upplýsingatækni, en sviðið er stoðsvið fagsviða safnsins. Mannauðsstjóri situr í framkvæmdaráði safnsins og tekur þátt í almennri stefnumótun. Hann ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni mannauðsmála, s.s. starfsþróun og fræðslu, ráðningum, kjaramálum og velferðarmálum, og veitir stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning.

## Helstu verkefni

- Náið samstarf við landsbókavörð og sviðsstjóra um mannauðstengd mál
- Ábyrgð á launavinnslu, kjaramálum og framkvæmd stofnanasamninga
- Umsjón með starfsþróun og fræðslu
- Umsjón með ráðningum, starfslýsingum, starfsmati og frammistöðumati
- Umsjón með innri vef og starfsmannahandbók
- Eftirlit með vinnuyfirlitum, fjarvistum og orlofstöku
- Önnur verkefni sem tengjast innra starfi safnsins

## Menntunar– og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði mannauðsmála
- Reynsla af mannauðsstjórnun og helstu verkefnum æskileg
- Þekking á kjarasamningum og reynsla af túlkun þeirra er æskileg
- Reynsla af launavinnslu og Vinnustund er kostur
- Mjög mikil færni í mannlegum samskiptum
- Mikil tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í miðlun upplýsinga

Um er að ræða 100% starf. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember 2016.
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður (iss@landsbokasafn.is) og Edda G. Björgvinsdóttir, sviðsstjóri rekstrar og upplýsingatækni (edda@landsbokasafn.is)

Sótt er um starfið rafrænt á vef Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins. Vakin er athygli á því að umsóknin gildir í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

## Bæjarbakarí í Hafnarfirði

óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu í framtíðarstarf.

Íslenskukunnátta skilyrði.

**Umsóknir sendar á bakari@bakari.is**

Uppl. í s. 555 0480

BÆJARBAKARÍ

ALÞINGI

## Alþjóðaritari

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir alþjóðaritara.
Nánari upplýsingar á starfatorg.is.

SKÓGARBÆR

**Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd**

## Hjúkrunarheimilið Skógarbær - eldhús

Starfsmann vantar í 90% starf í eldhús Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar. Um er að ræða vaktavinnu að hluta til. Starfsmaðurinn þarf að hafa reynslu af matreiðslu og bakstri og vera sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum. Mikilvægt er starfsmaðurinn tali íslensku, hafi góða samskiptahæfileika og þjónustulund.

**Ef nánari upplýsinga er óskað, má senda tölvupóst á netfangið olga@skogar.is**

**Umsóknir um starfið sendist með tölvupósti á olga@skogar.is fyrir 15. nóvember n.k.**

**Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn**




# MARKAÐSSTJÓRI NOVA ÓSKAST

## VIÐ LEITUM AÐ FULLKOMNUN!

Við leitum að markaðsdrifinni manneskju sem getur orðið besti vinur okkar, setið með okkur á skemmtilegustu fundum í heimi, gert með okkur tímamóta markaðsherferðir, hugsað í endalausum lausnum, verið trúnaðarvinur okkar, skammað þegar þörf er á, hvatt áfram og stýrt markaðsdeildinni á stærsta skemmtistað í heimi á vit nýrra ævintýra, tækifæra og hressandi áskorana! Eða með öðrum orðum, okkur vantar nýjan markaðsstjóra.

Menntun og reynsla eru bráðnauðsynleg. Sömuleiðis ódrepandi áhugi á markaðsmálum, víðsýni, samskiptahæfileikar, tæknikunnátta og allt það. Já, þú skilur þetta rétt — við erum að leita að fullkominni týpu sem getur allt.

Hjá Nova starfar öflugur hópur. Við hlaupum hratt og leggjum gríðarlega áherslu á sterka liðsheild. Við leitum að stjórnanda sem vinnur með okkur og tekur okkur skrefinu lengra.

**Hæfniskröfur:**
Háskólamenntun.
Brennandi áhugi og reynsla á sviði markaðsmála.
Stjórnunarreynsla á sviði markaðsmála.
Öflug sýn á nýjar leiðir að markaðssetningu á netinu.
Lífsgleði og gríðarleg skapgæði!

Nova er skemmtilegur og sveigjanlegur vinnustaður, þar sem ákaflega mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum, skemmtilegu samfélagi starfsfólks, góðum starfsanda og liðsheild. Áhugasamir sæki um á nova.is fyrir 14. nóvember.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

MARKAÐSFYRIRTÆKI ÁRSINS 2014 · VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2016 · ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*

Ístak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Fyrirtækið var stofnað árið 1970 og hefur séð um ýmsar framkvæmdir, svo sem virkjanir, stóriðjuver, jarðvinnuverk, hafnarframkvæmdir , vega- og brúargerð auk flugvalla. Enn fremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak er dótturfélag Per Aarsleff Holding a/s sem er leiðandi verktaki með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum.



**Vegna góðrar verkefnastöðu leitar ÍSTAK að metnaðarfullu og duglegu fólki sem hefur áhuga á framtíðarstörfum hjá öflugu verktakafyrirtæki. ÍSTAK býður upp á gott og öruggt starfsumhverfi og leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins.**

## TRÉSMIÐIR

Vanir trésmiðir óskast til starfa hjá ÍSTAKI við verkefni á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu.

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf og/eða mikil reynsla af smíðavinnu
- Góðir samskiptahæfileikar
- Reglusemi og stundvísi

## BYGGINGARVERKSTJÓRAR

Vegna aukinna verkefna leitar ÍSTAK að verkstjórum til að stýra byggingaframkvæmdum á Suðurnesjum og í Reykjavík. Verkefni fyrirtækisins eru aðallega á suðvesturhorninu en framundan eru spennandi verkefni hér á landi og erlendis.

**Hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkstjórn í byggingaframkvæmdum
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

## VERKFRÆÐINGAR / TÆKNIFRÆÐINGAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða verk- og tæknifræðinga í fjölbreytt verkefni á Íslandi með möguleika á tækifærum erlendis í framtíðinni.

**Hæfniskröfur:**

- Tækni- eða verkfræðinám
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og góð skipulagshæfni

**Nánari upplýsingar fást hjá Ístaki í síma 5302700 og á netfanginu mannaudur@istak.is. Sækja má um störfin á www.istak.is – undir Starfsumsókn.**

Ístak - Bugðufljóti 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - www.istak.is



# Burðarvirkjahönnuðir *

VSÓ Ráðgjöf leitar að verkfræðingum eða tæknifræðingum til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum á sviði burðarvirkja, áhugasömum einstaklingum sem búa yfir:

- Góðri menntun í burðarþolsfræðum.
- A.m.k. þriggja ára reynslu af hönnun burðarvirkja.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góðri kunnáttu í ensku og a.m.k. einu norðurlandamáli.
- Áhuga og getu til að leiða hönnunarverkefni.

Starfið felst einkum í hönnun burðarvirkja, áætlanagerð og annarri ráðgjöf á sviði húsbygginga og mannvirkjagerðar.

VSÓ býður starfsmönnum sínum samkeppnishæf kjör, góða vinnuaðstöðu, fjölskylduvænan vinnustað, góða vinnufélaga og fjölbreytt verkefni.

Hægt er að sækja um með því að senda tölvupóst á netfangið umsokn@vso.is merktan *Burðarvirkjahönnuður*, fyrir 21. nóvember.

***Erum einnig með laus til umsóknar t.d. störf tækniteiknara, rafhönnuða og verkefnastjóra. Kynntu þér málið nánar á www.vso.is**



*VSÓ Ráðgjöf er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins og vinnur að verkefnum jafnt á Íslandi sem erlendis. Starfsmenn VSÓ eru nú um 70 og sinna alhliða ráðgjöf vegna hverskonar mannvirkjagerðar, skipulags og umhverfismála.*

www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF
STOFNAÐ 1958

ICELANDIC LAMB · ROAMING FREE SINCE 874

# Icelandic Lamb vantar tvo nýja liðsmenn

Icelandic Lamb er spennandi fyrirtæki sem sér um kynningu og markaðssetningu á lambakjöti og sauðfjárafurðum innan lands og utan. Við leitum að tveimur nýjum liðsmönnum sem hafa frumkvæði og brennandi áhuga á fólki og mat. Í boði eru fjölbreytt og skemmtileg störf þar sem reynir á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum.

## Vefpenni

Óskum eftir að ráða starfsmann með góða þekkingu á blaðamennsku og vefmálum til að skrifa lipran texta og hafa umsjón með vefsvæðum okkar og samfélagsmiðlum auk annarra verkefna.

## Vefpenninn okkar þarf að:

- hafa gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- hafa reynslu af skrifum eða blaðamennsku
- hafa góða þekkingu á samfélagsmiðlum og vefmálum
- kunna að nota helstu tæki og tól eins og Google Analytics
- vera markaðslega þenkjandi

## Veitingatengill

Óskum eftir að ráða starfsmann sem mun hafa umsjón með víðtæku samstarfi við veitingastaði um allt land, vinna að vöruþróun, kynningarefni og öðrum tengdum verkefnum.

## Veitingatengillinn okkar þarf að:

- þekkja vel til veitingageirans
- hafa reynslu og menntun sem nýtist í starfi
- vera lipur, þjónustulundaður og markaðslega þenkjandi
- vera skipulagður, með almenna tölvukunnáttu og bílpróf

Sendu okkur línu fyrir **15. nóvember** á **info@icelandiclamb.is** ásamt ferilskrá og stuttu kynningarbréfi ef þú telur þig vera réttu manneskjuna í liðið okkar.

Nánari upplýsingar veitir **Svavar Halldórsson (563 0350).**

Icelandic Lamb | Hagatorg 1, 107 Reykjavík | icelandiclamb.is

---

www.veritas.is

VERITAS

# HEFUR ÞÚ ÁSTRÍÐU FYRIR MAT?

Veritas leitar að þjónustulunduðum samstarfsmanni í mötuneyti sem þjónar daglega um 100 starfsmönnum. Viðkomandi mun starfa undir handleiðslu matreiðslumeistara og taka þátt í öllum verkefnum sem lúta að eldhúsinu. Um er að ræða 50% starf frá kl. 10-14 virka daga en viðkomandi þarf að geta leyst af í fríum.

## » HELSTU VERKEFNI

/ Matargerð
/ Framreiðsla
/ Frágangur og þrif

## » HÆFNISKRÖFUR

/ Menntun á sviði matreiðslu eða matartækni æskileg, en ekki skilyrði
/ Reynsla af sambærilegu væri jákvætt
/ Góðir samskiptahæfileikar og framúrskarandi þjónustulund
/ Sjálfstæði í vinnubrögðum

Við bjóðum rétta aðilanum vinnu á framsæknum vinnustað þar sem hreinskiptni og áreiðanleiki skipta öllu máli.

Umsóknarfrestur er til og með **13. nóvember** n.k. Sótt er um í gegnum ráðningarvef Veritas **www.veritas.is.**

Nánari upplýsingar um starfið veita;

**Jón Elvar Hafsteinsson,** matreiðslumeistari / 824 7050
**Vilborg Gunnarsdóttir,** mannauðsstjóri / 824 7136

**VERITAS** SÉRHÆFIR SIG Í REKSTRI FYRIRTÆKJA Á SVIÐI HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU OG ER MÓÐURFÉLAG FYRIRTÆKJANNA **VISTOR HF., DISTICA HF., ARTASAN EHF.** OG **MEDOR EHF.** FYRIRTÆKIÐ ER KJÖLFESTA SAMSTÆÐUNNAR OG VEITIR ÞJÓNUSTU TIL DÓTTURFYRIRTÆKJANNA SVO ÞAU GETI EINBEITT SÉR AÐ KJARNASTARFSEMI SINNI.

vistor | ARTASAN | DISTICA | MEDOR | Jafnlaunaúttekt PwC 2016

---

# Útkeyrsla og almenn lagerstörf.

Starfið felst í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu, frágangi pantana o.fl. tilfallandi störf.

Umsækjandi þarf að geta séð um og keyrt sendibifreið fyrirtækisins, vera reglusamur og stundvís. Meirapróf æskilegt.

Meðmæla er óskað og hreins sakavottorðs er krafist. Fyrirtækið er staðsett í 221 Hafnarfirði. Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið box@frett.is merkt **„Lagerstörf-0511"**

---

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa, við fjölbreytt störf hjá þjónustufyrirtæki, við almennar raf-og tölvulagnir, ljósleiðaratengingar ásamt mörgu öðru.

Gerð er krafa um einstaklinga með góða reynslu, og sem geta unnið sjálfstætt og hafa öguð vinnubrögð.

**Umsóknir sendist á petur@raftaekjasalan.is**

**RAFTÆKJASALAN**
**RAFVERKTAKAR 856-0090**

---

# Löggiltur fasteignasali / Nemi

**Hof fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema í löggildingarnámi.**

Starfsreynsla er skilyrði. Starfið fellst í skráningu og sölu fasteigna. Upplýsingar veitir Guðmundur Steinþórsson löggiltur fasteignasali í síma 899 9600.

Umsókn skal senda á gummi@fasthof.is.



**Guðmundur H. Steinþórsson**
Lögg.fasteignasali
S: 899 9600
gummi@fasthof.is

hof

Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi | Sími: 5646464 | hof@fasthof.is | fasthof.is

---

## framkvæmdastjóri

Óskað er eftir framkvæmdastjóra listahátíðarinnar Listar án landamæra, umsækjandi þarf að geta hafið störf í byrjun janúar.

Starfið er fjölbreytt og skapandi og er starfshlutfall samkomulags atriði. Starfið felst m.a í: Mótun, umsjón, fjármögnun og framkvæmd hátíðarinnar. Framkvæmdastjóri sér m.a. um fjáröflun, skipulag, listræna stjórnun og kynningarmál.

**Umsækjendur mega gjarnan hafa:**
Þekkingu og áhuga á málefnum fatlaðs fólks, listrænan bakgrunn, góða samskiptahæfni, ríkt frumkvæði, metnað, sveigjanleika og reynslu af skipulagningu og fjármögnun listviðburða.

**Umsóknir sendist á netfangið:**
listanlandamaera@gmail.com til og með **20. nóvember 2016** merkt „Starfsumsókn".

**Frekari upplýsingar fást í s: 6918756, www.listin.is eða listanlandamaera@gmail.com**

LIST ÁN LANDAMÆRA

---

# Meiraprófsbílstjóri

BM Vallá óskar eftir að ráða dugmikinn og samviskusaman bílstjóra með meirapróf á sanddælubíl fyrirtækisins í Norðurhrauni í Garðabæ.

Starfið felst í útkeyrslu og afgreiðslu á sandi til viðskiptavina fyrirtækisins, viðgerðum og viðhaldi á múrvélum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Við leitum að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er skipulagður, stundvís og handlaginn. Þá þarf viðkomandi einnig að vera kurteis og búa yfir ríkri þjónustulund.

**Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á Björn Davíð Þorsteinsson, bjornd@bmvalla.is**

BM·VALLÁ

**BM Vallá ehf.**
**Bíldshöfða 7**

Galdrastál

## Galdrastál slf. – Járnsmiðja

Óskum eftir að ráða vandvirkan starfsmann í smíði og uppsetningu á framleiðsluvörum okkar.
Umsóknir sendist á galdrastal@gmail.com.
Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 869 8595, Sigurður

## Starfsmaður óskast

Leitum að samviskusömum og heiðarlegum einstaklingi, 24 ára eða eldri með bílpróf. Um er að ræða aðstoð í tvo tíma fjóra morgna, virka daga vikunnar, við ungann hreyfihamlaðan mann sem býr í Hafnarfirði. Myndi henta vel námsmanni snemma að morgni eða foreldri eftir að hafa farið með barn í skólann. **Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895-8488 eða 483-1088 eftir kl. 17:00 alla daga**

***Hjúkrún ehf.***

## Scintilla
ICELAND

Scintilla er íslenskt hönnunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í textílvörum fyrir heimili og hótel.

Við leitum að reyndri sölumanneskju í fullt starf sem getur unnið sjálfstætt. Áhugasamir sendi umsókn á **s@scintillalimited.com** fyrir 10 nóvember næstkomandi.

## Lögmenn athugið!

Tvö **skrifstofuherbergi** til leigu í starfsstöð Lögmanna Laugardal ehf. í **Sundagörðum 2, 2. hæð**. Aðföng, símsvörun, ljósritun, þrif, aðgangur að fundarherbergi o.fl. innifalið í leigu. Möguleiki er á **samstarfi** fyrir duglega lögmenn.



Fyrirspurnir sendist á johann@llaw.is

LÖGMENN LAUGARDAL

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is






## VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ MÓTA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI?

Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppitíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum tæknifólk í fremstu röð. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingakerfum landsins.

Það eru ekki margir sem uppfylla þau skilyrði, ert þú einn af þeim?

Við trúum á öfluga liðsheild og lifum og brennum fyrir áskoranir sem felast í flóknum upplýsingatæknikerfum.

Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar.

## Netstjóri

Kemur að rekstri, viðhaldi og uppbyggingu á netumhverfi RB og viðskiptavina þess. Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf fyrir öflugan einstakling.

**HELSTU VERKEFNI:**
- Kemur að rekstri, viðhaldi og uppbyggingu á netumhverfi RB og viðskiptavina þess
- Kemur að að netrekstri í meðal annars VMware, álagsdreifum og netöryggislausnum
- Tekur þátt í að byggja upp nýtt skýjaumhverfi

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Nokkurra ára reynsla af rekstri netbúnaðar og netöryggiskerfum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, en ekki nauðsynleg
- Cisco, Palo Alto, F5 eða önnur netvottun kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Metnaður í starfi og geta til að vinna sjálfstætt
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni

Nánari upplýsingar veitir Daníel Örn Árnason, forstöðumaður Grunnrekstrar, daniel.arnason@rb.is, sími 569 8877.

## Sérfræðingur á Rekstrarvakt

Við leitum að starfsmanni sem er sjálfstæður, samviskusamur og fylginn sér.
Við leitum að starfsmanni sem er næmur fyrir smáatriðum en sér samt stóru myndina.
Við leitum að starfsmanni sem er tilbúinn í vaktavinnu 24/7 og vinnur vel undir álagi þegar þess þarf.

**HELSTU VERKEFNI:**
- Rekstrarvakt RB sinnir vöktun og eftirliti með kerfum RB og annarra fjármálafyrirtækja, allan sólarhringinn, alla daga ársins
- Stuðningur og samskipti við aðra hópa innan sem utan fyrirtækis
- Regluleg verkefni eins og prófanir á tvöfaldri uppsetningu kerfa, skýrslugerð, eftirlit með keyrslu vinnsla
- Starfið býður upp á frábært tækifæri til að kynnast rekstri á mjög fjölbreyttu tækniumhverfi

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Tölvunarfræðingur eða sambærileg reynsla
- Reynsla af rekstri tölvukerfa er kostur
- Þekking á netþjónum, netkerfum, gagnagrunnum og sýndarumhverfi
- Þekking/reynsla af eftirlitskerfum er kostur
- Skipulagshæfni og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristjón Sverrisson, forstöðumaður Tæknireksturs, kristjon@rb.is, sími 569 8877.

## Sérfræðingur í vinnslustjórn

Við leitum að sérfræðingi til starfa í vinnslustjórnarteymi RB.
Við leitum að starfsmanni sem falla mun vel inn í góðan hóp starfsmanna sem sjá um daglega umsjón gangráða Reiknistofunnar og verkefna þar undir.

**HELSTU VERKEFNI:**
- Þróun og umsjón gangráða Dollar universe / Tivoli workload scheduler
- Umsjón verkefna sem framkvæmast í gangráðum RB
- Stuðningur við aðra hópa innan fyrirtækisins
- Mikil aðkoma að þróun og uppbyggingu lausna

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Tölvunarfræðingur eða sambærilegt nám
- Reynsla af rekstri tölvukerfa er kostur
- Reynsla, þekking í Oracle / SQL er kostur
- Skipulagshæfni og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristjón Sverrisson, forstöðumaður Tæknireksturs, kristjon@rb.is, sími 569 8877.

**Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.**

**Hægt er að sækja um á www.rb.is til 13. nóvember 2016.**

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.




RB

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

ÁRNASYNIR



# VERKEFNISSTJÓRI FRAMHALDSNÁMS

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands leitar eftir verkefnisstjóra framhaldsnáms til starfa í Nemendaþjónustu sviðsins, en hlutverk hennar er að aðstoða nemendur og kennara. Við leitum að einstaklingi með þekkingu og áhuga á kennslumálum í hóp úrvals starfsfólks sem hefur fagmennsku, góð samskipti og stöðugar umbætur að leiðarljósi.**

**STARFSSVIÐ**

- Umsjón með umsóknum og námsferlum framhaldsnema
- Þjónusta við nemendur og leiðbeinendur
- Samhæfing rannsóknanáms við rekstur rannsókna
- Verkefnastjórnun og þróun vinnuferla framhaldsnáms
- Þátttaka í fjölbreyttum verkefnum Nemendaþjónustu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, gerð er krafa um meistarapróf
- Þjónustulund og afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Reynsla og/eða þekking af verkefnastjórnun og gæðastjórnun er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember 2016.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Helga Agnarsdóttir kennslustjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs í síma 525 4646 og á netfangið ulla@hi.is.

**Sjá nánar um starfið www.hi.is/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

# Framkvæmdarstjóri

Óskum eftir að ráða framkvæmdarstjóra fyrir fyrirtæki í veitingarekstri og þrifum.

Um er að ræða heils - eða hálfsdagsstarf eftir samkomulagi.

Þarf að geta byrjað ekki síðar en **1. des. n.k.**
Góð þjónustulund og geta til að vinna sjálfstætt.
Þekking eða reynsla á rekstri fyrirtækja er kostur.Hreint sakavottorð skilyrði.

Umsóknir með ferilskrá sendist á fob@fob.is fyrir **9. nóvember n.k.**

PHO VIETNAMESE

## Afgreiðslustarf í ferðaþjónustu

Óskum eftir þjónustulunduðum og jákvæðum starfsmanni.

Um er að ræða fjölbreytt afgreiðslustarf í ferðaþjónustu í miðborg Reykjavíkur.

**Helstu verkefni:**
- Afgreiðsla og miðasala
- Samskipti við erlenda viðskiptavini
- Sala í minjagripaverslun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Þjónustulund og jákvæðni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður

Áhugasamir sendi ferilskrá á:
**framtid.atvinna@gmail.com**



# Byrjaðu hjá okkur,
## og breyttu heiminum.

**Viltu hjálpa okkur að taka á móti nýrri kynslóð nemenda, stafrænum frumbyggjum, sem eru á leið í skólana á næstu árum og mæta þeim á nýjum forsendum?**

**Tækniskólinn hefur það að markmiði að bjóða uppá framúrskarandi nám. Við leitum að kennurum á öll fræðasvið skólans, bók- og verkleg, sem hugsa út fyrir boxið. Kennurum sem eru tilbúnir að tileinka sér nýjungar og miðla reynslu og þekkingu af ástríðu.**

**Eitt af markmiðum Tækniskólans er að efla ímynd iðn- og tæknináms, með það að leiðarljósi að 25% grunnskólanemenda velji sér þá námsleið.**

**Kynnið ykkur fjölbreytt námsframboð á www.tskoli.is.**

**Nánari upplýsingar veita Jón B. Stefánsson skólameistari og Þór Pálsson aðstoðarskólameistari sem tekur við ferilskrám og kynningarbréfum á netfangið thp@tskoli.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar í trúnaði.**

*Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins er líflegur vinnustaður með um 280 starfsmenn. Helstu starfsstöðvar skólans eru á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og við Flatahraun. Glæsilegt mötuneyti er rekið á hverjum stað og skemmtilegir nemendur og uppátækjasamt starfsfólk einkennir vinnustaðinn.*

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

## STÖRF HJÁ VINNUEFTIRLITINU

- Eftirlitsmaður við véla- og tækjaeftirlit á höfuðborgarsvæðinu
- Mannauðsstjóri

Nánari upplýsingar á vef Vinnueftirlitsins
**www.vinnueftirlit.is**

VINNUEFTIRLITIÐ
FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA

Bildshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 550 4600 • vinnueftirlit@ver.is

---

MESA

## Málmiðnaðarmenn

**Á.M.Sigurðsson ehf** er fyrirtæki sem í **30 ár** hefur sérhæft sig í framleiðslu á fiskvinnsluvélum undir merkinu MESA. Við leitum að starfsmanni á verkstæði okkar í Hafnarfirði. Starfið felst í vinnu við ryðfrítt stál, suðu og alla almenna vinnu sem snýr að framleiðslu okkar.

**Hæfniskröfur**

- Viðkomandi þarf að geta lesið teikningar og talað íslensku.
- Við leggjum áherslu á stundvísi, snyrtimennsku og reglusemi.

Áhugasamir sendið umsókn á mesa@mesa.is eða síma 5652546

**Á.M.Sigurðsson ehf Hvaleyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður**

---

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Menntasvið**
- Kennsluráðgjafi
- Talmeinafræðingur
- Yfirsálfræðingur

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Álfaheiði
- Leikskólakennari í leikskólann Núp
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Núp

**Grunnskólar**
- Forstöðumaður dægradvalar Hörðuvallaskóla
- Skólaliði í Kársnesskóla
- Grunnskólakennari í Kópavogsskóla
- Starfsmaður í dægradvöl í Lindaskóla
- Umsjónarkennari í Smáraskóla
- Forfallakennari í Vatnsendaskóla

**Grunnskólar**
- Deildarstjóri íbúðakjarna
- Forstöðumaður íbúðakjarna
- Starfsmenn á heimili fatlaðs fólks

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.
ESA is independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States. The Authority is led by a College, which consists of three members appointed by the EEA EFTA States. The Authority is based in Brussels. It currently employs 70 staff members of 16 nationalities.

## Internal Market Affairs Officer Food Safety Unit

The Internal Market Affairs Directorate of the Authority is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law.

The Authority is recruiting an Internal Market Affairs Officer who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to Food Safety and the Veterinary area.

Tasks include examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports. In order to provide legal support to ESA's veterinary inspectors in their audits on food and feed safety, animal health and welfare of the food chain, the job holder will use their language skills and in-depth knowledge of the legal order and national administrations of Norway and/or Iceland.

**JOB REFERENCE 12/2016**

**Deadline for applications:** 27 November 2016
**Start date:** April 2017

For full details, including eligibility and selection criteria, an overview of our favourable conditions and how to apply please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

---



PÓSTURINN

## Stöðvarstjóri á Ísafirði

Pósturinn á Ísafirði óskar eftir að ráða í stöðu stöðvarstjóra. Stöðvarstjóri hefur umsjón með afgreiðslu, vinnslu og dreifingu á svæðinu eins og starfsmannaumsjón og skipulagningu verkþátta.

**Menntun/reynsla**
- Menntun sem nýtist í starfi, stúdentspróf og/eða rekstrarreynsla.
- Góð tölvu og bókhaldskunnátta er kostur.
- Sjálfstæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð ásamt jákvæðni og ríkri þjónustulund.

Nánari upplýsingar gefur Þór Reynisson, svæðisstjóri í síma 431-1001 eða í netfanginu thorr@postur.is

**Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2016**
Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. febrúar 2017. Óskað er eftir að umsóknum sé skilað rafrænt á umsóknarvef Póstsins **umsokn.postur.is.**

---

## VIÐSKIPTASTJÓRI Í SJÁVARÚTVEGI

ODDI
Prentun og umbúðir

**Oddi - prentun og umbúðir leitar að öflugum viðskiptastjóra í sjávarútvegsteymi sölusviðs.**
Viðkomandi aðili þarf að hafa ríka þjónustulund og geta unnið vel bæði sjálfstætt og í hóp. Reynsla af sölustörfum er nauðsynleg.

Upplýsingar um starfið veitir Bjarni Guðjónsson í síma **820 1417** eða **bjarnig@oddi.is**.

Áhugasamir sækja um starfið á oddi.is fyrir 11. nóvember.



Oddi er ein stærsta prentsmiðja landsins og er jafnframt einn stærsti og fjölbreyttasti framleiðandi umbúða á Íslandi, bæði úr pappa- og mjúkplasti. Framleiðslan er vel tækjum búin og býr að stórum hópi reyndra og vel menntaðra starfsmanna.



# LEKTOR Í LÍFRÆNNI EFNAFRÆÐI

**Laust er til umsóknar fullt starf lektors í lífrænni efnafræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands**

**HÆFNISKRÖFUR**

- Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í lífrænni efnafræði eða náskyldu fagsviði og starfað í a.m.k. eitt ár við rannsóknir sem nýdoktor
- Gert er ráð fyrir að sá er starfið hlýtur byggi upp sjálfstæðar rannsóknir, fjármagnaðar af sjálfsaflafé, sem standist alþjóðlegan samanburð
- Lektorinn mun kenna námskeið í lífrænni efnafræði, bæði í grunn- og framhaldsnámi og leiðbeina framhaldsnemum í rannsóknanámi

**Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar 2017.** Gert er ráð fyrir að kennarinn hefji störf 1. júlí 2017.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Dr. Sigríður Jónsdóttir, námsbrautarstjóri efnafræðinámsbrautar í síma 525 4802 og á netfangið sigga@hi.is.

Við Raunvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs stunda um 400 stúdentar nám í efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði. Þar af eru framhaldsnemar í meistara- og doktorsnámi um 60 talsins. Akademískir starfsmenn í raunvísindum eru um 40, kennarar og sérfræðingar við Eðlisvísindastofnun (EH). Stofnunin er rannsóknarvettvangur kennara, sérfræðinga og framhaldsnema sem stunda grunnrannsóknir í raunvísindum. EH hefur sterk alþjóðleg tengsl og mörg rannsóknarverkefni eru unnin í víðtæku samstarfi vísindamanna hérlendis og erlendis.

**Sjá nánar um starfið á www.hi.is/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Since 1932

*Hressingarskálinn*

LEITAR AÐ YFIRKOKKI

STARFSLÝSING
Stýra eldhúsi
Panta inn
Samskipti við birgja
Skipulagning vakta

HÆFNISKRÖFUR
Kokkamenntun
Frumkvæði
Sköpunargleði
Samskiptahæfileikar
Góð íslensku -og enskukunnátta

Ef þetta á við þig, endilega sendu póst á barco@barco.is

HEILSUGÆSLAN



## Sálfræðingur við Heilsugæsluna Fjörð
### Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Sálfræðingur óskast til starfa við Heilsugæsluna Fjörð. Um er að ræða 100% ótímabundið starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember 2016.**

Á heilsugæslunni Firði eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt hjúkrunarfræðingum, barnalækni, ljósmóður og riturum. Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

***Helstu verkefni og ábyrgð***

Móttaka barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra sem hefur verið vísað til sálfræðings vegna geðrænna vandamála.

Viðkomandi starfar í teymi með læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru heilbrigðisstarfsfólki á heilsugæslustöðinni og í náinni samvinnu við skóla og félagsþjónustu á svæðinu.

***Hæfnikröfur***

Leitað er að dugmiklum sálfræðingi með reynslu af meðferð geðrænna vandamála barna og unglinga. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á gagnreyndum meðferðarleiðum, s.s. hugrænni atferlismeðferð.

Nauðsynlegt er að búa yfir mikilli lipurð í mannlegum samskiptum og ástunda öguð og fagleg vinnubrögð. Mikilvægt er að viðkomandi geti unnið sjálfstætt en eigi einnig auðvelt með að vinna í þverfaglegu teymi.

Þörf er á góðri almennri tölvukunnáttu.

***Nánari upplýsingar***

Guðrún Gunnarsdóttir, svæðisstjóri
gudrun.gunnarsdottir@heilsugaeslan.is, s. 540-9400 og
Agnes Agnarsdóttir, fagstjóri sálfræðiþjónustu
agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is, s. 852-1225.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Sálfræðingafélag Íslands. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu og afrit af prófskírteinum og leyfisbréfi.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í sex mánuði.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**



# GOTT FÓLK ÓSKAST

## SÖLUMAÐUR VARAHLUTA

Við leitum að starfsmanni með reynslu og góða hæfni til sölu varahluta í vinnuvélar.

Góð ensku- og tölvukunnátta ásamt bílprófi skilyrði. Lyftarapróf æskilegt.

## VIÐGERÐARMENN

Við leitum að starfskröftum með reynslu og góða hæfni til vinnuvélaviðgerða.

## MECHANICS

We seek to employ mechanics with experience and good qualifications to work on machinery repairs.

Umsóknir sendist á **hg@velafl.is**
Umsóknarfrestur er til **15. nóv. 2016.**

VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Rauðhellu 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent
www.capacent.is

# Fjármálastjóri

**Laust er til umsóknar starf fjármálastjóra við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

**Meginverkefni fjármálastjóra verða:**

- umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar.
- gerð fjárhagsáætlana og samantekt áætlana í samvinnu við forstöðumann.
- kostnaðareftirlit, eftirfylgni og frávikagreining;
- vinnsla og framsetning upplýsinga um stöðu fjármála og fjárhagsuppgjör.
- aðstoð við forstöðumann í mannauðs- og kjaramálum;
- aðstoð við gerð starfsmannahandbókar, starfslýsinga og stofnanasamninga.

Um er að ræða fullt starf frá 1. desember 2016.

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun sem tengist starfssviðinu, reynslu af fjármálum og bókhaldi, þekkingu á opinberri stjórnsýslu og góða samskiptahæfni.
Reynsla af bókhaldi, uppgjöri, rekstri og fjármálastjórnun er æskileg. Reynsla af mannauðs- og kjaramálum er kostur.
Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg. Einnig er krafist traustrar enskukunnáttu og færni í einu Norðurlandamáli. Starfið krefst frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á rafrænu formi á netfangið kari.kaaber@arnastofnun.is, eigi síðar en **11. nóvember.**

Menntun þarf að staðfesta með afriti af prófskírteinum.
Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Kaaber, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (s. 525 4010, kari.kaaber@arnastofnun.is).



# Forstöðumaður íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið Kópavogsbæjar leitar að áhugasömum einstaklingi til að sjá um að skipuleggja og leiða starfsemi í íbúðakjarna í Dimmuhvarfi.

**Starfshlutfall og ráðningartími**

Um er að ræða 100% starf til frambúðar sem að mestu leyti fer fram í dagvinnu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfa eða mennta- og félagsvísinda
- Starfs- og stjórnunarreynsla í málefnum fatlaðs fólks skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkennd og frumkvæði

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ber ábyrgð á rekstri heimilisins í samræmi við fjárhagsáætlun
- Stýrir faglegu starfi og þróar innra starf í samræmi við stefnu bæjarins
- Sér um starfsmannamál og skipulag vakta
- Vinnur að gerð þjónustuáætlana og annast samskipti við aðstandendur og aðra aðila um málefni íbúanna
- Vinnur eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga .

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá velferðarsviði Kópavogs þurfa að skila sérstöku sakavottorði eða veita heimild til að leitað sé upplýsinga af sakaskrá.

Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember 2016.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðlaug Ósk Gísladóttir í síma 570-1500 og einnig í netfangið **gudlaugo@kopavogur.is**.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Vöruhúsasérfræðingur

Við leitum að talnaglöggum tölvunarfræðingi til starfa við rekstur og uppbyggingu á vöruhúsi gagna og viðskiptagreind í hagdeild Vodafone.

**Starfssvið:**

– Rekstur og þróun vöruhúss gagna
– Greining á gögnum
– Skýrslugerð
– Ýmis önnur verkefni á sviði viðskiptagreindar

**Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember nk.**
**Nánari upplýsingar er að finna á vodafone.is/storf**

**Vodafone**
Við tengjum þig



# BLÓMAVAL SKÚTUVOGI LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

## Blómaval Skútuvogi vill ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa.

Um er að ræða stöðu kassagjaldkera sem sinnir einnig tilfallandi störfum eins og vöruframsetningu.
Í boði er fullt starf ásamt helgarvinnu eftir samkomulagi.
Vinnutími er 10-19 virka daga.
Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.



Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking

**Hæfniskröfur**

- Rík þjónustulund
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Stundvísi
- Íslenskukunnátta

Umsóknir sendast á netfangið atvinna@husa.is
Umsóknarfrestur er til 15. nóvember

blómaval
heillandi heimur

---

SÓLVANGUR

## Hjúkrunarfræðingur óskast á hjúkrunarheimilið Sólvang í Hafnarfirði

Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingi með faglegan metnað og áhuga á öldrunarhjúkrun.

**Hæfnikröfur**

» Sjálfstæði í vinnubrögðum og faglegur metnaður
» Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
» Íslenskt hjúkrunarleyfi

**Frekari upplýsingar um starfið**
Um er að ræða morgun- og kvöldvaktir og er starfshlutfall samkomulagsatriði. Kvöldvaktir í hlutastarfi eða tímavinnu koma einnig til greina.

Sótt er um starfið rafrænt á; **www.solvangur.is, undir "laus störf"**. Öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknafrestur er til 8.nóvember.**

Nánari upplýsingar veitir Unnur G Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 855 7790 eða á netfanginu unnur@solvangur.is

---

# ÁHÆTTUGREINING

▶ Fjármálaeftirlitið óskar eftir öflugum forstöðumanni og sérfræðingi í áhættugreiningu fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Hlutverk teymis sem sér um áhættugreiningar er að greina helstu áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og leggja fram tillögur um stefnumótandi aðgerðir er varða stýringu þeirra. Teymið veitir einnig upplýsingar út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins um áhættu og ástand markaða og gerir tillögur um breytingar á lögum og reglum er varða stýringu áhættu á fjármálamarkaði.

## Forstöðumaður áhættugreininga

Við leitum að öflugum einstaklingi til að stýra teymi sem sér um áhættugreiningar fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Viðkomandi mun bera ábyrgð á faglegri þróun og framkvæmd áhættugreininga, gerð og framkvæmd verkáætlunar auk daglegs reksturs og þátttöku í stefnumótun og áætlanagerð. Krafist er háskólamenntunar á sviði fjármála og hagfræði, yfirgripsmikillar þekkingar og reynslu af fjármálamarkaði og áhættugreiningu. Reynsla af stjórnun og eftirlitsstörfum er æskileg.

## Sérfræðingur í rekstraráhættu

Við leitum að sérfræðingi í mati og greiningu rekstraráhættu fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Viðkomandi mun þróa aðferðafræði við mat á rekstraráhættu og hafa yfirsýn með þróun hennar á fjármálamarkaði. Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af fjármálamarkaði, auk þekkingar og reynslu af mati á rekstraráhættu.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsjón með störfunum hafa Sigurður Freyr Jónatansson framkvæmdastjóri greiningasviðs (sigurdur@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember nk. Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

---

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# UMSJÓNAMAÐUR NÓTNA

**Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu umsjónarmanns nótna frá og með 1. desember n.k.**

Umsjónarmaður nótna er tengiliður milli nótnasafns og hljómsveitar. Hann sér um að gera nótur aðgengilegar fyrir hljóðfæraleikara, ber ábyrgð á strokaferli og metur þörf fyrir æfingaparta. Hann ber ábyrgð á að nótur standi á hljómsveitarpúltum fyrir æfingar og tónleika og sér um frágang.

Umsjónarmaður annast ýmis önnur verkefni.

**Menntunar-og hæfniskröfur:**

- Skilyrði að umsækjendur hafi yfirgripsmikla þekkingu á tónlist og geti lesið nótur.
- Góð þekking á tónverkum og tónskáldum er kostur.
- Æskileg er framhaldsmenntun í tónlist.
- Áhersla er lögð á sjálfstæði í starfi, skipulagshæfni og fylgni til framkvæmda.

Umsækjendur eru beðnir um að senda starfsferilskrá til mannauðsstjóra (una@sinfonia.is)
Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem greint er frá ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Upplýsingar um starfið er einnig að finna á www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra, Unu Eyþórsdóttur (una@sinfonia.is) í síma 898-5017.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 11. NÓVEMBER 2016.**

SINFONIA.IS

---

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

VAKA

## Vaka hf. óskar eftir starfsmanni í fullt starf

### Bílstjóri

**Hæfniskröfur:**

- Meirapróf
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknafrestur er til **14. nóvember 2016**

Áhugasamir sendi inn starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is merkt:Bílstjóri – Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar

## Félagsmálastjóri

**Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélgsins Voga**

SANDGERÐISBÆR

Sandgerðisbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu félagsmálastjóra fyrir sameiginlega félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga. Íbúafjöldi á þjónustusvæðinu eru um 4.300.

**Ábyrgðar- og helstu verkefni:**

- Félagsmálastjóri ber faglega og rekstrarlega ábrygð á starfsemi félagsþjónustunnar samkvæmt lögum sem falla undir félagsþjónustu sveitarfélaga, stefnu og reglur í málaflokknum.
- Félagsmálastjóri heldur utan um fagþjónustu félagsþjónustunnar, bæði skipulag málaflokka og meðferð einstakra mála. Hann er yfirmaður starfsmanna félagsþjónustunnar.
- Félagsmálastjóri er bæjarstjórum bæjarfélaganna til ráðgjafar um málefni sem viðkoma félagsþjónustunni. Bæjarstjóri Sandgerðisbæjar er yfirmaður félagsmálastjóra.
- Félagsmálastjóri vinnur með sameiginlegri Fjölskyldu- og velferðarnefnd bæjarfélaganna, undirbýr fundi og málefni sem heyra undir nefndina samkvæmt lögum um félagsþjónustu.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólapróf og starfsréttindi sem félagsráðgjafi eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfinu.
- Reynsla af störfum við félagsþjónustu og barnavernd æskileg.
- Þekking og reynsla á áætlanagerð og stjórn fjármála.
- Reynsla og hæfni í starfsmannastjórnun og samskiptum er mikilvæg.
- Hæfni til að leiða þróun og uppbyggingu félagsþjónustu á þjónustusvæðinu.
- Góðir skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð.
- Frumkvæði og sveigjanleiki.

Leitað er eftir hæfum einstaklingi, konu eða karli, til að taka að sér fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf. Laun og launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun árs 2017.

Umsóknum skal fylgja ferilskrá um menntun, störf og stjórnunarreynslu ásamt kynningarbréfi og sýn umsækjenda á starfið undir hans/hennar stjórn.

**Umsóknum skal skila á sandgerdi@sandgerdi.is.**

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri (sigruna@sandgerdi.is) s. 4207500.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2016.**

## ÍSLENSK VERKMIÐLUN ER SÉRHÆFÐ ATVINNUMIÐLUN SEM LIÐSINNIR ÍSLENSKUM FYRIRTÆKJUM VIÐ AÐ TRYGGJA SÉR MANNAFLA TIL LENGRI OG SKEMMRI TÍMA Í BÆÐI SÉRHÆFÐ OG ALMENN VERKEFNI.

Fyrirtækið óskar eftir að ráða viðskiptastjóra í fullt starf.

Verkefni:

- Afla nýrra viðskiptatengsla
- Samskipti við núverandi viðskiptavini
- Eftirfylgni á verkefnum
- Samskipti og þjónusta við starfsfólk fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun æskileg
- Mikil reynsla af sölu og þjónustu
- Góð enskukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Skipulag og frumkvæði
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar

Erum að leita af aðila sem hefur létta lund og hefur gaman að því að mæta í vinnuna. Skemmtilegur vinnustaður hjá fyrirtæki sem er í miklum vexti og miklir möguleikar til staðar fyrir réttan aðila.
Umsóknafrestur til 13. nóvember.
**Umsóknir sendist á atvinna@isverk.is.**

Hjá Íslenskri Verkmiðlun sérhæfum við okkur í að útvega fyrirtækjum landsins færa starfsmenn í flestar greinar atvinnulífsins, allt frá mjög sérhæfðum iðnaðarmönnum yfir í almennt verkafólk og allt þar á milli. Íslensk Verkmiðlun á í farsælu samstarfi við virtar vinnumiðlanir víða um Evrópu og getur útvegað fyrsta flokks vinnuafl með tiltölulega skömmum fyrirvara.

ÍSLENSK VERKMIÐLUN

Íslensk Verkmiðlun ehf Ármúla 6 108 Reykjavik
info@isverk.is +354 571 5070

Íslensk verkmiðlun er aðili að Samtökum iðnaðarins. SI

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# HEFUR ÞÚ METNAÐ ...

**... til að vinna á stærstu lögmannsstofu landsins?**

**LOGOS** leitar að öflugum lögfræðingum til starfa á skrifstofu sinni í Reykjavík. Um fullt starf er að ræða og eru verkefnin fjölbreytt. Möguleiki er á starfi á skrifstofu LOGOS í London síðar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði sem og mjög góð íslensku- og enskukunnátta eru áskilin. Leitað er að einstaklingum sem sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, eru nákvæmir, einbeittir, metnaðarfullir og sýna vilja og getu til að takast á við krefjandi verkefni.

Áhugasamir eru beðnir um að senda inn ferilskrá ásamt kynningarbréfi á netfangið **umsoknir@logos.is** fyrir 18. nóvember nk.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar liggur fyrir.

Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Iceland
+354 5 400 300
+354 5 400 301
logos@logos.is
logos.is

Paternoster House
65 St Paul's Churchyard
London EC4M 8AB
United Kingdom
+44 (0) 207 920 3020
logos@logoslegalservices.com

LOGOS
REYKJAVÍK • LONDON

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Viðurkenndur bókari/Endurskoðandi

Endurskoðunarskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða löggiltan viðurkenndan bókara eða endurskoðanda til starfa. Um 70 - 100% starf er að ræða eftir nánara samkomulagi.




## » Starfssvið

· Skattaframtalsgerð fyrir einstaklinga og fyrirtæki
· Færsla bókhalds og afstemmingar
· Almenn bókhaldsstörf

## » Hæfniskröfur

· Menntun á sviði endurskoðunar eða löggilding sem viðurkenndur bókari eða sambærilegt
· Reynsla af vinnu við frágang ársreikninga og skattaframtala æskileg
· Haldbær reynsla á sviði bókhaldsstarfa
· Mjög góð tölvuþekking, m.a. Excel og bókhaldsforrit

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# SPENNANDI STÖRF Í STUÐNINGS- OG BÚSETUÞJÓNUSTU

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir til umsóknar störf í stuðnings- og búsetuþjónustu. Um er að ræða störf innan teyma sem veita einstaklingum, börnum og fullorðnum þjónustu sem þurfa stuðning vegna fötlunar, félagslegra aðstæðna, uppeldis barna, aðstæðna í daglegu lífi ofl. Vinnutími er dag, kvöld og/eða helgar. Starfshlutfall er eftir samkomulagi.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur að markmiði að veita íbúum hverfanna fyrirmyndarþjónustu og stuðla að góðu samfélagi fyrir alla í samvinnu við íbúa, félagasamtök, hagsmunaaðila og stofnanir í hverfunum. Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs sérfræðinga og áhersla lögð á heildarsýn og samþætta þjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Hvatning, ráðgjöf og stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur
- Aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Stuðningur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni
- Aðstoð og leiðbeiningar við heimilishald
- Eftirfylgd einstaklings- og þjónustuáætlana
- Virkt notendasamráð og samvinna við aðstandendur og aðra hagsmunaaðila
- Þróun og þátttaka í þverfaglegu starfi og faglegri uppbyggingu

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Góð almenn menntun
- Vera liðlegur í samskiptum, samviskusamur, heiðarlegur og jákvæður
- Áhugi á þróun og uppbyggingu faglegs starfs
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi og hæfni til að bregðast við óvæntum aðstæðum
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Reykjavíkurborgar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

**Nánari upplýsingar um störfin veita:**
**Katrín Harpa Ásgeirsdóttir í síma 411 1500 eða með því að senda fyrirspurnir á katrin.harpa.asgeirsdottir@reykjavik.is**
**Bára Denný Ívarsdóttir í síma 665 5873 eða með því að senda fyrirspurnir á bara.denny.ivarsdottir@reykjavik.is**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.
**Umsóknarfrestur er til 19. nóvember nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

---

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

# Kvennaskólinn í Reykjavík óskar eftir starfsfólki

**Óskum eftir að ráða í eftirtalin störf:**

1. Þjónustuliða í mötuneyti og til ræstinga, 100% starf, vinnutími frá kl. 8:30 – 16:30 alla virka daga.
2. Almenn störf við ræstingar á dagvinnutíma, starfshlutfall 50 – 80%.

**Ráðið verður í störfin frá 1. janúar 2017 og verða laun greidd skv. kjarasamningi SFR og ríkisins.**

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og í hópi, eiga auðvelt með samskipti við nemendur og starfsmenn. Þurfa að skilja og geta tjáð sig á íslensku eða ensku.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Kvennaskólanum í Reykjavík, Fríkirkjuvegi 9, 101 Reykjavík eða á netfangið hjalti@kvenno.is, fyrir 1. desember n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður (hjalti@kvenno.is ) og fjármálastjóri (gudnyrun@kvenno.is ) í síma 580-7600 á dagvinnutíma.

*Skólameistari*

---

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

## Vilt ÞÚ bætast í hópinn?

**Fjölbreytt störf í boði - sendu okkur umsókn!**

» Sérkennari - Hvaleyrarskóli
» Félagsráðgjafi í barnavernd - Fjölskylduþjónusta
» Persónuleg aðstoð við fatlað fólk - Steinahlíð
» Verkefnastjóri - Frístundaheimilið Álfakot
» Frístundaleiðbeinandi - Hraunvallaskóli
» Skólaliði - Hraunvallaskóli
» Umsjónarkennari í 5. bekk - Hraunvallaskóli
» Náms- og starfsráðgjafi - Hraunvallaskóli
» Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli
» Stuðningsfulltrúi - Frístundaklúbburinn Kletturinn
» Leikskólakennarar - Álfaberg
» Þroskaþjálfi - Erluás
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Drekavellir
» Leikskólakennarar - Stekkjarás
» Kerfisstjóri - Tölvudeild
» Félagsliði í heimaþjónustu - Fjölskylduþjónusta

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

SKÓGARBÆR

**Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd**

## Hjúkrunarheimilið Skógarbær - eldhús

Starfsmann vantar í 90% starf í eldhús Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar. Um er að ræða vaktavinnu að hluta til. Starfsmaðurinn þarf að hafa reynslu af matreiðslu og bakstri og vera sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum. Mikilvægt er starfsmaðurinn tali íslensku, hafi góða samskiptahæfileika og þjónustulund.

**Ef nánari upplýsinga er óskað, má senda tölvupóst á netfangið olga@skogar.is**

**Umsóknir um starfið sendist með tölvupósti á olga@skogar.is fyrir 15. nóvember n.k.**

**Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn**

Galdrastál

## Galdrastál slf. – Járnsmiðja

Óskum eftir að ráða vandvirkan starfsmann í smíði og uppsetningu á framleiðsluvörum okkar.
Umsóknir sendist á galdrastal@gmail.com.
Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 869 8595, Sigurður

## Starfsmaður óskast

Leitum að samviskusömum og heiðarlegum einstaklingi, 24 ára eða eldri með bílpróf. Um er að ræða aðstoð í tvo tíma fjóra morgna, virka daga vikunnar, við ungann hreyfihamlaðan mann sem býr í Hafnarfirði. Myndi henta vel námsmanni snemma að morgni eða foreldri eftir að hafa farið með barn í skólann. **Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895-8488 eða 483-1088 eftir kl. 17:00 alla daga**

*Hjúkrún ehf.*

## Scintilla
ICELAND

Scintilla er íslenskt hönnunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í textílvörum fyrir heimili og hótel.

Við leitum að reyndri sölumanneskju í fullt starf sem getur unnið sjálfstætt. Áhugasamir sendi umsókn á **s@scintillalimited.com** fyrir 10 nóvember næstkomandi.

*Mannverk óskar eftir að ráða öfluga aðila í pípulagningadeild fyrirtækisins.*

**MANNVERK** FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

## Mannverk – Verkefnastjóri pípulagna

**Helstu verkefni**
- Fagleg yfirumsjón með pípulögnum í verkefnum Mannverks
- Tilboðsgerð og efnisinnkaup
- Yfirumsjón á verkstað
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Framvinduskýrslur
- Úttektir og gæðamál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Umsækjandi þarf að getað unnið sjálfstætt og hafa stjórnunarreynslu
- Meistararéttindi í pípulögnum og tæknimenntun kostur en ekki krafa
- Mikil og farsæl starfsreynsla í pípulögnum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

## Mannverk – Verkstjóri pípulagna

**Helstu verkefni**
- Pípulagningar
- Verkstýring á verkstað
- Forgangsröðun á verkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í pípulögnum skilyrði, meistararéttindi eru kostur.
- Reynsla af verkstýringu
- Umsækjandi þarf að getað unnið sjálfstætt
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Verkefnastaðan er mjög góð næstu árin og þörf fyrir að bæta við hæfu fólki.
Nánari upplýsingar um störfin veitir Laufey Gunnþórsdóttir, verkefnastjóri (laufey@mannverk.is) í síma 771-1112.
Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið mannverk@mannverk.is.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember 2016.**

*Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna- , hönnunar- og byggingastjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Mannverk er ábyrgt og framsækið fyrirtæki og leggur áherslu á öfluga liðsheild. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.mannverk.is*

Mannverk ehf – Hlíðasmári 12 201 Kópavogi – Sími 519-7100 – mannverk.is

## Lögmenn athugið!

Tvö **skrifstofuherbergi** til leigu í starfsstöð Lögmanna Laugardal ehf. í **Sundagörðum 2, 2. hæð**. Aðföng, símsvörun, ljósritun, þrif, aðgangur að fundarherbergi o.fl. innifalið í leigu. Möguleiki er á **samstarfi** fyrir duglega lögmenn.
Fyrirspurnir sendist á johann@llaw.is



LÖGMENN LAUGARDAL



Valka

valka.is

# VILTU GANGA TIL LIÐS VIÐ FYRIRTÆKI Í SÓKN?

**Valka** er ört vaxand hátæknifyrirtæki sem þróar, hannar og framleiðir vél- og hugbúnað fyrir fiskvinnslu. Hjá **Völku** eru margbreytileg störf í boði þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Leitað er að öflugum einstaklingum í hópinn okkar sem eru nákvæmir í vinnubrögðum, sýna frumkvæði og metnað. Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um.

## RAFVIRKI

Valka leitar að ábyrgum og traustum rafvirkja í framleiðsluteymi fyrirtækisins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Töflusmíði og samsetning rafbúnaðar í tækjum Völku
- Þátttaka í uppsetningu á tækjabúnaði innanlands og erlendis
- Önnur tilfallandi störf í samráði við yfirmann

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla af rafmagnsvinnu við stýringar er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð þekking á vélum og tækjum er kostur

## STARFSMAÐUR Á LAGER

Valka leitar að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa á lager fyrirtækisins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Umsjón með lager
- Móttaka á vörum og afgreiðsla af lager
- Tiltektir í framleiðsluverk
- Aðstoð í framleiðslu ef þörf krefur
- Önnur tilfallandi störf í samráði við yfirmann

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af lagerstörfum er kostur en ekki skilyrði
- Bílpróf skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og sveigjanleiki

**Umsóknarfrestur er til 20 nóvember nk.** Umsóknir skal senda á netfangið **robert@valka.is**
Nánari upplýsingar um störfin veitir Róbert Hafsteinsson, framleiðslustjóri í síma 898 6090 eða á robert@valka.is

Kría hönnunarstofa www.kria.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



# Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Forstjóri Heilbrigðisst. Vesturl. | Velferðarráðuneytið | Akranes | 201611/1433 |
| Sérfræðingur í rekstraráhættu | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201611/1432 |
| Forstöðumaður áhættugreininga | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201611/1431 |
| Starfsfólk | Kvennaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201611/1430 |
| Geislafræðingur, deildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201611/1429 |
| Geislafræðingur, hlutastarf | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201611/1428 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, móttökugeðdeild 33C | Reykjavík | 201611/1427 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201611/1426 |
| Sálfræðingur | Heilsugæslan Fjörður | Hafnarfjörður | 201611/1425 |
| Sjúkraliði í heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Höfuðb.svæðið | 201611/1424 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Sólvangur | Hafnarfjörður | 201611/1423 |
| Mannauðsstjóri | Landsbókasafn Ísl.-Háskólabókasafn | Reykjavík | 201611/1422 |
| Framkvæmdastjórar | Samgöngustofa | Reykjavík | 201611/1421 |
| Aðst.matsveinn á rannsóknaskip | Hafrannsóknastofnun | Reykjavík | 201611/1420 |
| Starfsmaður, afleysing | ÁTVR, Vínbúðin | Akureyri | 201611/1419 |
| Verkefnisstjóri framhaldsnáms | HÍ, Verkfræði- og náttúruvísindasvið | Reykjavík | 201610/1418 |
| Lektor í lífrænni efnafræði | HÍ, Raunvísindadeild | Reykjavík | 201610/1417 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201610/1416 |
| Eftirlitsmaður, véla- og tækjaeftirl. | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201610/1415 |
| Heilsugæsluritari | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Þorlákshöfn | 201610/1414 |
| Bókasafnsfræðingur | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201610/1413 |
| Þjónustufulltrúi | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201610/1412 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, húðmeinafræði | Reykjavík | 201610/1411 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, hjartalækningar | Reykjavík | 201610/1410 |
| Starf í flutningaþjónustu | Landspítali | Reykjavík | 201610/1409 |
| Sérfræðingur á stjórnsýslusviði | Ríkisendurskoðun | Reykjavík | 201610/1408 |
| Lífeinda-, lífefna- eða líffræðingur | LSH, erfða- og sameindalæknisfr.d. | Reykjavík | 201610/1407 |
| Ráðgjafar á meðferðarheimili | Barnavernarstofa, Lækjarbakki | Hella | 201610/1406 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglan á Suðurlandi | Selfoss | 201610/1405 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglan á Suðurlandi | Selfoss | 201610/1404 |
| Lögreglumenn | Lögreglan á Suðurlandi | Selfoss-Höfn | 201610/1403 |
| Sérfræðingur | Forsætisráðuneyti | Reykjavík | 201610/1402 |

ALÞINGI

## Alþjóðaritari

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir alþjóðaritara. Nánari upplýsingar á starfatorg.is.

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



**365 óskar eftir góðu fólki**

# YFIRHÖNNUÐUR FRÉTTABLAÐSINS

**Grafískur hönnuður óskast til að leiða hönnunardeild Fréttablaðsins.**

**Yfirhönnuður vinnur náið með ritstjórn Fréttablaðsins og mótar útlit þess.**

**Viðkomandi þarf að getað hafið störf sem fyrst. Unnið er í dagvinnu.**

Hæfniskröfur:
- Gott vald á InDesign, Illustrator og Photoshop.
- Skipulagshæfileikar.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Reynsla af dagblaða- eða tímaritahönnun er kostur.

**Umsóknarfrestur er til 18. nóvember nk.**

**Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla – www.365.is.**

**Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

EIGNAumsjón

# Aðalbókari/aðstoðarmaður fjármálastjóra

Eignaumsjón hf. er leiðandi fyrirtæki í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög húseigna, og býður heildarlausnir í rekstri fjöleignarhúsa bæði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. Félagið hefur umsjón með daglegum rekstri fjölmargra hús- og rekstrarfélaga og kemur faglega að lausn ótal mála sem koma upp í fjölbýlum og fjöleignarhúsum. Markmið félagsins er að gera rekstur húsfélaga markvissari og ódýrari, auðvelda störf stjórna og spara tíma þeirra sem að húsfélagi standa. Sjá nánar á vefi www.eignaumsjon.is

Eignaumsjón hf. vinnur dyggilega fyrir fasteignaeigendur með faglegum vinnubrögðum og ákvarðanatökum. Gegnsæi í öllum rekstri og aðgengilegar upplýsingar um rekstur og ákvarðanir auka skilvirkni og bætir samskipti fasteignaeigenda.

**Aðalbókari** leiðir bókhaldssvið Eignaumsjónar hf. í samstarfi við fjármálastjóra, hann annast gæðamál og tímaáætlanir bókhalds auk vinnu við ársuppgjör og afstemmingar, framkvæmd á uppgjörum, bókun fjárhagsbókhalds fyrir viðskiptavini félagsins auk þess að leiða vinnu við gæðahandbók og innleiðingu á þjónustu og fjárhagsferlum auk samskipta við fjármálastofnanir í samvinnu við fjármálastjóra ásamt öðrum fjölbreyttum daglegum verkefnum.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur séu viðskiptafræðingar að mennt og með marktæka reynslu af sambærilegum störfum. Viðkomandi þurfa að vera ferlaþenkjandi, vel tölvulæsir, nýjungagjarnir og með hæfni til að greina, stýra og skila af sér flóknum verkefnum. Áhersla er lögð á áhugasemi, fagmennsku og nákvæmni í vinnubrögðum, frumkvæði og fylgni til framkvæmda auk hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þurfa jafnframt að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 14. nóvember nk. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst. Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ ehf.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan í umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst ot tilkynni þátttöku.

STRÁ

www.stra.is

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna (www.rannsokn.is) annast klíníska hluta erfðafræðirannsókna Íslenskrar erfðagreiningar



# við erum að bæta við starfsfólki

**Ef þú ert metnaðarfullur einstaklingur með ríka þjónustulund sem vilt tilheyra öflugri liðsheild erum við mögulega að leita að þér**

**okkur vantar...**

## Þjónustufulltrúa
í 80% starf og tímavinnu á kvöldin

**Helstu verkefni:**
- Úthringingar
- Kynningar og upplýsingagjöf til væntanlegra þátttakenda
- Undirbúningur og frágangur kynningarefnis

## Móttökuritara
í 80% starf

**Helstu verkefni:**
- Móttaka þátttakenda
- Símavarsla
- Þjónusta við þátttakendur
- Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf
- Gott vald á íslensku máli
- Stundvísi og snyrtimennska
- Frumkvæði
- Þjónustulund
- Samskiptafærni
- Lipurð og jákvætt viðmót
- Góð tölvukunnátta

**Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna** leggur ríka áherslu á sveigjanleika, teymisvinnu, fagmennsku og gæði. Traust og jákvætt viðmót er undirstaða allrar starfsemi miðstöðvarinnar.

Umsóknir óskast sendar ásamt starfsferilsskrá á netfangið: *atvinna@rannsokn.is* fyrir 13. nóvember 2016 og við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin
**Frekari upplýsingar veitir:** Íris Hrönn Guðjónsdóttir rekstrarstjóri í síma 5202800

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ RANNSÓKNAVERKEFNA

www.rannsokn.is

# ARMAR
## ÞURFA FLEIRI HENDUR!

***Við leitum að færum einstaklingum til viðgerða og viðhalds á tækjaflota okkar.***

***Störf í boði:***

**ARMAR VINNULYFTUR**
- Viðgerðir og viðhald á vinnulyftum og rafstöðvum

**ARMAR JARÐVÉLAR**
- Viðgerðir og viðhald á gröfum, lyfturum og þungavinnutækjum

***Hæfniskröfur:***
- Réttindi í bifvéla- eða vélvirkjun kostur
- Reynsla af rafmagnsviðgerðum enn meiri kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Stundvísi og reglusemi
- Góð enskukunnátta

***Við bjóðum upp á frábæra starfsaðstöðu, góðan starfsanda og fyrirmyndar kaup og kjör. Armar er reyklaust fyrirtæki.***

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á armar@armar.is – Öllum umsóknum verður svarað.




**Fosshótel Reykjavík óskar eftir að ráða yfirþernu til starfa.**
**Við óskum eftir öflugum liðsmanni með framúrskarandi samskiptahæfileika.**

Vinnutími er virka daga frá kl. 08:00 – 16:00.
Um framtíðarstarf er að ræða.

**Starfssvið:**
· Undirbúningurvinnuskema og skipulagning vakta
· Gæðaeftirlit með öllum þrifum á hótelinu
· Mannaráðningar og þjálfun nýs starfsfólks
· Skipulagning á extraþrifum
· Pantanir á aðföngum
· Ýmis tilfallandi verkefni

**Starfs- og hæfniskröfur:**
· Reynsla af starfsmannastjórnun
· Haldbær reynsla af herbergisþrifum
· Gott vald á ensku og íslensku
· Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
· Reynsla af sambærilegum störfum skilyrði
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Jákvæðni og þjónustulipurð

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið thelma@fosshotel.is – merkt Yfirþerna fyrir 15. nóvember.
Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Sími 562 4000 | fosshotel.is

FOSSHOTEL REYKJAVÍK

## Útkeyrsla og almenn lagerstörf.

Starfið felst í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu, frágangi pantana o.fl. tilfallandi störf.

Umsækjandi þarf að geta séð um og keyrt sendibifreið fyrirtækisins, vera reglusamur og stundvís. Meirapróf æskilegt.

Meðmæla er óskað og hreins sakavottorðs er krafist. Fyrirtækið er staðsett í 221 Hafnarfirði. Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið box@frett.is merkt **„Lagerstörf-0511"**

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa, við fjölbreytt störf hjá þjónustufyrirtæki, við almennar raf-og tölvulagnir, ljósleiðaratengingar ásamt mörgu öðru.

Gerð er krafa um einstaklinga með góða reynslu, og sem geta unnið sjálfstætt og hafa öguð vinnubrögð.

**Umsóknir sendist á petur@raftaekjasalan.is**

RAFTÆKJASALAN
**RAFVERKTAKAR 856-0090**

## framkvændastjóri

Óskað er eftir framkvæmdastjóra listahátíðarinnar Listar án landamæra, umsækjandi þarf að geta hafið störf í byrjun janúar.

Starfið er fjölbreytt og skapandi og er starfshlutfall samkomulags atriði. Starfið felst m.a í: Mótun, umsjón, fjármögnun og framkvæmd hátíðarinnar. Framkvæmdastjóri sér m.a. um fjáröflun, skipulag, listræna stjórnun og kynningarmál.

**Umsækjendur mega gjarnan hafa:**
Þekkingu og áhuga á málefnum fatlaðs fólks, listrænan bakgrunn, góða samskiptahæfni, ríkt frumkvæði, metnað, sveigjanleika og reynslu af skipulagningu og fjármögnun listviðburða.

**Umsóknir sendist á netfangið:**
listanlandamaera@gmail.com til og með **20. nóvember 2016** merkt „Starfsumsókn".

**Frekari upplýsingar fást í s: 6918756, www.listin.is eða listanlandamaera@gmail.com**

LIST ÁN LANDAMÆRA

## Meiraprófsbílstjóri

BM Vallá óskar eftir að ráða dugmikinn og samviskusaman bílstjóra með meirapróf á sanddælubíl fyrirtækisins í Norðurhrauni í Garðabæ.

Starfið felst í útkeyrslu og afgreiðslu á sandi til viðskiptavina fyrirtækisins, viðgerðum og viðhaldi á múrvélum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Við leitum að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er skipulagður, stundvís og handlaginn. Þá þarf viðkomandi einnig að vera kurteis og búa yfir ríkri þjónustulund.

**Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á Björn Davíð Þorsteinsson, bjornd@bmvalla.is**

BM·VALLÁ

**BM Vallá ehf. Bíldshöfða 7**



lind@talent.is



bryndis@talent.is

# Ertu að leita að talent?
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Heilbrigðisráðherra mun setja í stöðuna til eins árs, sbr. 24. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Stefnt er að því að setja í stöðuna 1. janúar 2017. Heilbrigðisstofnun Vesturlands starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Heilbrigðisstofnunin veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands sem nær yfir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ, Dalabyggð, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp, Árneshrepp og Húnaþing vestra. Þá annast stofnunin starfsnám í heilbrigðisgreinum og starfar í tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Heilbrigðisstofnun Vesturlands er með fjölmennustu vinnustöðum á Vesturlandi þar sem starfa að jafnaði tæplega 400 manns og er ársvelta stofnunarinnar um fjórir milljarðar króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að Heilbrigðisstofnun Vesturlands starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhalds menntun kostur
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri.
- Þekking og reynsla  af mannauðsmálum.
- Þekking og reynsla á sviði heilbrigðisþjónustu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogahæfileikar.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsferil og starfsheiti, ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í embættið, skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, eða á postur@vel.is eigi síðar en 24. nóvember 2016. Upplýsingar um starfið veitir Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri (vilborg.ingolfsdottir@vel.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar heilbrigðisráðherra hefur tekið ákvörðun um setningu í embættið.

*Velferðarráðuneytinu, 3. nóvember 2016*

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR - DEILDARSTJÓRI Í HEIMAHJÚKRUN – ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ LAUGARDALS OG HÁALEITIS

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi í starf deildarstjóra til þess að stýra framúrskarandi, faglegri og samþættri heimahjúkrun, félagslegri heimaþjónustu og kvöld- og helgarþjónustu. Við samþætta heimahjúkrun og heimaþjónustu starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og almennt starfsfólk með það að markmiði að veita fólki í heimahúsum örugga og góða þjónustu. Markmið samþættingarinnar er að veita víðtæka fagþjónustu til íbúa og einfalda aðgengi að þjónustunni til þess að einstaklingur geti verið eins lengi heima og kostur er. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf um áramót eða eins fljótt eftir það og mögulegt er.

| Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266 | Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312 | Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820 | Hrl. Löggiltur fasteignasali | Sölustjóri Sími 770 0309 | Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 690 1472 | skjalagerð | Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 661 7788 | Sölufulltrúi Sími 692 5002 | Skjalavinnsla | Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali Sími 895 7784 | Sölufulltrúi Sími 897 6717 |




## MARÍUBAUGUR 63 – 113 RVK

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 7. NÓV. KL. 17:00 – 17:30.**

- Einstaklega glæsilegt 190,1 fm. enda-tengihús frábærlega staðsett í Grafarholti. Möguleiki að gera aukaíbúð.
- Afar vandaðar innréttingar og gólfefni. Suðurgarður afar skjólsæll. Stutt í skóla og alla þjónustu.
- Innangengt í 32,2 fm. bílskúr. Eignin er í afar góðu ástandi bæði að innan sem utan.

**V. 67,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309





## ÁSHOLT – 105 RVK

105,5 fm. Verslunar og atvinnuhúsnæði á jarðhæð sem hefur verið breytt í tvær 2ja herbergja íbúðir. Báðar með sérinngang. Íbúðirnar hafa báðar verið í leigu.
Íbúðirnar eru smekklega innréttaðar. Verulega góður fjárfestingarkostur.

**V. 46,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309






## HÓLAGATA 4 – 190 VOGAR

**OPIÐ HÚS SUNNUD. 6. NÓVEMBER KL. 13:00 – 13:30**

- Vel skipulagt 5 herbergja einbýli, alls 177,5 fm í Vogum á Vatnsleysuströnd
- Fjögur svefnherbergi og bílskúr innréttaður sem stúdíóíbúð.
- Rólegur og vinalegur bær í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið.

**V. 38,9 millj.**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312






## ENNISHVARF 27 – 203 KÓP

**OPIÐ HÚS SUNNUD. 6. NÓVEMBER KL. 14:30 – 15:00**

- Afar fallegt og vel byggt 262 fm einbýli á jaðarlóð í fallegu hverfi ofan Elliðavatns.
- Fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi. Gert ráð fyrir heitum potti í garði.
- Húsið er selt tilbúið til innréttinga og fullbúið að utan. Hægt að kaupa það lengra komið.

**V. 87 millj.**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312






## HRAUNGATA 3 – URRIÐAHOLT

**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 6.NÓV KL.15:30-16:00**

- Ný 143 fm 4ra herbergja íbúð. LAUS TIL AFHENDINGAR.
- Tvö baðherbergi / rúmgóð herb.
- Sérinngangur / stæði í bílgeymslu
- Ca. 30 fm sérafnotaréttur með íbúð
- Vandaðar innréttingar frá AXIS

**V. 55,9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## HOLTSVEGUR 33 – URRIÐAHOLT

**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 6.NÓV KL.14:45-15:15**

- Um er að ræða nýlega 2ja herb. 97.6 fm íbúð. LAUS TIL AFHENDINGAR
- Húseign er nánast viðhaldsfrí.
- Íbúð er á annari hæð, aðeins 2 íbúðir á hæðinni.
- Bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi fylgir.
- Aukin lofthæð í íbúð / útsýni af svölum.

**V. 37,9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## HULDUBRAUT 7 – 200 KÓP

FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI

- 1208 fm lóð á besta stað í Kópavogi
- Drög að fjórbýlishúsi liggja fyrir
- Búið er að fá samþykki í grendarkynningu
- Einbýlishús á lóð sem þarf að fjarlægja

AFHENT VIÐ KAUPSAMNING

**V. 47,5 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## MIÐSKÓGAR 7 – 210 GARÐABÆ

- Mjög fjölskylduvænt einbýlishús
- Eignin er 375 fm með aukaíbúð í kjallara
- Stór og mikil innkeyrsla að húsi / tvöfaldur bílskúr
- Sólskáli, verönd og heitur pottur
- Gróin og mikil lóð í kringum hús
- Hús teiknað og hannað af Vífli Magnússyni

**V. 99,5 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



# Glæsilegar 2ja til 5 herbergja íbúðir á einstökum stað í Urriðaholti













## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúð- irnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

Upphaf er með um 900 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu. Heimasíða félagsins er www.upphaf.is og síminn er 519 3300.

# SÖLUSÝNING | HOLTSVEGUR 14-18

## SUNNUDAGINN 6. NÓVEMBER | KL. 15.00 - 16.00










## INNANHÚSSHÖNNUN

Helga Sigurbjarnadóttir innanhússarkitekt FHI
og Berglind Berndsen innanhússarkitekt FHI

Grunnhugmynd hönnunarinnar á Holtsvegi er einfaldleiki og tímaleysi. Áhersla er lögð á gott samband á milli alls skipulags og innra fyrirkomulags, efnisáferða og lita í íbúðunum sem skipti miklu máli í allri upplifuninni og stemmningunni. Lagt er upp úr að skapa aðlaðandi og hlýlega stemmningu með fallegum jarðlitum og efnum sem endast vel og er því dökkur viður allsráðandi í innréttingum ásamt ljósum steini sem gerir íbúðirnar einstaklega notalegar og hýlegar.



## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is



Sjá nánar á www.holtsvegur.is




# BARA GEÐVEIK

Glæný og áhugaverð þáttaröð Lóu Pind um fólk sem glímir við geðsjúkdóma. Hvernig er að lifa lífinu á geðlyfjum? Hvernig stendur maður keikur að kaupa bensín á bílinn, eftir að hafa berað brjóstin á bensínstöðinni í geðrofi? Hvernig lærir maður að temja þunglyndi? Hvernig sættir maður sig við að hafa ekki getað alið upp börnin sín? Opinská og einlæg segja Silja Björk, Ágústa, Brynjar Orri og Bjarney frá veikindum sínum. Við kynnumst daglegri tilveru þeirra, gleði og sorg. Því þau eru ekki bara geðveik, þau eru líka upprennandi rithöfundur, snjóbrettagaur, mamma, þjónn, skemmtileg, lífsglöð og með blik í augum þegar vel gengur.


30-50%
afsláttur af völdum vörum!
Úlpur á FRÁBÆRU tilboðsverði eða á aðeins 8.990kr!
VETRARSPRENGJA!
30-50% afsláttur af völdum vörum dagana 1-8. nóv!
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st. 36-56
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st. 36-56
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
Einnig til í svörtu, og bláu!
JAKKI ÁÐUR 9.990 NÚ 6.990 st. 36-56
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
Einnig til í ljósgráu, og svörtu!
JAKKI ÁÐUR 16.990 NÚ 9.990 st. 36-56
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
Tilboðsverð 6.290,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 8.390,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.290,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.290,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



## Mexíkó-veisla

Góð kjötsósa í tortilla-köku er æðislegur helgarmatur. Þennan rétt er einfalt að gera.

**800 g nautahakk**
**2. tsk. cummen**
**2 tsk. paprikuduft**
**1 tsk. kóríander**
**1 tsk. fennika**
**Pipar og salt**
**3 msk. olía**
**1 dós niðursoðnir tómatar, hakkaðir**
**1 dós svartar baunir**
**1 dl vatn**
**1 laukur**
**3 hvítlauksrif**
**Ferskt kóríander**

Skerið lauk og hvítlauk smátt og steikið á pönnu. Bætið hakkinu saman við og steikið. Setjið kryddið út á ásamt tómötum, baunum og vatni. Látið sjóða í 10 mínútur.

Með þessu er gott að hafa lárperumauk en í það fara:

**2 lárperur**
**1 rauður chili-pipar**
**Safi úr tveimur límónum**
**0,5 dl ólífuolía**
**Ferskt kóríander**
**salt**

Blandið öllu vel saman í matvinnsluvél. Einnig má gera tómatsalsa eða kaupa það tilbúið.

Berið kökurnar fram heitar og setjið nautahakk í eina skál, lárperumauk í aðra, tómatsalsa í þá þriðju og ost í fjórðu. Síðan fær hver og einn sér eftir smekk.



## Fjölskylduleiðsögn í Þjóðminjasafni

Fjölskylduleiðsögn verður í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn, 6. nóvember, klukkan 14. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Skoðaðir verða margir skemmtilegir munir, meðal annars beinagrindur, víkingasverð, álfapottur og gömul leikföng.

Á grunnsýningu safnsins, Þjóð verður til, er rakin saga þjóðarinnar í tímaröð frá landnámi til dagsins í dag.

Auk þess er í safninu sérsýningin Portrett Kaldals og Kaldal í tíma og rúmi en hún hefur verið sett upp í tilefni af því að nú eru 120 ár frá fæðingu ljósmyndarans Jóns Kaldals, en hann varð þjóðfrægur ljósmyndari þegar í lifanda lífi. Þar réðu mestu einstakar portrettmyndir hans af listamönnum og framámönnum meðal þjóðarinnar. Sýningin stendur fram í janúar.



## GOTT VIÐ TIMBURMÖNNUNUM

Mikið er um að vera um helgina, Airwaves er í fullum gangi, jólabjórinn er mættur og fólk almennt í stuði. Hjá einhverjum er stuðið minna á morgnana eftir hressleika kvölds og nætur og því gott ráð að fá sér eitthvað gott í gogginn til að koma sér á beinu brautina.

Samkvæmt tímaritinu GQ eru ákveðnar fæðutegundir betur til þess fallnar að rífa upp andann í þessum aðstæðum og eru þær taldar upp hér fyrir neðan.

**EGG**

Egg eru full af amínósýrum sem geta brotið niður eiturefni sem líkaminn getur ekki brotið niður sjálfur. Auk þess eru þau rík af B-vítamínum sem eru góð gegn sumum einkennum timburmanna.

**KÓKOSVATN**

Það er lykilatriði að drekka vel af vökva eftir áfengisdrykkju. Mörgum finnst gott að fá sér íþróttadrykki eftir skrallið en kókosvatn er betri kostur enda inniheldur það færri aukaefni en þeir flestir.

**BANANAR**

Áfengisdrykkja getur valdið því að kalíummagn líkamans minnkar og hefur það áhrif á bæði vöðva og blóðþrýsting. Banani getur hjálpað til við að fylla á kalíumbirgðirnar.


Dýrindis jólahlaðborð

Komdu og upplifðu skemmtilega kvöldstund og allskonar!
Frá 18. nóvember til 10. desember




Hinir árlegu jólatónleikar Borgardætra eru löngu orðnir fastur liður í jólaundirbúningi margra, en þær munu syngja sig inn í hjörtu gesta á Hernámssetrinu í nóvember.

Frábær skemmtun fyrir stóra sem smáa hópa og einstaklinga.

Í sveitasælunni, örstutt frá borginni.

Jólafordrykkur 2016 í boði þjónanna!

Hernámssetrið að Hlöðum, Hvalfjarðarströnd.







Í desember munu Jólamæðginin í Hvalfirði taka á móti gestum en þau eru klárlega komin í jólaskap, "Þetta verður sprengja ársins"


Ingvar Bieber kokkur


Syngjandi þjónar


Bjarki & Gaui allskonar


Dansleikur til klukkan eitt

Bókaðu tímanlega - Sími: 433 8877 eða hladir@hernamssetrid.is - www.hernamssetrid.is

**LITLA bílasalan**
www.litla.is 587 7777



MMC Pajero Intense. Árgerð 2007, Ekinn 190 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 2.990.000. Á staðnum Rnr.240741.



FORD Explorer Eddie Bauer 4x4. Árgerð 2006, Ekinn 179 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.680.000. Á staðnum Rnr.240689.



CAN-AM Maverick 1000 Efi Turbo. Árgerð 2015, ekinn 1400 KM, Bensín, Sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Á Staðnum Rnr.117505.



VOLVO S80 Turbo 20v. Árgerð 2004, Ekinn 232 Þ.KM, Bensín, Sjálfskiptur 5 gírar. Verð 980.000. Á Staðnum Rnr.240447.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**Opið á laugardögum 12-15**
**www.litla.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VW Golf trendline. Árgerð 2014, ekinn 90 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.190.000.með bakkmyndavél Rnr.211839.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2012, ekinn 92 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.450.000.Ný vetardekk fylgja Rnr.311618.



SUZUKI Swift gl. Árgerð 2013, ekinn 87 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.211762.



PORSCHE Macan s diesel. Árgerð 2014, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 8.990.000.1 eigandi umboðbíll skoðar skipti á ódýrari Rnr.115373.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



SUZUKI GRAND VITARA Árgerð 2008. Velviðhaldin bíll með dráttatbeisli. Ek. 91 þ. km. Sumar- og vetrardekk á felgum fylgja. Verð 1990 þús. Uppl. í s. 898 7930



Citrone C5 X7 exclusive 2008 Vél. V6 2,7 HDI 270 hestöfl. 7.8 á langkeyrslu. Mikið yfirfarinn. Einn með öllu. Uppl í s. 6994329



Volvo XC90 árg 2004. Ek. 190 þús km. Ný yfirfarinn. Á heilsársdekkjum, með krók og vel með farinn. Engin skipti. Verð 1790 þús. Uppl. í s. 897 0122.



Toyota Yaris Hybrid 2012 árg. Hvítur, sjálfsk. 1500cc. Ekinn 56 þús. Vel útbúinn og sparneytinn bíll. Verð 1.890 þúsund. Uppl. í s: 894-2460



**LANDCRUISER GX 150**
Árg. 2016, ek. 6 þ.km., 33" breyting, sóllúga, dr.kr., ofl. STGR. 9,9mkr, Rnr. 182583, Uppl. í s. 773-3313



**TILBOÐ 2.2 STGR. !**
Reneult Scenic III 2013 ssk, dísel, ekinn 62 þús, 5 manna frábær fjölskyldubíll. Hagkvæmur í rekstri, eyðsla ca 4,3-7. Ásett 2,9 - fæst á 2,2 stgr. Hjördís 896-0753



Citroen C4 árgerð 2008. Ek. um 102.000 km. Eyðslugrannur og þægilegur bíll. Ótrúlegt verð, aðeins 750.000 kr. Uppl. í s. 8971565 eða 6991056



Volvo XC 70 SE + 2014, ek. 67 þús, sjálfskiptur. Leður. Hiti í sætum og fl Ásett verð er 6.690 þús. Tilboðsverð 6.000 þús. Uppl. í s. 899-8471



TOYOTA Land cruiser 120 GX 8 manna. Árg '08 ek. 139þús, dísel, sjálfsk. krókur. Engin skipti. Verð 4200.000 Uppl. í s. 899 2838



Ford Focus '05. Ekinn 162þ.km. Verð 480þús S. 8942551



Volvo S40 2,0 diesel, 12/2006 ek 176 Þús, ljóst leður, Sumar og vetrardekk á felgum, mjög gott lakk, verð 1390 þús. uppl. 899-8933 & 848-1731

## FORD EXPEDITION LIMITED AWD



**Árg 2007. Ekinn 211 Þ.KM. Vel búinn bíll, Limited, playstation o.m.fl. Hópferðaleyfi og leiðsögukerfi fylgi bílnum ásamt Sennheiser headsetti. Sumar- og negld vetrardekk fylgja. Gott viðhald. Verð kr. 4.490.000.**

**LITLA bílasalan**
www.litla.is 587 7777 Eirhöfða 11 • 110 Rvk

## MERCEDES BENZ E 250 bluetec 4matic cdi (082)



**Árgerð 2015, ekinn 1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.**
**Verð 9.950.000.** Rnr.101792.
**Nývirði kr 13,400,000.-**
**Aðstoðaraksturskerfi, AMG sportpakki, Elegance pakki, Garmin Map leiðsögukerfi, nappa leðuráklæði, metallic lakk, minnispakki, spegla-pakki, ljósapakki, exclusive pakki, o.fl.**

BRAUT BÍLASALA
Bíldshöfða 3 • 110 Reykjavík
S. 587 6600 • www.bilabraut.is

**GE BÍLAR** BÍLASALA

# Húsbílar til sölu

## Helgina 5-6. nóvember verðum við með húsbílasölu í Reykjanesbæ frá kl. 11-17 að Bolafæti 1.

FIAT Ford HYMER Carado LMC



## Bolafótur 1 - Reykjanesbæ - S: 4200400 / 7767600

**www.tci.is**

TOURING CARS

## atvinna


Langar þig að vinna
á fjörugum vinnustað?

**Við leitum að þjónustufúsu fólki í afgreiðslu og önnur tilfallandi störf á þjónustustöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum.**

Viðkomandi þurfa að vera liprir í mannlegum samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp. Reynsla af þjónustustörfum er kostur.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is**
– merkt framtíðarstörf.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Framúrskarandi fyrirtæki
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
N1



ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store | Google Play | Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft


## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Barnavörur



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb íbúð helst í Grafarvogi.Er um sextugt, reglusemi og góðri umgengni heitið. Uppl. í síma 663 0644.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir iðnaðarhúsnæði með stórri innkeyrslu. 0-250fm. Uppl í s. 6996980- Ólafur hjá Þak.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

**VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST**
Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122 Örn efnir@efnir.is www.alheimar.is

115 SECURITY

**ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA**
Skilyrði:

-Hreint sakavottorð

-Íslenskukunnátta

-20 ára lágmarksaldur

-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE insafe
SAFT


## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 1666**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Hljómsveitin Klettar**









**Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

Allir velkomnir

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 5. nóv**
14:50 Man. City - Middlesbrough

**Sunnudaginn 6. nóv**
11:30 Arsenal - Tottenham
14:10 Liverpool - Watford
14:50 Swansea - Man.United

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn




# GÍRAÐU BÍLINN FYRIR VETURINN

## RAIN-X

Berðu á framrúðuna og regnið, snjórinn, saltið og drullan flýgur af.

200 ml / 500 ml.

## OSRAM PERUR

allt að 110% meira ljós

## RÚÐUSKÖFUR

Rúðusköfur í öllum stærðum og gerðum.

Verð frá **291 kr.**

MIKIÐ ÚRVAL

## STÆRSTA VARAHLUTAVERSLUN LANDSINS

**Bíllinn heldur ábyrgðinni með vottuðum varahlut frá okkur!**

LÆGRA VERÐ | 3 ÁRA ÁBYRGÐ | VOTTUÐ GÆÐI

**SJÖ VERSLANIR UM LAND ALLT**

**REYKJAVÍK,** Dvergshöfða 2, **KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata, **HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17, **REYKJANESBÆR,** Krossmóum 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7, **AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngási 13

**www.bilanaust.is** | **Sími: 535 9000**

Bílanaust

Gæði, reynsla og gott verð!

# *Á mörkum* klisjunnar og frumlegheita

Verndargripur, eftir Roberto Bolaño, á efalítið eftir að leiða marga lesendur um skáldskaparheim þessa ávanabindandi höfundar.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Verndargripur eftir Roberto Bolaño, í þýðingu Ófeigs Sigurðssonar, er lítil og nett bók í mjúkri dökkbrúnni kilju sem fer vel í vasa en tekur minna til sín í hillum bókabúðanna. En það er mikill fengur í þessari bók. Ófeigur segist hafa unnið að þýðingu verksins árið 2014 en það hafi nú bara byrjað með smá fikti. „Svo varð þetta svo ávanabindandi að ég fór að grípa í þetta hvenær sem ég átti lausa stund. Ég var að skrifa Öræfi á þessum tíma og greip í þetta á kvöldin þegar handritið var í yfirlestri, svona til þess að fyllast ekki örvæntingu yfir skáldsögunni,“ segir Ófeigur og hlær við tilhugsunina. „Þessi bók bjargaði mér og var minn verndargripur á meðan ég var að skrifa Öræfi.“

**Þráhyggja og öryggi**

Roberto Bolaño var fæddur í Chile árið 1953 en lést á Spáni árið 2003 aðeins 50 ára gamall. Bolaño skildi eftir sig einstakt höfundarverk sem hefur haft mikil áhrif á fjölda skálda og rithöfunda og Ófeigur segist ekki vera undantekning á því. „Ég man að fyrir svona tæplega tíu árum var Bolaño á allra vörum. En málið er að hann er svona höfundur sem maður ánetjast. Hann algjörlega heltekur mann og maður getur ekki hætt að lesa hann fyrr en maður er búinn að lesa allt. Og ég er þannig lesandi að það kemst ekkert annað að í langan tíma. Hann verður fljótt að þráhyggju.

Bolaño var framan af ferlinum fyrst og fremst ljóðskáld og svo skrifar hann líka alveg frábærar smásögur. Hann hefur einhvern veginn öll form á valdi sínu og við það fyllist lesandinn öryggi af því að maður hefur það á tilfinningunni að hann viti hvað hann er að gera. En samt er hann að koma manni á óvart.“

**Í kapp við dauðann**

Skáldskapur Roberto Bolaño er vissulega um margt sérstakur og það má einnig segja um lífshlaup hans. Ófeigur bendir á að þó svo hann sé fæddur í Chile þá hafi Mexíkóborg, sem er einmitt sögusviðið í Verndargrip, haft gríðarleg áhrif á allan hans feril. „Bolaño flutti til Mexíkóborgar með foreldrum sínum þegar hann var sautján ára gamall. Þar var hann fljótlega farinn að vera með ungum skáldum sem stofnuðu saman skáldahópinn infrarrealista. Þessi tími verður að hans námu fyrir skáldskapinn; borgin og ungskáldin. Þeir voru mjög uppreisnargjarnir, mættu á ljóðalestra og púuðu niður þjóðskáldin og voru með ægileg læti.

Svo flytur hann til Spánar þegar hann er að komast á miðjan aldur og þar er eins og hann gerist einsetumaður þar sem hann vinnur úr þessu öllu. Hann hafði auðvitað verið að skrifa smásögur samhliða ljóðunum á níunda áratugnum en svo fer hann eiginlega með Mexíkóborg með sér til Spánar og keppist við að vinna úr þeirri skáldskaparnámu.

Hann fær þær fréttir að hann eigi skammt eftir ólifað af völdum lifrarbilunar og þar með fer hann að skrifa í kapphlaupi við dauðann.“

> Þetta verður hryllingssaga. Þetta verður glæpasaga, reyfari og frásögn af hryllingi. En hún mun ekki líta þannig út. Hún mun ekki líta þannig út vegna þess að það er ég sem segi söguna. Ég er sú sem talar og þess vegna mun hún ekki líta þannig út. En undir niðri er þetta saga um skelfilegan glæp.
>
> **Upphaf skáldsögunnar Verndargripur eftir Roberto Bolaño í þýðingu Ófeigs Sigurðssonar.**

**Ljóðskáld í grunninn**

Ófeigur segir að það sé þó erfitt að átta sig á því hvað það er við texta Bolaño sem heilli lesendur svona algjörlega. „Ég hallast helst að því að ástæðan sé hversu sterklega maður finnur fyrir þessari víðáttumiklu skynjun. Ímyndunarafl hans skilar sér svo vel í textanum og það verður svo heillandi. Hann er alltaf óvæntur og leyfir sér líka líkingar sem alls ekki allir gætu leyft sér. Stundum rambar hann á mörkum klisjunnar og frumlegheita; skautar einhverja rosalega fína línu þar á milli.“

Framan af ferli sínum var Bolaño fyrst og fremst ljóðskáld og eins og Ófeigur bendir á þá sést það nokkuð greinilega á textum hans. „Það leynir sér ekkert að hann er ljóðskáld í grunninn. Hann er með einhverja sýn á hið óræða eða handanheima, það er alltaf veröld undir veröldinni sem hann er að lýsa hverju sinni. Öðru hverju þá opnar hann einhverjar glufur niður í einhvern hliðarveruleika og þannig fer líka krónólógían lönd og leið. Hann fer fram og aftur í tíma.



Félagarnir Ófeigur og Kolur eru búsettir í Berlín um þessar mundir og líkar báðum vistin vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Mikill innblástur**

Í Verndargrip er Bolaño að segja sögu skáldanna í Mexíkóborg með augum Auxilio, ungrar konur sem kemur til borgarinnar einmitt á sama aldri og Bolaño gerði sjálfur. Ófeigur segir að það sé vissulega ákveðin afstaða fólgin í því að nota kvenaðalpersónu í þessu tilviki. „Hann er er eflaust að fjarlægja sig með þessari nálgun. Það hentar vel að lýsa þessum ungskáldum með því að hafa hana sem áhorfanda. Hann er ekki að lýsa þessu frá sínu sjónarhorni, heldur stígur út fyrir hópinn, og hefur þessa konu þarna sem skrásetjara eða eins konar verndara sem fylgir þeim eftir. Maður fær stundum á tilfinninguna að hún sé draugur og sumir hafa lesið þetta þannig.“

Þegar fyrsta málsgreinin í Verndargrip Bolaño er skoðuð þá leynir sér ekki að höfundurinn er meðvitaður um beitingu hinna ólíkustu forma. Ófeigur segir að vissulega sé þetta eitt af höfundareinkennum hans. „Já, hann daðrar við öll form. Hann er svo fordómalaus þegar kemur að skáldskap og í því er fólginn mikill innblástur.“

## Sá sem ég sé er ekki ég

**BÆKUR**

**Ósk**

★★★☆☆

**Páll Kristinn Pálsson**

**Útgefandi** EPOS útgáfa 2016
**Fjöldi síðna** 302

Skáldsagan Ósk eftir Pál Kristin Pálsson fjallar um málefni sem ekki hefur farið hátt í íslenskum skáldskap; upplifun drengs af því að vera stúlka í röngum líkama. Það er því með forvitni og eftirvæntingu sem lesandinn hefur lesturinn, maður hlakkar til að kynnast þessum dreng/stúlku og fá að skyggnast inn í sálarlíf hans, öðlast skilning á þeim heimi sem þeir sem eru fastir í líkama sem passar ekki við kynvitund þeirra lifa í.

Við upphaf sögu greinist söguhetjan Óskar með krabbamein og á allt eins von á því að dagar hans séu taldir. Hann getur ekki hugsað sér að taka leyndarmálið stóra með sér í gröfina, allavega vill hann að börnin hans tvö fái að vita hver hann er í raun og veru, og bregður því á það ráð að skrifa eigin eftirmæli, eins og hann kallar það, skrá sögu sína frá bernsku til nútímans fyrir börnin sín.

Eins og gefur að skilja er sagan í 1. persónu, það er einungis sjónarhorn Óskars sjálfs sem við sjáum, hans upplifanir og heilabrot. Hann er góður sögumaður, frásögnin rennur vel, textinn er flæðandi og stælalaus, persónur skýrar og framvindan spennandi. Að mestu erum við á kunnuglegum slóðum; uppvöxtur drengs sem fæddur er árið 1958 er ekki nýtt viðfangsefni í íslenskri skáldsögu, en það sem gerir sögu Óskars frábrugðna er auðvitað glíma hans við sjálfan sig, sú uppgötvun að hann sé í raun stelpa og baráttan við að passa upp á að enginn komist að því. Þær lýsingar gera söguna áhugaverðari en margar aðrar sem lýsa uppvexti íslenskra barna á þessu tímabili, en um leið er það í þeim sem veikleiki sögunnar liggur. Uppgötvanir Óskars á kvenmanninum í sér birtast nefnilega nánast allar sem þrá eftir að klæðast kvenfötum og fá að mála sig, safna síðu hári og svo framvegis. Persónan – eða höfundur hennar öllu heldur – virðist álíta að í slíkri þrá birtist eðli konunnar; ef þú viljir líta út eins og kona þá sértu kona. Sú túlkun er fjarri öllu lagi, eins og allt transfólk hefði getað sagt honum, það er ekkert samhengi milli þess að vera trans og að vera transvestite.




Að þessu sögðu er rétt að ítreka að Ósk er skemmtileg, vel skrifuð og vel byggð saga sem nær lesandanum á sitt vald og heldur honum við efnið. Það er bara þessi nagandi pirringur yfir yfirborðslegri skilgreiningu á transkonu sem skemmir upplifunina.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifuð og spennandi saga sem líður fyrir losaralega skilgreiningu á eðli þess að vera transkona.

markhönnun ehf

netto

# Jóladagatölin eru komin í Nettó!




**www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# *Nauðsynlegt* að nota tilfinninguna

Stangveiðisumarið 2016 er að baki og eflaust eiga margir bleikan fisk í sínum frysti. **Jóhann Gunnar Arnarsson** er bæði veiðimaður og bryti og flestum betri í að leiðbeina lesendum í matreiðslu á laxi. Hann vinnur hjá Landhelgisgæslunni og var áður á æðsta heimili landsins, Bessastöðum.



**Hér er alúð lögð í hlutina hjá Jóhanni Gunnari.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is




Lax er einhver viðkvæmasti fiskur sem ég elda," segir Jóhann Gunnar Arnarsson, sem er bryti hjá Landhelgisgæslunni auk þess að reka veiðihúsið við Laxá í Kjós á sumrin, ásamt konu sinni, Kristínu Ólafsdóttur, veitingastjóra Borgarleikhússins. Þau eru líka veiðimenn og egna gjarnan fyrir lax en Jóhanni finnst ekki jafn gaman að borða hann – nema hann eldi hann sjálfur. „Aðalatriðið er að elda laxinn ekki of mikið. Það skiptir mig rosa máli að fiskurinn sé þannig að ég geti flett honum í sundur. Samt er erfitt að gefa upp einhvern kjörtíma því hann fer alveg eftir þykkt stykkjanna. Þarna er nauðsynlegt að nota tilfinninguna."

Jóhann segir það færast í vöxt að laxinn sé borðaður hrár, meðan hann er nýr. „Vinsælast að setja hann í sushi og svo geri ég oft laxatartar líka. Það þykir afbragð."

Þau Jóhann og Kristín unnu á Bessastöðum í tíu ár hjá Ólafi og Dorrit. Spurður hvort starfsmenn Gæslunnar fái sömu trakteringar og hinir tignu gesti forsetans svarar Jóhann: „Já, að sjálfsögðu. Þetta starf snýst ekki um að vera með veislumat alla daga, heldur að gera eitthvað bragðgott úr því hráefni sem maður hefur tiltækt hverju sinni. Það er mitt prinsipp í eldamennsku."

Hér gefur Jóhann uppskrift að laxi með aspas-baunasalati og Maltaise-sósu. Hann tekur fram að það passi að gera sósuna þegar undirbúningi sé lokið, áður en laxinn er eldaður.

**Undirbúningur:**
Gætið þess að laxinn sé beinlaus. Best er að nota Kai-beinatöng til að ná beinunum úr. Skerið flakið í hæfilega bita. Til að gera fiðrildi/lauf, þá sker maður um miðjan bitann, AÐ roðinu, fer svo undir hann og lyftir upp miðjunni.

Setjið snjóbaunir/sykurbaunir í sjóðandi vatn í eina mínútu, takið þær upp úr og setjið í ísvatn (til að gera græna litinn fallegri) og skerið þær síðan í strimla.

Takið aspasinn og skerið neðan af honum 3 til 5 cm. Setjið bæði græna og hvíta aspasinn í sjóðandi vatn, takið þann græna upp úr eftir 2 til 3 mínútur og setjið í ísvatn. Leyfið þeim hvíta að sjóða áfram í um 8 til 10 mínútur. Geymið þetta á diski.

**Maltaise-sósa (í raun Hollandaise-sósa með appelsínuberki):**
**1 msk. hvítvínsedik**
**4 msk. appelsínusafi (ferskur)**
**4 eggjarauður**
**200 g smjör**
**Börkur af 1/2 – 1 appelsínu**

Bræðið smjörið og kælið dálítið. Setjið hvítvínsedikið og appelsínusafann í pott og sjóðið niður þar til 2 til 3 msk. af vökva eru eftir. Setjið þetta í skál ofan á pott með sjóðandi vatni (vatnsbað). Blandið eggjarauðunum saman við og hrærið vel. Setjið smjörið út í í litlli bunu (smáskömmtum) og þeytið vel í á meðan. Passið vel að sósan hitni ekki of mikið því þá skilur smjörið sig frá. Þegar allt smjörið er komið saman við ætti sósan að vera fallega þykk og mjúk. Bætið þá appelsínuberkinum saman við, annaðhvort fínt rifnum eða gróft skornum. Smakkið svo til með salti og pipar. Best er að nota blóðappelsínur í sósuna, en séu þær ekki til verður að hafa það sem hendi er næst.

**Lax, eins klassískur og hann gerist! (fyrir 4)**
**1 stk. laxaflak (um 1 kg)**
**12 stk. grænn aspas**
**12 stk. hvítur aspas**
**1 bakki snjóbaunir/sykurbaunir**
**1 bakki baunaspírur**
**1 lítil krukka laxa/silunga/grásleppuhrogn, RAUÐ**
**Olía/smjör**
**Salt og pipar**

Hitið pönnuna vel og setjið góða hitaþolna olíu á hana. Setjið laxafiðrildin á pönnuna og byrjið að steikja hliðina sem á að lokum að snúa upp. Ef klára á fiskinn í ofni er aðeins sú hlið steikt, þar til hún er gullinbrún og fiskurinn svo settur í ofn í um 6-7 mínútur á 180°C.

Takið laxinn af pönnunni áður en hann eldast í gegn og leyfið honum að klárast á diskinum. Saltið og piprið eftir smekk.

Setjið smá smjör á pönnu og steikið aspasinn þannig að hann brúnist aðeins. Setjið hann á heitan disk og steikið snjóbaunirnar/sykurbaunirnar, setjið baunaspírurnar með og blandið þessu vel saman, gott er að hafa líka gróft skorinn appelsínubörk. Athugið að þetta þarf mjög skamman tíma á pönnunni.

Takið baunasalatið af pönnunni og setjið í skál og blandið rauðum hrognum saman við. Best er auðvitað ef hægt er að fá laxa- eða silungahrogn, en grásleppuhrogn ef annað bregst.

Látið aspasinn á diskinn, laxastykkið ofan á, þá baunasalatið og að lokum sósuna. Litríkur og fallegur réttur – klassíkin uppmáluð!

„Ef ég ætti að velja mér drykk með þessum rétti, myndi ég allan daginn velja mér Bollinger kampavín, það væri punkturinn yfir i-ið," segir Jóhann Gunnar!



## AUSTURLENSKUR LAXA-TARTAR
à la Jóhann Gunnar



**1 meðalstórt laxaflak**
**6 vorlaukar**
**1 rauðlaukur**
**1 1/2 msk. saxaður engifer**
**1 msk. svört sesamfræ**
**1/2 bolli sojasósa (t.d. Tamari)**
**3 msk. hrísgrjónaedik**
**1/2 bolli púðursykur**
**2 msk. sesamolía**
**1/4 bolli vatn**

Byrjið á að roðfletta laxinn og beinhreinsa. Saxið hann smátt með beittum hníf (ekki gott að setja í matvinnsluvél). Saxið laukana og engiferinn og blandið öllu vel saman í skál. Látið tartarinn standa 2 til 3 tíma í kæli, áður en hann er borðaður.



3.-6.
NÓVEMBER
TAX FREE
DAGAR
AF ÖLLUM
FATNAÐI
TAX FREE JAFNGILDIR 19,36% VERÐLÆKKUN. DAGANA 3. – 6. NÓVEMBER 2016. GILDIR EKKI UM VÖRUR Á ÁÐUR LÆKKUÐU VERÐI. *GILDIR AÐEINS Á FATNAÐI.
FULL BÚÐ
AF NÝJUM
VÖRUM!
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT®

# OPNUM
# GLÆSILEGA
# Í SMÁRAL
## LAUGARDAGINN 5. N

- GLÆSILEG SNYRTIVÖRUDEILD
- ELDGRILLAÐUR KJÚKLINGUR
- ORIGAMI SUSHI
- BAKARÍIÐ, BAKAÐ Á STAÐNUM
- SALATBAR
- ÓLÍFUBAR
- NÝPRESSAÐUR APPELSÍNUSAFI
- HNETUSMJÖRSVÉL
- NAMMILAND
- KRISPY KREME KAFFIHÚS

OG MARGT, MARGT FLEIRA...

# M NÝJA
# A VERSLUN
# IND Í DAG
## NÓVEMBER KL. 10:00




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um gamlan spádóm

# Íþróttirnar árið 2000

Það er erfitt að spá, einkum um framtíðina,“ sagði danski eðlisfræðingurinn Níels Bohr og þótti hnyttið. Auðvitað var þetta hárrétt hjá karlinum. Að segja fyrir um óorðna hluti er vandaverk, einkum ef spádómarnir eiga að vera djarfir. Það er hins vegar lítið fjör að lesa varfærna og íhaldssama spádóma sem giska aðeins á hið augljósa. Góður spámaður þarf að vera frumlegur í hugsun og getur þá borið höfuðið hátt þegar spádómarnir ganga eftir. Í versta falli hafa mislukkaðar spásagnirnar þá skemmtigildi fyrir fólk í framtíðinni.

Vorið 1973 skrifaði íþróttafréttamaðurinn Steinar J. Lúðvíksson mikla grein í Morgunblaðið þar sem hann reyndi að gera sér í hugarlund hvernig íþróttalífið yrði á Íslandi og á heimsvísu árið 2000. Óhætt er að segja að Steinar hafi skipað sér í raðir hinna djarfari og þar af leiðandi skemmtilegri spámanna. Líkt og gildir svo oft um spádóma, sagði pistillinn þó mest um samtíma höfundarins, væntingar í bland við óskhyggju og fól í sér bæði beina og óbeina gagnrýni á ríkjandi ástand.

Greinin ber með sér að vera rituð á tímum deilna um atvinnumennsku eða áhugamennsku í íþróttum. Alþjóðaólympíuhreyfingin reyndi að ríghalda í gildi áhugamennskunnar, þótt sífellt betur mætti vera ljóst að um falska glansmynd væri að ræða. Á Ólympíuleikum kepptu herskarar íþróttamanna frá kommúnistaríkjum Austur-Evrópu sem voru áhugamenn að nafninu til en gátu í raun helgað sig æfingum á launum frá ríkinu. Kollegar þeirra vestan járntjalds nutu sömuleiðis í vaxandi mæli opinberra styrkja eða högnuðust á auglýsingasamningum við stórfyrirtæki. Greinar þar sem tekjurnar voru mestar, svo sem tennis og golf, voru ekki á Ólympíuleikum og knattspyrnukeppni leikanna var skipuð ungmenna- og áhugamannaliðum.

Þótt hin yfirlýsta áhugamennskuhugsjón Ólympíuleikanna væri með þessum hætti að molna niður fyrir allra augum, neituðu forystumenn hreyfingarinnar að horfast í augu við þróunina. Þremur dögum fyrir vetrarólympíuleikana í Sapporo árið 1972 lét Avery Brundage, forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar, til skarar skríða gegn keppendum í alpagreinum sem græddu vel á auglýsingasamningum og gátu unnið til hárra peningaverðlauna. Austurríski skíðakappinn Karl Schranz var sendur heim fyrir brot á reglunum og átti það að vera öðrum víti til varnaðar. Schranz var um þær mundir einn kunnasti alpaskíðamaður heims og þjóðhetja í heimalandinu. Íhuguðu Austurríkismenn alvarlega að draga alla íþróttamenn sína úr keppni í mótmælaskyni.

## Atvinnuloddarar

Augljóst er hvar samúð blaðamanns Morgunblaðsins lá í þessum deilum, enda velti hann því fyrir sér hvort tími atvinnumennskunnar væri að líða undir lok? Vísaði hann til þess að áhorfendur á skíða- og skautakeppnum væru í vaxandi mæli farnir að snúa baki við mótum atvinnumanna eða „atvinnuloddara“ eins og fjölmiðlar kölluðu þá.

Þjálfun afreksíþróttamanna var að mati Steinars löngu komin út í öfgar. Tölvur hefðu reiknað út að miðað við þróun heimsmetsins í 100 metra hlaupi yrði það komið niður fyrir 9,4 sekúndur um aldamótin. Vísindamenn stórþjóðanna ynnu baki brotnu að því að gera íþróttafólki kleift að bæta sig um brot úr sekúndu, sentimetra eða grömm. Í þessu skyni væri notast við hormónalyf sem gætu reynst stórskaðleg og jafnvel banvæn, en á áttunda áratugnum voru augu manna fyrir lyfjamisnotkun í íþróttum aðeins tekin að opnast.

Almenningsíþróttir voru talsvert í umræðunni, með vaxandi þátttöku í trimmi, sundi og almennri leikfimi. Taldi blaðamaður Morgunblaðsins að vaxtarbroddur íþróttanna yrði á því sviði þar sem almenn líkamsrækt yrði jafn sjálfsagður hluti daglegrar tilveru og að tannbursta sig eða fara í bað. Með almennari íþróttaþátttöku hlyti áherslan á afrekskeppni að minnka. Atvinnumennskan myndi ef til vill eflast enn um sinn en síðan hlyti að draga úr henni. Líklega yrði staða atvinnumennskunnar svipuð um aldamótin 2000 og árið 1973 en 21. öldin myndi svo sjá endurreisn áhugamennskunnar og hálfatvinnumennskunnar.

Máli sínu til stuðnings benti greinarhöfundur á þróun mála í knattspyrnuheiminum. „Áhorfendum á leikjum þeirra fækkar jafnt og þétt og það þykir ekki lengur áhugavert þótt fréttir berist um að frægir leikmenn séu seldir milli félaga fyrir svo og svo háar upphæðir.“ Fækkun áhorfenda þýddi lægri laun til leikmanna, enda væri staðan sú í Englandi og Vestur-Þýskalandi að mörg knattspyrnufyrirtæki væru rekin með tapi „og slíkt gengur vitanlega ekki nema um takmarkaðan tíma“.




> FYLKISMENN YRÐU ÍSLANDSMEISTARAR Í HANDBOLTA ...

Óneitanlega hljómar þessi spádómur furðulega í dag, þar sem knattspyrnuheimurinn dansar kringum gullkálfinn sem aldrei fyrr. Í byrjun áttunda áratugarins var staðan hins vegar önnur, knattspyrnan var íþrótt verkalýðsstéttarinnar og á fallanda fæti. Knattspyrnuleikvangar voru að grotna niður og „betri borgarar“ héldu sig fjarri íþróttinni af ótta við boltabullur.

Fleiri dæmi mætti nefna um að spámaðurinn vanmæti mátt kapítalismans á íþróttasviðinu. Ekki taldi blaðamaðurinn ólíklegt að Ólympíuleikarnir myndu leggjast af innan skamms tíma og svo kynni að fara Montreal-leikarnir árið 1976 yrðu hinir síðustu. Þess í stað myndu heimsmeistaramót í hinum ýmsu greinum taka við hlutverki Ólympíuleikanna.

Spá þessi var rökrétt enda höfðu Ólympíuleikarnir þanist út frá árinu 1960 og virtist aðeins á færi ríkustu þjóða að halda þá með stórkostlegum útgjöldum. Árið 1972 hafði bandaríska borgin Denver meira að segja afsalað sér vetrarólympíuleikum eftir hörð mótmæli óánægðra skattgreiðenda. Leikarnir í Montreal enduðu að sönnu með fjárhagslegum ósköpum, enda þeir síðustu sem einkum treystu á miðasölu á viðburði til að standa straum af kostnaðinum. Á níunda áratugnum áttu sjónvarpstekjur og auglýsingasamningar hins vegar eftir að gjörbreyta myndinni og í stað þess að draga saman seglin hefur Ólympíuhreyfingin fremur bætt í.

## Stjarnan á sigurbraut

Á Íslandi, taldi Steinar, yrðu fótbolti og handbolti ugglaust vinsælustu greinarnar næsta áratuginn eða svo, en nýjar íþróttir ættu þó eftir að láta mikið að sér kveða: borðtennis og blak. Vinsældir þessara greina skýrðust af því hversu auðvelt væri að iðka þær í litlum íþróttahúsum, til að mynda á landsbyggðinni. Var þetta lítt dulbúið skot á stefnu og tómlæti stjórnvalda í íþróttahúsbyggingum þar sem áhersla var lögð á lítil hús með aðstöðu fyrir fáa áhorfendur. Íþróttastefna ríkisvaldsins fékk annars lága einkunn og var því spáð að verðlaun Vilhjálms Einarssonar á ÓL 1956 yrðu þau einu í sögunni.

Spámaðurinn misreiknaði sig um fjórtán ár þegar hann spáði Stjörnunni í Garðabæ Íslandsmeistaratitlinum árið 2000, eftir harða samkeppni við Selfoss, Njarðvík og ÍR. Fylkismenn yrðu Íslandsmeistarar í handbolta en Eyjamenn, Egilsstaðabúar og Blönduósingar berðust um titilinn í körfunni. Það segir þó kannski mesta sögu um tíðarandann árið 1973 að ekkert var hirt um að nefna meistara í kvennaflokki.

Mestu íþróttaafrek Íslendinga árið 2000 voru samkvæmt spánni í plásslitlu inniíþróttunum: stórsigur á Kínverjum í borðtennis, naumt tap fyrir Indónesíu í badminton og Norðurlandameistaratitill í blaki. Sundkappinn Jón synti 100 metra skriðsund á 50 sek. sléttum (Íslandsmet Arnar Arnarsonar frá 2007 er 48,42 sek.). Í stangarstökkinu urðu framfarirnar minni en ráð var fyrir gert. Samkvæmt spánni lyfti Jón J. Jónsson sér yfir 5,9 metra og varð ofarlega á heimsafrekalistanum. Í raun hefur engum stökkvara tekist að bæta 5,31 metra Íslandsmet Sigurðar T. Sigurðssonar frá 1984.

Eftir velgengni Kamerún á HM í knattspyrnu árið 1990 spáðu margir því að ekki liði á löngu uns Afríka myndi eignast sína fyrstu heimsmeistara. Steinar J. Lúðvíksson var því langt á undan sinni samtíð með því að spá Úganda heimsmeistaratitlinum í fótbolta. Því miður kom ekki fram hverja liðsmenn Úganda öttu kappi við í lokaleiknum, né hvers konar íþrótt „höfuðstökk“ sé – en sigur Ungverja í henni þótti í það minnsta markverður.

Galsi færist í spámanninn í lokasetningum hins bráðskemmtilega pistils, þar sem sagt er frá heimsmeti bandaríska beljakans John Long Strong í kringlukasti. 86,86 metra kastið hans slær þó rækilega við gildandi meti upp á rúma 74 metra sem austurþýskur kastari náði fyrir þremur áratugum. Og um síðustu aldamót var heimsmetið í 5.000 metra hlaupi 12 mínútur og 39 sekúndur en ekki 12:01 og var í eigu Eþíópíumannsins Haile Gebrselassie en ekki Danans Tofusprenge, þótt það hefði óneitanlega verið mun skemmtilegra!



# SKRIFSTOFU-SKÓLI NTV OG MÍMIS

## ER LANGT SÍÐAN ÞÚ VARST Í NÁMI EÐA VILTU STYRKJA ÞIG Í STARFI?



## HEFST 8. NÓVEMBER

**VERÐ: 49.000 KR**

ALMENNT SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM MEÐ ÁHERSLU Á AÐ STYRKJA EINSTAKLINGINN OG GERA HANN HÆFARI TIL AÐ TAKAST Á VIÐ KREFJANDI STÖRF. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT Í SAMVINNU VIÐ MÍMI-SÍMENNTUN OG ER SNIÐIÐ AÐ FÓLKI SEM HEFUR STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Daníel Stefánsson**

þarþjónn, starfsmaður TBR,

lést á heimili sínu Þverási 18 þann 28. október. Útför fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 10. nóvember klukkan 15. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Karitas.

**Karen Kristjánsdóttir**
**Drífa Daníelsdóttir** **Kristinn Skúlason**
**Mjöll Daníelsdóttir** **Guðmundur Viðarsson**
**Kristján Daníelsson** **Sigríður Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Þuríður Gísladóttir**

Kirkjubóli, Bjarnardal,

lést á Skjóli þann 30. október. Minningarathöfn fer fram í Laugarneskirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13. Jarðsett verður laugardaginn 12. nóvember kl. 14 í Holti, Önundarfirði. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skjóls.

**Sigurleifur Ágústsson** **Þórhildur Sverrisdóttir**
**Guðmundur Ingi Sigurleifsson** **Fríða Rakel Linnet**
**Benedikt Sigurleifsson** **Rebekka Sif Stefánsd.**



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra,

**Guðmundar Þórðarsonar**

frá Miðhrauni.

Starfsfólk Brákarhlíðar fær sérstakar þakkir fyrir umönnun og nærgætni.

**Anna Sesselja Þórðardóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**Ragnheiðar Pálsdóttur**

frá Hlíð, Gnúpverjahreppi.

**Páll Valdimarsson** **Björk Pálsdóttir**
**Ragnhildur Valdimarsdóttir** **Kári Jónasson**
**Valdimar Valdimarsson** **Guðrún Halldórsdóttir**
**Kristín Valdimarsdóttir** **Hörður Guðmundsson**
**Guðrún Jónsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Gísladóttir**

matráðskona, Þangbakka 10, áður Brún við Írafoss,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 23. október. Hún verður jarðsungin mánudaginn 7. nóvember kl. 11 frá Fella- og Hólakirkju. Þeir sem vilja minnast hennar láti minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans njóta þess.

**Gyða Kristinsdóttir**
**Elísabet Jónsdóttir** **Magnús Sveinþórsson**
**Ögmundur Jónsson**
**Gísli Jónsson** **Júlíana Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

# Pabbi var góður í skák

**Sigurjóna Björgvinsdóttir heldur jafnan skákmót heima hjá sér fyrstu helgina í nóvember til að minnast föður síns. Nú ber það upp á daginn sem hann hefði orðið 100 ára.**

Við erum alltaf með skákmót hér heima fyrsta laugardag í nóvember í minningu föður míns, Björgvins Abels Márussonar. Þetta er í 16. skiptið og ber nú upp á 100 ára fæðingarafmæli hans,“ segir Sigurjóna Björgvinsdóttir kennari og heldur áfram: „Pabbi var fæddur norður í Fljótum í Skagafirði og bjó þar lengst af. Hann var góður skákmaður, hafði óhemju gaman af að tefla og kenndi okkur það öllum krökkunum. Mótið er bara fyrir afkomendur hans og það hefur þróast skemmtilega.“

Sigurjóna segir þau systkinin hafa verið átta en að einn bróðir sé látinn og ein systirin komi aldrei á skákmótið. „Við hin erum nokkuð virk í þessu móti og afkomendurnir líka. Ég tók fljótlega upp á því að hafa viðurkenningarskjal fyrir yngsta keppandann til að laða börnin að og þau halda áfram að mæta þannig að það er margt ungt fólk sem teflir með okkur hinum sem eldri erum.“

Von er á þrjátíu og fimm til fjörutíu manns og reiknar Sigurjóna með 20 til 25 að tefla. Ekki veit hún hversu gamall yngsti keppandinn verður núna. „Ég veit aldrei fyrir víst hverjir koma. Það hefur alltaf verið nýr á hverju ári sem hefur fengið skjalið, því börnin eru mörg. Þeim finnst þetta gaman. Þau hitta líka frændfólk sitt,“ segir hún og kveðst hafa nóg borðpláss. „Ég fæ lánuð skákborð í Breiðholtsskóla sem ég kenni í, svo dreifum við okkur út um allt.“

Kaffi, kleinur og rúgbrauð eru hefðbundnar veitingar hjá Sigurjónu við þetta tilefni. Auk þess kemur mágkona hennar alltaf með pulsuhorn og af því að um aldarafmæli er að ræða nú ætlar hún að baka marengstertu. „Ég ákvað strax í upphafi að veitingarnar mættu aldrei verða aðalatriði og hef haldið í að hafa þær fábrotnar,“ segir Sigurjóna sem teflir sjálf á mótinu auk þess að stjórna því. „Við teflum sex umferðir og þetta er dálítið kerfi, því um alvörumót er að ræða,“ segir stjórnandinn.

**gun@frettabladid.is**



**Sigurjóna heldur skákmótið heima hjá sér, stýrir því og teflir líka sjálf.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ástkær eiginmaður, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Hrafn Pálsson**

skrifstofustjóri og hljóðfæraleikari í Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 2. nóvember sl.

**Vilborg G. Kristjánsdóttir**
**Halldór Hrafnsson**
**Jóhann Gísli Jóhannsson** **Guðrún Aldís Jóhannsd.**
**Heiða Elín Jóhannsdóttir** **Guðjón Guðmundsson**
**Guðrún Jóhannsdóttir** **Kolbeinn Pálsson**
**Kristján Jóhannsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Margrét Pálsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Þökkum hlýjar kveðjur og vináttu sem okkur var sýnd við fráfall elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Svanhvítar Tryggvadóttur**

Ólafsfirði,

sem lést þann 19. október sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hornbrekku, Ólafsfirði, sem annaðist hana af einstakri hlýju og alúð.

**Guðrún Gunnarsdóttir** **Jón Gunnarsson**
**Finnur Viðir Gunnarsson** **Hrefna Magnúsdóttir**
**Bergur Gunnarsson** **Rósa María Vésteinsdóttir**
**Gunnar, Svanhvít, Magnús, Gunnar Konráð, Freydís Þóra og Katrín Ösp**



Við sendum okkar bestu þakkir fyrir hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

**Þorbjargar Bergsteinsdóttur**

**(Tobbu)**

frá Ási,

sem lést mánudaginn 3. október sl. Sérstaklega þökkum við starfsfólki Sjúkrahússins á Seyðisfirði og Dyngju á Egilsstöðum fyrir einstaka umönnun. Guð veri með ykkur öllum.

**Þorbjörn Bergsteinsson**
**Jón Bergsteinsson** **Birna Stefánsdóttir**
**Ásta Magnúsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir og afi,

**Sigurjón Kristjánsson**

Barkaleitet 1, Bergen, Noregi,

lést á líknardeild Rauða krossins í Bergen 18. október. Útförin fór fram í Åsane gamle kirke í Bergen 25. október. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Elley Kristmundsdóttir**
**Sigurlína Klara**
**Sandra**
**Kristján** **Amanda**
**Magne**
**Gísli**
**Ingrid Sofie**




SJÓNVARP BYLGJAN.IS BYLGJUAPPIÐ ÚTVARP

HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN 30 ÁRA 989

# Hef sinnt fimm ættliðum í sumum fjölskyldum

**Katrín Fjeldsted, læknir og fyrrverandi borgarfulltrúi og þingmaður, fagnar sjötugsafmæli sínu á morgun. Hún ætlar að bjóða fjölskyldunni í mat og hafa hann grískan.**

„Ég er nú af langlífisætt. Móðir mín, Jórunn Viðar, er að verða 98 ára, mamma hennar varð 93 og amma hennar líka. En við af kók- og prinspólókynslóðinni lifum kannski ekki eins lengi,“ segir Katrín Fjeldsted glaðlega þegar hún er spurð hvernig aldurinn fari með hana. Hún verður nefnilega sjötug á morgun, stelpan. Hvernig skyldi hún ætla að verja afmælisdeginum? „Ég ætla bara að bjóða fólkinu mínu í hádegismat, það verður grískt þema,“ upplýsir hún.

Katrín er nýhætt að vinna í heilsugæslunni í Reykjavík eftir 36 ár. „Ég var alltaf á sömu stöð, hún var fyrst í Borgarspítalanum en í Efstaleiti 3 frá aldamótum. „Auðvitað er mér eftirsjá að starfinu. Ég sakna fólksins, í sumum fjölskyldum hef ég kynnst fimm kynslóðum. Það eru forréttindi.“ Hún kveðst fyrst hafa verið að hugsa um að taka svæfingar sem sérgrein en komist að því að það væri miklu eðlilegra að verja ævistarfinu í að sinna vakandi fólki.

**Ást í læknadeildinni**

Í læknadeildinni hitti Katrín verðandi eiginmann sinn, Valgarð Egilsson, þau voru búin að eignast tvö börn áður en hún útskrifaðist. Þar sem Valgarður var farinn til Bretlands í framhaldsnám tók hún kandídatsárið þar og vann á tímabili 120 tíma á viku fyrir lág laun. Þau hjón urðu fyrir þungri sorg þegar sonur þeirra varð fyrir bíl í London og lést. „Þetta gerðist árið sem við fluttum heim. Við fórum út með tvö börn og komum heim með eitt,“ segir hún og röddin lýsir trega. „En síðan eignuðumst við tvo syni og nú eru barnabörnin orðin fimm, á aldrinum sex ára til sextán ára.“

**Störf í þágu borgar, þjóðar og álfu**

Katrín sat í borgarstjórn í tólf ár og á Alþingi í fjögur og hálft, auk þess að vera varamaður kjörtímabilin á undan og eftir. „Það var áhugavert að vera fulltrúi Reykvíkinga á þingi,“ segir Katrín sem kveðst Reykvíkingur í 6. lið í gegnum ættir móður sinnar, Jórunnar Viðar, og alin upp í miðbænum.

Um síðustu áramót lét Katrín af forsetaembætti í Evrópusamtökum lækna sem hún hafði gegnt frá 2013 þegar hún var kjörin fyrst kvenna. „Á undan mér höfðu verið 20 forsetar, allt karlar og þegar ég hætti tók karl við svo ég er sú eina sem hef komist upp úr glerþakinu,“ lýsir hún.

Spurð að lokum hvað hún ætli að gera í ellinni, svarar Katrín: „Mér finnst svo langt þangað til að ég er ekki farin að spá í það. En tómstundaiðjan er að lesa skáldsögur!“

gun@frettabladid.is



Katrín var að hugsa um að taka svæfingar sem sérgrein í læknisfræðinni en komst að því að það væri miklu eðlilegra að verja ævistarfinu í að sinna vakandi fólki.

**Móðir mín, Jórunn Viðar, er að verða 98 ára, mamma hennar varð 93 og amma hennar líka. En við af kók-og prinspólókynslóðinni lifum kannski ekki eins lengi.**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Ásmundur Pálsson**

Reynimel 92, Reykjavík,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og þeim sem önnuðust hann í veikindum hans.

**Sófus Guðjónsson — Ingibjörg R. Vigfúsdóttir**
**Gylfi Geir Guðjónsson — Kristjana Elínborg Blöndal**
**Páll Sævar Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,

**Pamela S. Guest Erlendsson**

Mánabraut 4, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu þann 1. nóvember sl. verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 11. nóvember kl. 15.00.

**Haraldur G. Erlendsson**
**Róbert J. Haraldsson — Rósa Dögg Ómarsdóttir**
**Sara J. Haraldsdóttir — Sæþór Hallgrímsson**
**Aron Tómas Haraldsson**
**Elísabet Sif Haraldsdóttir — Gunnar Örn Arnarsson**
**og barnabörn**
**Stanley Guest, Robert Guest**

---



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Stefánsson**

löggiltur endurskoðandi,
Þorragötu 5, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Neskirkju, þriðjudaginn 8. nóvember klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Anna Jónsdóttir**
**Jón Sigurðsson — Ingveldur Sveinbjörnsdóttir**
**Stefán Sigurðsson — Helga Kristín Guðmundsdóttir**
**Björg Sigurðardóttir — Gunnar Baldvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Óskarsson**

fyrrverandi eftirlitsmaður,

lést á Hrafnistu í Reykjavík, sunnudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju, miðvikudaginn 16. nóvember, klukkan 15.00.

**Katrín Marteinsdóttir**
**Lilja Jónsdóttir — Ragnar Daníel Stefánsson**
**Marteinn Jónsson — Þórunn Björg Ásmundardóttir**
**Kristján Jónsson — Kristín Ólöf Jansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðarför móður okkar,

**Guðveigar Bjarnadóttur**

frá Skaftafelli í Öræfum,

síðast til heimilis að dvalarheimilinu Grund við Hringbraut.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurður, Þorsteinn, Bjarni, Guðlaugur Heiðar og Guðlaug**

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts

**Guðlaugar Hönnu Friðjónsdóttur**

Hjallabraut 33, Hafnarfirði.

**Hulda Ó. Scoles — Dave Scoles**
**Anna Ólafsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir — Adolf Örn Kristjánsson**
**Friðjón Ólafsson — Erna Hrönn Herbertsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinn Jóhann Þorláksson**

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést miðvikudaginn 2. nóvember. Útförin fer fram miðvikudaginn 9. nóvember kl. 13.00 frá Akraneskirkju. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Höfða.

**Hjördís Guðrún Hjörleifsdóttir**
**Petrún Berglind Sveinsdóttir — Grímar Teitsson**
**Guðmundur Andrés Sveinsson**
**Sonja Sveinsdóttir — Jens Heiðar Ragnarsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



Ástkær bróðir okkar,

**Olgeir Jón Jónsson**

Hafnargötu 70, Keflavík,

lést á heimili sínu, þriðjudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Þórdís Guðný Jónsdóttir Harvey**
**Hafdís Björnsdóttir Wright**
**Níels Jónsson Björnsson**
**Laufey Jónsdóttir**
**Auðunn Jónsson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorkell Elías Kristinsson**

Flétturima 28, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans þriðjudaginn 25. október verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

**Svava Ólafsdóttir**
**Guðrún Þorkelsdóttir**
**Jóhann Þorkelsson — Rannveig Alda Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sjöfn Hafdís Jóhannesdóttir**

Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

lést mánudaginn 31. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélagið Göngum saman.

**Jón Árni Rúnarsson — Hulda Jakobsdóttir**
**Jóhannes Rúnarsson — Lilja Bjarnþórsdóttir**
**Rannveig Rúnarsdóttir — Kári Tryggvason**
**Sigurður Rúnarsson — Elín Hallsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

SKEGG RASPÚTÍNS EFTIR GUÐRÚNU EVU MÍNERVUDÓTTUR

# ÁHRIFAMIKIL OG RAUNSÖNN!




Hrífandi skáldævisaga um hlutskipti kvenna, samskipti kynjanna og þau sannindi sem draumar geyma, eftir einn af okkar allra fremstu rithöfundum.

Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2011 fyrir Allt með kossi vekur og Menningarverðlaun DV fyrir *Yosoy* árið 2006 og *Englaryk* árið 2014

BJARTUR

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

1 Setja skellur á eigin hjört fyrir þvottaefnið (15)
10 Ef lína myndast eftir leiðslu er stutt í óttann (6)
11 Spyr þá ringlaður smyrill smið um angandi smurninguna (11)
13 Allt um stúkustingi í lagabálki (10)
14 Stökk spila um veiklyndi (11)
15 Fleygir þessu á móti og kastar svo mæðinni (9)
16 Drep tímann í eilífðinni (11)
18 Fjarlægið barnið með dínamíti (10)
19 Kem þar til gerðum köplum í samband (11)
20 Tek borgarstjóra með á Skjóna á dómsdag (8)
24 Tjóntegund minnir á illvirki (8)
28 Tókst það sem ég var með (5)
30 Enda er hann aumur eftir endaker (7)
32 Sveif umhverfis Jörðina í geimfari (10)
34 Fanga sporarnir fiskikóngana? (11)
35 Styður Öðling og Búra ef rétt föt finnast (10)
36 Það sem kyndir miðjuna leitar hjarta kjarnakljúfsins? (11)
38 Þær forðast bæði sting og störf (10)
39 Potum í pæ í Sörubaukum og spesíustaukum (11)
40 Bættu hin glötuðu S og allt það rugl (8)
41 Mælskur er hann og beittur (6)
42 Spotta konu á lausan stól (5)

**LÓÐRÉTT**

1 Snúum upp á breka með boðafallaflekum (11)
2 Sjóðandi ill í dráttarvagninum (11)
3 Aðalatriðið er hvenær hún er sögð (11)
4 Hörkugripur eða stæling hans? Vart má á milli sjá (11)
5 Bannað að tala illa um son sólarinnar og herra (5)
6 „Velkomin“ stendur á útidyrunum. Svo kemur aðalmálið (11)
7 Útbý miðnætursnarl fyrir gæslumenn grímunnar (10)
8 Ef hvöt hrópa húrra Brúskur! er það út af vírusnum (10)
9 Ég vil kubb af krummafiski, besta hluta þorsksins (10)
12 Einar lak í liðugra lið, enda í uppnámi (8)
17 Að merkja kamra er algjört bull (5)
21 Hér má líta ísbreiðu öreiga (11)
22 Féll þar hin hreina sál norðlensku baukanna (7)
23 Hryggir með kjaft um blóm (7)
25 Land og lýður, bú og búsmali; mín gagnamiðlun hefur allt! (10)
26 Brúka holt sem brúkleg eru (10)
27 Fæ kynbótastarf í stað föðurarfs sem hvarf (10)
28 Getur ímyndað fárviðri hreyft vind ef stíft er hugsað? (10)
29 Bjarg þjóðsagnahrossa og vatnaplantna (10)
31 Klárlega kommúnískt, enda ljómandi blóðugt (9)
33 Vissu allt um þá frægu (7)
37 Nei, ég mun aldrei sætta mig við steininn í miðbænum (5)





Lausnarorð síðustu viku var

**KOSNINGALOFORÐ**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Íslensk ofurfæða** eftir **Áslaugu Snorradóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Árni Páll Ragnarsson, Reyðarfirði.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist skelfileg truflun. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „5. nóvember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.






# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Tígulslemma eftir opnun andstöðu

Sveit Jóns Baldurssonar er á toppnum í Deildakeppni BSÍ með góða forystu, 222,59 stig, í fyrstu deild þegar 3 umferðum er ólokið. Spilarar í sveit Jóns auk hans eru Sigurbjörn Haraldsson, bræðurnir Birkir og Steinar Jónssynir, Aðalsteinn Jörgensen og Sverrir Ármannsson. Sveit JE Skjanna er í öðru sæti með 186,71 stig. Sveit Logoflex leiðir naumlega í annarri deild með 157,47 stig. Keppnin er spiluð í BR . Spil dagsins er frá síðasta spilakvöldi í keppninni. Austur var gjafari og enginn á hættu. Tígulslemma stendur á hendur NS. Erfitt var að ná tígulslemmunni í sögnum eftir opnun austurs. Austur gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ 7
♥ ÁK1092
♦ ÁKDG53
♣ D

**Vestur**
♠ G102
♥ 864
♦ 84
♣ 109763

**Austur**
♠ KD86
♥ DG75
♦ 107
♣ Á85

**Suður**
♠ Á9543
♥ 3
♦ 962
♣ KG42

Spilið var spilað á 18 borðum. Tígulslemma náðist á fimm borðum í NS, lokasamningurinn var 3 grönd á 7 borðum, 5 ♦ á 3 borðum, tvö borð spiluðu tígulbút og eitt borð hjartabút. Flestir stóðu tígulslemmu með því að fría tvo slagi á lauf og trompa eitt hjarta. Ef suður kemur inn á spaðasögn og norður segir tígulsögn, er lykilatriði til að ná slemmunni að suður taki undir tígullitinn.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Kwilecki átti leik gegn Relinski í Poznam árið 1953.

**1. Df6! 1-0.** Drepi svartur á **e7** mátar hvítur með **2. Dh8.** Unglingameistaramót Íslands – minningarmót um Svein Gunnar Gylfason fer fram um helgina í húsnæði SÍ.

**www.skak.is:** Allt um Unglingameistaramótið.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 |




| 2 MARAÞON NOW | SÉRSTAÐA STÖÐ 2 MARAÞON NOW | NETFLIX |
|---|---|---|
| JÁ | ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA | NEI |
| JÁ | TEXTAÐ EFNI | AÐEINS AÐ HLUTA |
| JÁ | TALSETT BARNAEFNI | AÐEINS AÐ HLUTA |
| JÁ | HBO | NEI |
| JÁ | ÍÞRÓTTIR OG FRÉTTIR | NEI |
| NEI | ERLENT NIÐURHAL (AUKINN KOSTNAÐUR) | JÁ |
| JÁ | GREIÐA TIL STEF | NEI |
| JÁ | GREIÐA SKATTA Á ÍSLANDI | NEI |

365

*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.

# Rennum á hljóðið

## LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Njótum fjölbreyttrar tónlistar, veitinga og mannlífs í magnaðri Airwaves-veislu í miðborginni. Kíktu í bæinn og gerðu góð kaup í skemmtilegu umhverfi. Opið í verslunum til 17:00 og víða lengur.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.**

KÚNÍGÚND
SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

**20% afsláttur af öllu nema KitchenAid vörum.**

Laugavegi 53b

DIMMALIMM

**15% afsláttur af öllum vörum.**

Laugavegi 53b

TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN

**20% afsláttur af öllum hönskum.**

Laugavegi 103

CENTER HOTELS

**Off venue tónleikar á þremur hótelum frá fimmtudegi fram á laugardag.**

Plaza, Þingholti, Arnarhvoli

Brim

**Full búð af nýjum, tollfrjálsum vörum.**

Laugavegi 71

38 ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813

**20% afsláttur af öllum vörum.**

Laugavegi 49

HÖFNIN Restaurant

**Íslenski veitingastaðurinn við Reykjavíkurhöfn.**

Geirsgötu 7

Reiðhjólaverzlunin Berlin
Klassísk hjól og fatnaður

**Nú hjólum við í nóvember! 20% afsláttur af öllum hjólum í dag.**

Geirsgötu 5A

Ullarkistan

**20% afsláttur af Safa ullar- og silkifatnaði og Janus sumarull fyrir börn og fullorðna.**

Laugavegi 25

EINVERA

**20% afsláttur af Miista skóm, Eyland Jewellery og Dylan Kain. 30% af völdum vörum.**

Laugavegi 35

Brynja
Stofnað 1919

**Lykilverslun við Laugaveginn.**

Laugavegi 29

66° NORÐUR

**Opið til kl. 22 í kvöld.**

Laugavegi 17–19 og Bankastræti 5

DOGMA
www.dogma.is

**dogma.is**

Laugavegi 32

Verslunin KOS

**30% afsláttur af öllum vörum.**

Laugavegi 94

BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG

**Kvosin – Matvörumarkaður**
Verið velkomin.
Aðalstræti 6–8

**GullBúðin – Bankastræti**
20% afsláttur af öllum vörum.
Bankastræti 6

**MYCONCEPTSTORE**
15% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 45

**Lífstykkjabúðin**
Full búð af nýjum vörum.
Laugavegi 82

**Vínberið – Sælkeraverslun**
Súkkulaði fyrir sælkera.
Laugavegi 43

**GÞ Skartgripir & úr – 1925**
20% afsláttur af öllum vörum.
Bankastræti 12

**Anna María Design – Gullsmiður**
Úrval handsmíðaðra skartgripa.
Skólavörðustíg 3

**Gullsmiðir Erling · Helga Ósk – Hverfisgötu 39**
Vandað handverk, sérstök hönnun og einstök upplifun.
Hverfisgötu 39

**GK Reykjavik**
10% afsláttur af öllum vörum.
Skólavörðustíg 6

**Fló & Fransí**
10% afsláttur af öllum vörum.
Klapparstíg 44

**Hókus Pókus**
Ykkar skemmtun er okkar fókus — hokuspokus.is.
Laugavegi 69

**karlmenn**
Rýmingarsala vegna flutninga. 50% afsláttur.
Laugavegi 7

**Steini – #steinidesign**
15% afsláttur af öllum vörum.
Skólavörðustíg 40

**Flash**
20% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 54

**Michelsen Úrsmiðir**
20–30% afsláttur af Daniel Wellington, Armani, Nomination og fleiri merkjum.
Laugavegi 15

**eva**
15% afsláttur af skóm alla helgina.
Laugavegi 26

**aurum – Lífstíll**
Stuð og stemning.
Bankastræti 4

**aurum**
Stuð og stemning.
Bankastræti 4

**Kjólar & Konfekt**
20% afsláttur af öllum skóm og snyrtivörum.
Laugavegi 92

**GEYSIR**
20% afsláttur af öllum vörum yfir Airwaves–helgina. Opið til kl. 22 í kvöld.
Skólavörðustíg 7 og 16

**VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM MIÐBORGARHJARTAÐ SLÆR!**
**MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN**

MIÐBORGIN OKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 224

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,“ bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | 5 | 7 | | |
| | | 1 | | | | | | |
| 2 | 3 | 5 | 8 | 7 | 9 | 6 | | |
| 5 | | | | 2 | 6 | | 1 | 9 |
| | 2 | | 1 | 9 | | | | 5 |
| 1 | | | | | | | | |
| | | 3 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | 1 | | 7 | | | | 5 | |
| | 4 | 2 | 6 | | 3 | | 8 | 7 |



## Leikurinn – Hvísl

Leikurinn hefst á því að leikmenn setjast í hring. Sá sem „er hann“ á að hvísla einhverri spurningu í eyrað á næsta manni sem hvíslar að næsta manni og svo koll af kolli.

Sá sem er síðastur í röðinni og næstur spyrjandanum á að svara spurningunni upphátt.

Þar sem spurningin vill oft breytast á leiðinni getur verið gaman að heyra svarið.

Sá sem svaraði á svo að búa til nýja spurningu og láta hana ganga sama hring.


## Félagsfundir

MATVÍS boðar til félagsfunda með sveinum og nemum

Fundirnir verða haldnir í húsakynnum félagsins Stórhöfða 31 í Reykjavík og á Akureyri á Hótel Kea.

**8. nóvember** félagsmenn í matreiðslu og framreiðslu kl. 15.00 í Rvk.
**9. nóvember** félagsmenn í matreiðslu og framreiðslu kl. 14.30 á Ak.
**9. nóvember** félagsmenn í bakstri kl. 15.30 á Akureyri
**9. nóvember** félagsmenn í kjötiðn kl. 17.00 á Akureyri
**16. nóvember** félagsmenn í bakstri kl. 15.00 í Reykjavík.
**16. nóvember** félagsmenn í kjötiðn kl. 17.00 í Reykjavík


# Skemmtilegast að vera Þór þrumuguð

**Rúnar góði** er aðalsöguhetja í samnefndri bók eftir Hönnu Borg Jónsdóttur sem er nýkomin út. Hann er fróður um hvernig fólk á að haga sér til að brjóta ekki barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

**Rúnar, af hverju ertu kallaður Rúnar góði?** Af því að ég vil vera góður við alla, stóra sem smáa og ég vil að aðrir séu þannig líka. Og svo finnst mér svo gott að knúsa fólk sem ég elska. Sumir kalla mig líka Rúnar goða, því ég vil alltaf leika Þór.

**Ertu stundum í slagsmálum?** Nei, aldrei. Það má aldrei nota ofbeldi, enginn og aldrei. Ég vil að allir séu vinir, þannig er allt svo langbest. Ef fólk er eitthvað ósátt þá á það að leysa málin með orðunum sínum. Samt þarf líka alltaf að passa upp á orðin sín og ekki segja neitt ljótt, því orðin geta líka meitt.

**Hvernig þykistuleiki ferð þú helst í?** Ég elska allar ofurhetjur og ofurhetjuleiki. Ég fæ oft systur mínar til að leika með mér. Mér finnst skemmtilegast að vera Þór þrumuguð.

**Ertu fljótur að hlaupa?** Já, núna hleyp ég mjög hratt. Ég er búinn að vera að æfa mig og reyni að taka nokkur spretthlaup á dag. Ég elska að hlaupa.

**Hver er besta vinkona þín?** Besta vinkona mín heitir Fatima. Hún er ótrúlega klár og skemmtileg og svo er hún svakalega góð í fótbolta. Hún er svo dugleg, hún lærði íslensku á einu ári eftir að hún þurfti að flytja hingað til Íslands því það var ófriður í heimalandinu hennar. Svo eru systur mínar líka miklar vinkonur mínar.

**Spilar þú á hljóðfæri?** Já, ég spila á gítar. Fyrst byrjaði ég að æfa á píanó en ég vildi heldur spila á gítar. Ég sagði mömmu og pabba frá því og fékk að skipta. Börn eiga að fá að segja frá því hvað þeim finnst og hvernig þeim líður og það á að hlusta á þau.

**Færð þú að ráða þér sjálfur?** Stundum fæ ég að ráða og stundum ekki. Mamma og pabbi þurfa auðvitað að passa upp á mig og vita oft best hvað er best fyrir mig. Þess vegna þarf ég stundum að vera með húfu þó að mér sé ekki kalt og stundum að fara að sofa þó að ég sé ekki þreyttur. Stundum fæ ég samt að ráða, ef það sem ég vil er líka gott fyrir mig, eins og að læra á gítar en ekki píanó og hvort ég sé með slaufu eða ekki slaufu þegar við förum í veislur.



## Listaverkið




Antoni Paszek sendi okkur þessa mynd. Á henni er kall með plánetuhaus og plánetur og bumba að labba á eftir honum.

# HELGARSTEIKIN Á FLOTTU TILBOÐSVERÐI




GOÐA HRYGGUR FROSINN
Verð aðeins
1.699
Verð áður 1.999 kr. kg
Kr. kg.

SS LÆRI FROSIÐ
Verð aðeins
1.199
Kr. kg.

NAUTALUNDIR ERLENDAR
Verð aðeins
3.999
Kr. kg.

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hægur vindur og bjart veður, en skýjað og lítils háttar úrkoma á köflum suðvestan- og vestanlands. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig við ströndina, annars vægt frost.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 7° | Oslo 2° | Stokkhólmur 3° | Gautaborg 4° | Helsinki -3° | Þórshöfn 7° | Nuuk 3° |
| London 7° | Amsterdam 11° | Paris 10° | Berlin 8° | Madrid 14° | Brussel 10° | Róm 20° |
| Boston 3° | New York 5° | Orlando 19° | Moskva -2° | Singapúr 27° | Tókýó 12° | Sydney 17° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **05.37** | **11.45** |
| 3,74m | 0,49m |
| **17.48** | **23.57** |
| 3,73m | 0,43m |
| **Akureyri** | |
| **09.56** | **04.03** |
| 1,41m | 0,39m |
| **22.10** | **04.08** |
| 1,33m | 0,35m |
| **Ísafjörður** | |
| **07.41** | **01.35** |
| 2,08m | 0,35m |
| **19.40** | **13.51** |
| 2,06m | 0,38m |

## Tunglstaða

Vaxandi

4%

Sólarupprás:

09.02

Sólarlag:

17.18

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↑13 | 9° ↑13 | 6° ↗16 | 4° ↗7 | 5° ↖12 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↑17 | 7° ↗15 | 4° ↗17 | 1° ↑7 | 1° ↖6 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↑10 | 8° ↑12 | 3° ↑15 | 1° ↑3 | -1° ↑5 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ↑6 | 8° ↑9 | 4° ↑15 | 3° ↖8 | -0° ↑5 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↙4 | 6° ↑2 | 3° ↗9 | 2° →5 | 1° ↙6 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NÝ VERSLUN Í SMÁRALIND
OPNAR Í DAG
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM UM HELGINA
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM Í SKÍÐADEILD*
SKÍÐA- OG ÚTIVISTARDEILD
ER FLUTT Í NÝJU VERSLUNINA Í SMÁRALIND
*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir aðeins í Smáralind.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ARNASYNIR

# Áhugavert samtal við umhverfið

MYNDLIST

★★★★☆

**Bygging sem vera og borgin sem svið**

**Egill Sæbjörnsson sýnir í Hafnarborg**

**Sýningarstjóri:** Ágústa Kristófersdóttir

Það er ekki oft að við veitum byggingum í okkar eigin borg eftirtekt. Í Hafnarfirði mætast andstæðurnar í nútíð og fortíð. Eldri byggingar með náttúruna í bakgarðinum standa innan um byggingar reistar í nútímalegum stíl. Egill Sæbjörnsson setur bæinn í forgrunn í innsetningu sem dregur upp tengsl okkar við umhverfið.

Í tengslum við viðburðinn Bakarí í vor bauð hann fólki að búa til hluti úr deigi. Síðan var það bakað og er það til sýnis í einum hluta salarins nú en í hinum hlutanum hafa nokkrir þeirra verið stækkaðir upp. Allir hlutirnir tengjast byggingum á einn eða annan hátt. Hurðir, svalir, ljósastaurar eða jafnvel innbú. Öll erum við hluti af borg eða bæ og því var útfærslan með aðkomu fólks, okkur borgaranna sjálfa vel hugsuð. Listamaðurinn færir áhersluna af honum sjálfum og yfir á umfjöllunarefnið. Þannig nær boðskapurinn að eiga erindi og samtal við almenning.

Hlutirnir á sýningunni eru eins og úr ævintýri. Lífræn form gáfu tilfinningu um náttúrlegt flæði þorps. Þó ber það með sér sterilíserað yfirbragð í hvíta salnum. Það kemur heim og saman við nýlegar sterilíseraðar byggingar sem eru eins og verur án andlits. Módernískur arkitektúr hvarf frá fyrrum hugmyndum um byggingar, þær urðu einfaldari og við gerð þeirra varð þung áhersla á greiningu á notagildi. Spurningin er, erum við ánægðari í þess konar umhverfi?

Hægt er að hugsa sér að byggingar eru eins og verur og borgin er svið þar sem fólk lifir í ævintýri. Fólk á í stöðugum samskiptum við byggingarnar, þar býr það og starfar. Það er ekki hægt að segja að við séum stödd í góðu og skemmtilegu ævintýri þegar það er ekkert nema einfalt yfirborð og skipulögð steypa. Agli tekst að skapa grundvöll fyrir umræðu um samband okkar sem borgarbúa við byggingarnar okkar. Eitthvað sem flestir ef ekki allir taka sem sjálfsögðum hlut.

Á sýningunni eru viðtöl við aðila sem koma að uppbyggingu og skipulagi Hafnarfjarðarbæjar ásamt viðtali við listamanninn. Það er gagnlegt stuðningsefni við sýninguna en án þess hefði sýningin ekki náð að standa ein og sér. Það vantaði upp á dýnamík sem hefði knúið fram persónulegt samtal.

Í tengslum við sýninguna benti Egill á að Hafnarfjörður væri í eins konar krísu þar sem helst má líkja bænum við ungling. Bærinn er ekki búinn að fatta hver hann er og hermir eftir öðrum. Það má þá segja að hann þarf aðeins að koma auga á fegurð sína sem hefur verið þarna alla tíð í stað þess að reyna að samlagast hópnum.

Verðmæti sem ekki eru metin til fjár eru fólgin í náttúrulegra umhverfi. Umhverfi sem gerir líf borgarbúanna innihaldsríkara.

**Júlía Marinósdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð sýning sem nær að vekja upp spurningar um samband okkar við umhverfið á uppbyggilegan hátt.



Frá sýningunni Bygging sem vera og borgin sem svið, sem Egill Sæbjörnsson sýnir í Hafnarborg.


LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 34. STARFSÁR

THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 34TH SEASON



REQUIEM

KÓRTÓNLEIKAR Á ALLRA HEILAGRA MESSU

CHOIR CONCERT IN HALLGRIMSKIRKJA ON ALL SAINT'S DAY

SUNNUDAGINN 6. NÓVEMBER KL. 17

SUNDAY NOVEMBER 6TH AT 5 PM

EFNISSKRÁ / PROGRAMME:

Sigurður Sævarsson: **REQUIEM** (frumflutningur - PRÉMIÉRE)

Hugi Guðmundsson: **Fyrir ljósi myrkrið flýr**

Kjell-Mörk Karlsen: **Missa defunctorum** (Requiem)

FLYTJENDUR / performers: SCHOLA CANTORUM

STJÓRNANDI / Conductor: Hörður Áskelsson

AÐGANGSEYRIR / ADMISSION: ISK 3500

MIÐASALA / Ticket sale: Hallgrímskirkja s. / tel. 510 1000 og MIDI.IS ( online midi.is )

LISTVINAFELAG.IS • SCHOLACANTORUM.IS

Reykjavíkurborg

Ministry of Education, Science and Culture

Gunnar Eggertsson


# Kominn heim

BÆKUR

**Endurfundir**

★★★☆☆

**Orri Harðarson**

**Sögur útgáfa**

**231 bls.**

**Kápa:** Málverk Baski, hönnun Aðalsteinn Svanur Sigfússon
**Prentun:** Prentmiðlun, Pólland




Vorið 1991 stígur Ágúst Bergsson um borð í Akraborgina eftir að hafa beðið skipbrot drauma sinna í borginni sem aldrei sefur. Akranes er hins vegar steinsofandi þegar hann kemur heim og við fylgjumst með honum finna sér stað og takt í lífinu sem hann reyndi að flýja. Sagan er í fyrstu persónu og kemur fljótt í ljós að sjálfstraustið hjá Ágústi er ekki upp á marga fiska, hann er í ástarsorg og karlmennskukrísu eftir að kærastan hafnar honum fyrir konu, draumarnir um að verða kvikmyndagerðarmaður löngu flosnaðir upp enda helst innblásnir af vídeóleigunni sem varð honum gluggi inn í annan heim og flóttaleið frá framtíðinni. „Þá stóð maður með vasadiskó við flökunarvél og lét sig dreyma um annarskonar tilvist. Rauðan dregil og gylltan Óskar.“ (bls 14). Draumurinn var þannig aldrei um kvikmyndagerðina heldur bara að komast burt.

Eftir heimkomuna er ekki annað í boði en að taka upp þráðinn, Ágúst fer að vinna í frystihúsinu og samlagast bæjarbragnum að nýju og finnur sér samfélag með þeim af jafnöldrunum sem eftir eru. Persónurnar eru margar hverjar skrautlegar. Allir hafa viðurnefni og sögu, allir eiga sér stað í goggunarröðinni í plássinu og þessir litskrúðugu karakterar gera lífið skemmtilegra, jafnvel þó sú skemmtun sé ljúfsár vegna þess að sögurnar þeirra eru oft á tíðum sorglegar. En eins og höfundurinn segir á einum stað: „Tóti er krydd í tíðindalausa tilveruna, Fær mann til að hlæja og gleyma. Slíkt er ómetanlegt í einmanalegum heimi þar sem ástin á sífellt erindi við aðra.“ (bls. 153). Grínið er aldrei langt undan en líka vonleysi og dugleysi þess sem rífur sig lausan en þarf svo að festast upp á nýtt.

Ástin er mikilvægt hreyfiafl í sögunni um Ágúst, ástin sem brást enda aldrei honum ætluð, ást eða ástleysi foreldra hans og svo er það gamla skólaástin sem tendrast á ný og verður að lokum til að hann sættist við þau örlög sín að hann er ekki sá sem fór heldur sá sem kom aftur og var um kyrrt.

Endurfundir er önnur skáldsaga Orra Harðarsonar en sú fyrsta, Stundarfró, gerist árið 1989 svo það er augljóst að Orri kann vel við sig á þessum tímaslóðum. Eins má til gamans geta þess að fyrsta sólóplata Orra, Drög að heimkomu, kom út 1993 og að Orri er uppalinn að minnsta kosti að hluta á Akranesi svo það má velta fyrir sér sjálfsævisögulegum tengingum. Þess ber þó að geta að söguhetjan Ágúst sver af sér mestalla tónlistargáfu þrátt fyrir viðkomu í unglingahljómsveitum og forláta gítareign en Orri á hinsvegar farsælan feril sem trúbador og upptökustjóri. Einhverjir geta mögulega lesið söguna Endurfundir sem stílfærða eða jafnvel raunsanna lýsingu á lífinu á Akranesi fyrir 25 árum, og jafnvel borið kennsl á persónur, staðhætti og sögur. En það skiptir ekki máli, sagan af Ágústi Bergssyni hefði getað gerst víða.

Orra Harðarsyni lætur vel að segja sögur og lýsa persónum en ekki síður að miðla tilfinningum og andrúmslofti af næmni og kímni í bland. **Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og vel skrifuð skáldsaga, fyndin en með tregablöndnum undirtóni.

# BARNABÓKAHÁTÍÐ PENNINN EYMUNDSSON Í KRINGLUNNI

# Í DAG

## HÖFUNDAR LESA OG ÁRITA • LÍMMIÐAR Í BOÐI
## BÓKAMERKI • GOTT Í GOGGINN • KYNNINGARVERÐ
## KL 14:00 - 16:00 - ALLIR VELKOMNIR




VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 3.499.-

Búðarferðin




VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 3.499.-

Feimnispúkar




VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 3.499.-

Letipúkar




VILDARVERÐ: 1.999.-
Verð: 2.499.-

Amma óþekka og tröllin í fjöllunum




VILDARVERÐ: 1.999..-
Verð: 2.699.-

Afi sterki og skessuskammirnar




VILDARVERÐ: 1.999..-
Verð: 2.699.-

Amma óþekka og huldufólkið í hamrinum



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir frá 5. nóv. til og með 9. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Óslökkvandi þrá sem jókst með árunum

**Listfengið setur svip á heimili Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá og atburðir lifna við í frásögnum hennar, hvort sem þeir eru nýliðnir eða frá 19. öld. Nú hefur hún gefið út listaverkabók í eigin nafni. Mig langar að forvitnast frekar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Ég er hér uppi!“ kallar Kristín frá Munkaþverá og birtist brosandi á stigaskör fallegs fjórbýlishúss í borginni. Hún er eins og ung stúlka í fasi og útliti þó komin sé á níræðisaldur. Við göngum fram hjá litlu eldhúsi og gegnum borðstofu því Kristín býður í betri stofuna. Þar sest ég í stól sem hún hefur ofið áklæðið á og hef orð á að hún hafi margs konar list á valdi sínu. „Já, forvitnin stjórnaði því,“ segir hún brosandi. „Ég þótti spurult barn og í Handíðaskólanum rak forvitnin mig út í ýmsar tilraunir enda var abstraktlistin í algleymingi. Við nemendurnir lærðum vissulega að teikna og mála á akademískan hátt, leirmótun og meira að segja leikbrúðugerð en vorum líka örvuð í að nota allt mögulegt í listsköpuninni. Sverrir Haraldsson setti okkur fyrir að útbúa listaverk úr því sem við fyndum heima. Ein skólasystir mín átti föður sem var járnsmiður, hún gerði skemmtilegt verk en svo þungt að við gátum varla loftað því. Fjölskylda mín var fyrir norðan og ég bjó í mjög litlu herbergi með lítið í kringum mig. Útkoman varð sú að ég málaði bak af gamalli teikniblokk, lakkaði og límdi á það bast, appelsínubörk og bylgjupappír.“

Mynd af þessu frumlega verki er á bls. 21 í nýju bókinni hennar Kristínar, sem heitir einfaldlega Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá – og talið berst að henni.

## Praktísk bók

„Hugmyndin að bókinni varð til af praktískum ástæðum. Í júní í fyrra ákvað ég að skrá verkin mín sem eru uppi í risi, í vinnustofu úti í bæ og hjá vinum og ættingjum. Enginn veit sögu þeirra nema ég og mér datt í hug að best væri að gefa bara út bók svo upplýsingarnar væru á einum stað. Ég er samt algert barn í svona málum þótt ég hafi dálítið komið að útgáfu þegar Jón Óskar, maðurinn minn heitinn, var að gefa út bækur. Tæknin hefur breyst svo ég fékk gott fólk í lið með mér. Var svo heppin að fá Sigurð Svavarsson sem ritstjóra og dóttir mín, Una Margrét, og tengdasonurinn hafa verið mér mjög hjálpleg.“

Bókin hefst á rituðu máli, annars vegar um listferil Kristínar eftir Kristínu G. Guðnadóttur listfræðing, og hins vegar viðtali við hana sem Steinunn G. Helgadóttir, rithöfundur og myndlistarmaður, tók. Þar stiklar Kristín á stóru yfir lífshlaupið. En myndir af verkum hennar, gerðar með ýmiss konar tækni og stíl og úr ólíkum efnum, eru í öndvegi í bókinni. „Þetta átti alltaf að verða myndabók,“ áréttar hún.



Kristín með kassann sem hún málaði Munkaþverá á þegar hún var fimmtán ára og gaf foreldrum sínum í jólagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allnokkur verk í bókinni eru með rithönd Kristínar, sum þeirra á þæfðri ull. „Ég gerði dálítið af bókverkum, sjálfsagt bæði undir áhrifum frá manninum mínum sem var rithöfundur og líka því að alast upp á Munkaþverá, þar sem mikið var til af gömlum bókum og sagan var í hverju spori,“ segir hún, „Ég ólst upp undir handarjaðri kynslóðar sem var fædd upp úr miðri 19. öld. Á neðri hæðinni var til dæmis bróðir föðurömmu minnar sem hafði farið vestur um haf sem ungur maður en kom heim aftur eftir 55 ára útivist og hitti tvö systkini sín fyrir. Þau voru grúskarar og sífellt að tala um gamla tímann og það sem á dagana hafði drifið. Það fyrsta sem ég og elsti bróðir minn gerðum á morgnana var að renna okkur niður stigahandriðið og heilsa upp á þau. Pabbi var kominn yfir fimmtugt þegar ég fæddist og hafði líka mikinn áhuga á tengslum við fortíðina. Við vorum svolítið lík.“

Hefur þú listhneigðina frá honum? „Líklega úr hans ætt, að minnsta kosti. Ég hef heimildir fyrir því að þegar móðurbróðir hans, Jakob Jónsson, var átta eða níu ára hafi verið eftir því tekið að hann hefði teiknihæfileika. Það var 1857. Síðar gaf Jakob út sveitablað, fagurlega skrifað, lærði smíðar hjá Tryggva Gunnarssyni í Fnjóskadal og skreytilist í Kaupmannahöfn. Hann fékkst við rósamálun eftir heimkomuna en fór til Ameríku 1875, kom aldrei til Íslands aftur og núlifandi afkomendum hans er ókunnugt um listfengi hans.“



## Ætla að verða listmálari

Kristín kveðst alltaf hafa verið að teikna og lita þegar hún var barn þótt lítið væri um pappír. „Ég skreytti kúaskýrslurnar hans pabba og hvað sem var. Haldin óslökkvandi þrá sem jókst með árunum. Þegar ég var fimm ára sá ég grein í Fálkanum um myndlistarmenn, þar var mynd af konu sem hét Kristín Jónsdóttir og var listmálari. Ég benti á hana og sagði: „Ég ætla líka að verða listmálari þegar ég verð stór.“

Fimmtán ára komst Kristín í kynni við olíuliti. „Mig langaði að mála mynd af bænum okkar til að gefa foreldrum mínum í jólagjöf og maður frænku minnar lánaði mér litatúpurnar sínar. Ég málaði myndina á kassalok og skreytti hliðarnar með eyfirskum fjöllum og fossum. Svo fór ég að teikna andlitsmyndir og þótti ná svip af fólki. Það þótti einhver mælikvarði. Pabbi tók eftir þessu."

Leiðin lá í Menntaskólann á Akur-

**Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017**

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017**.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Í umsókninni skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: ***„Bæjarlistamaður 2016“*** eða á netfangið *soffia.karlsdottir@seltjarnarnes.is* **fyrir 25. nóvember**.

Menningarnefnd Seltjarnarness

www.seltjarnarnes.is SELTJARNARNESBÆR

